**SÆVAR GUÐMUNDSSON**

*Draumurinn um mótorhjólið varð að veruleika*

• bílar • ferðir • tíska

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**





**HÚS OG HEIMILI**

*Endingargóðir stólar*

Sérblað um hús og heimili

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**





Farsímalagerinn.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. febrúar 2007 — 54. tölublað — 7. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR



### Vinir á þingi

Alþingismennirnir grafa stríðsöxina um stundarsakir.

**FÓLK 54**

### Tíminn er ekki óvinur minn



Kontratenórinn Sverrir Guðjónsson stúderar söngnótur miðaldahandrita og klæðist fatnaði sem borgarar gjóa augum á. Hann hefur óþrjótandi áhuga á íþróttum, áætlanir um að framleiða timburmannate.

**HELGARVIÐTAL 28**

### Bið eftir kynjajafnrétti

„Launaleynd er stjórntæki þeirra sem eru á tindinum. Þekking er vald en leynd takmarkar slíkt vald við fámennan hóp," segir Sverrir Jakobsson.

**Í DAG 16**

### Óléttur dómari



Indíana Sólveig Marquez dæmdi sögulegan leik með Georgíu Olgu Kristiansen í fyrrakvöld en aldrei höfðu tvær konur dæmt saman í körfubolta. Indíana er komin 18 vikur á leið.

**ÍÞRÓTTIR 48**

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SYÐRA -** Í dag verður norðaustan 5-15 m/s, hvassast suðaustan til. Bjart veður sunnan til en éljagangur á landinu norðan- og austanverðu.

**VEÐUR 4**

# Samkeppnisyfirvöld rannsaki bankana

**Formaður Neytendasamtakanna vill að Samkeppniseftirlitið rannsaki Reiknistofu bankanna. Talsmaður neytenda bregst við hafi verið brotið á neytendum.**

**SAMKEPPNISMÁL** Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, kallar eftir því að Samkeppniseftirlitið rannsaki Reiknistofu bankanna og samstarfsfundi sem fulltrúar frá bönkum, sparisjóðum og kortafyrirtækjum halda reglulega í húsnæði Reiknistofu í Seðlabanka Íslands.

„Ég tel að þetta sé atriði sem samkeppnisyfirvöld eigi að skoða. Er þetta vettvangur sem myndi auðvelda að bankarnir hefðu með sér samráð? Ef svo er þarf að knýja á um að breytingar verði gerðar á eignarhaldi Reiknistofu bankanna til að tryggja virka samkeppni á fjármálamarkaði," segir Jóhannes.

Jóhanna Sigðurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði á Alþingi í síðustu viku að sameiginlegt eignarhald bankanna á Reiknistofu gæti skapað grundvöll fyrir það að bankarnir hefðu með sér samráð, meðal annars þegar þeir ákveða vexti og þjónustugjöld.

Helgi H. Steingrímsson, forstjóri Reiknistofu bankanna, hefur neitað að afhenda Fréttablaðinu fundargerðir frá fundunum. Fréttablaðið hefur sent Helga bréf þar sem farið er fram á að blaðið fái fundargerðirnar. Ef ekki verður orðið við þeirri ósk verður neitunin kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Stjórn Samtaka fjármálafyrirtækja hefur einnig neitað að afhenda Fréttablaðinu fundargerðir sínar.

Að sögn Jóhannesar er Samkeppniseftirlitið eina opinbera stofnunin sem hefur skilyrðislausan rétt á að fá að sjá fundargerðirnar og þurfi þess vegna að hefja rannsóknina til að tryggja eðlilega samkeppni á markaði.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, vill ekki taka afstöðu um hvort Samkeppniseftirlitið eigi að hefja rannsókn á Reiknistofu bankanna en segir að ef upp kemst að brotið hafi verið á hagsmunum neytenda þá muni hann láta til sín taka.

Gísli segir að hann rannsaki nú hvort há útskriftar- og seðilgjöld bankanna tengist Reiknistofu bankanna. Hann segist hafa fengið fjölmargar ábendingar frá neytendum um að gjöldin séu of há og að neytendur hafi lýst yfir efasemdum sínum um að gjöldin hafi verið ákveðin með löglegum hætti. Hann segist eiga von á að beina erindi til Reiknistofu bankanna út af þessum gjöldum. **- ifv**



**TUGÞÚSUNDIR AFGANA** Sameinuðu þjóðirnar hafa fordæmt ályktun afganska þingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afganska þingið ályktar:

## Vill sakaruppgjöf stríðsglæpa

**AFGANISTAN, AP** Um 25 þúsund fyrrum meðlimir íslamskra baráttusveita söfnuðust saman á fjöldafundi í Kabúl, höfuðborg Afganistan, í gær. Tilefni fundarins var að sýna stuðning við ályktun sem afganska þingið hefur samþykkt um að Afganar sem eru grunaðir um stríðsglæpi fái sakaruppgjöf.

Sumir kölluðu eftir dauða þeirra sem krefjast réttarhalda yfir stríðsherrum sem leiddu andspyrnuna gegn Sovétríkjunum á níunda áratugnum. Borgarastyrjöld sem braust út í kjölfarið í kostaði tugi þúsunda lífa. **- sdg**



**Á LANDSFUNDI VINSTRI GRÆNNA** Kolbrún Halldórsdóttir þingmaður og Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, spá í spilin á landsfundi flokksins í gær. Fundurinn er haldinn undir yfirskriftinni „Allt annað líf" á Grand hóteli og lýkur á morgun. **- sjá síðu 8** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úrræði fyrir barnaníðinga:

## Lyfjavönun tíðkast ekki hér

**BARNANÍÐINGAR** Þegar barnaníðingar, sem haldnir eru barnagirnd á háu stigi, eru hundeltir í samfélaginu hafa þeir engu að tapa og sjá engan tilgang í að halda aftur af sér. Ef þeim er gert ófært að búa í samfélaginu er næsta víst að þeir brjóta aftur af sér. Þetta er mat Braga Guðbrandssonar, forstjóra Barnaverndarstofu.

Barnaníðingar fá sálfræðimeðferð á vegum Fangelsismálastofnunar ef þeir vilja. Erlendis tíðkast að dæma menn til eftirlits eftir að afplánun lýkur, jafnvel að bera GPS-staðsetningartæki um fótinn og sums staðar tíðkast að dæma menn til efnafræðilegrar vönunar. Þetta tíðkast ekki hér. Lyfjavönun kemur þó til greina ef viðkomandi óskar. **- ghs/****sjá síðu 32**





2. TÖLUBLAÐ ER KOMIÐ ÚT KRONIKAN.IS


Annar erlendur milljarðamæringur bætist í hóp fjárfesta í íslensku fjármálafyrirtæki:

# Ríkasti Skotinn kaupir í Glitni

**VIÐSKIPTI** Sir Tom Hunter, sem sagður er auðugasti maður Skotlands, eignaðist í gær í það minnsta tveggja prósenta hlut í Glitni fyrir um átta milljarða króna. FL Group, stærsti hluthafinn í Glitni, keypti á sama tíma hlutabréf í bankanum fyrir 10,5 milljarða króna og nemur nú yfir tæpum þriðjungi hlutafjár.

Hunter er náinn viðskiptafélagi Baugs Group og hefur auður hans byggst upp á fjárfestingum í verslunargeiranum og fasteignaviðskiptum. Á síðasta ári tók Weast Coast Capital, fjárfestingafélag Skotans, þátt í kaupunum á House of Fraser ásamt Baugi, FL Group og fleirum. Félagið og Baugur voru einnig meðal kaupenda að Wyevale Garden Centres.

Sir Hunter annar erlendi milljarðamæringurinn sem gengur í raðir íslenskra fjármálafyrirtækja á skömmum tíma. Fyrir nokkrum vikum bættist Robert Tchenguiz í eigendahóp Existu þegar hann eignaðist fimm prósenta hlut í félaginu sem er um fimmtán milljarða virði.

Hlutabréf í Glitni hækkuðu um 1,11 prósent í gær í 29 milljarða króna veltu. Frá ársbyrjun hefur gengi bréfanna hækkað um fimmtung. **- eþa**







## SPURNING DAGSINS



*Reynir, er gaman hjá AFA?*

Já, ef forsíða Fréttablaðsins í gær er skoðuð má sjá að allir hjá AFA eru skælbrosandi út að eyrum.

Reynir Ingibjartsson er formaður AFA, Aðstandendafélags aldraðra. Hann tók við Samfélagsverðlaunum Fréttablaðsins í fyrradag en félagið þykir hafa sýnt elju í að vekja athygli á málefnum aldraðra.

Viðræður við Bandaríkjamenn um framtíð ratsjárkerfisins:

# Íslendingar taki við ábyrgðinni

**VARNARMÁL** Viðræður við Bandaríkjamenn um hvað taka skuli við þegar fjármögnun þeirra á rekstri Íslenska loftvarnakerfisins (IADS) sleppir í ágúst næstkomandi hófust í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel í gær.

Það er Ratsjárstofnun sem annast rekstur kerfisins, sem er hluti af loftvarnakerfi NATO, en í því felst að verkefnið er hernaðarlegs eðlis. Jón Egill Egilsson, forstöðumaður varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sem ásamt Jörundi Valtýssyni af skrifstofu utanríkisráðherra fór fyrir íslensku sendinefndinni í viðræðunum, tjáði Fréttablaðinu að fundurinn hefði verið á mjög jákvæðum nótum.

Af Bandaríkjanna hálfu sátu fundinn fulltrúar úr varnarmálaráðuneytinu í Washington. Að sögn Jóns Egils voru báðir aðilar sammála og samstiga um að vinna áfram að málinu með uppbyggilegum hætti. Til að byrja með sé viðfangsefni viðræðnanna að greina hvern þátt rekstrarins og hvernig því verður komið í kring að Íslendingar taki við ábyrgð á hverjum þeirra. Ákveðið var að halda viðræðunum fljótlega áfram, en óákveðið er þó hvar og hvenær næsti fundur fer fram.



**RATSJÁRSTÖÐIN Á STOKKSNESI** Íslendingar og Bandaríkjamenn eru byrjaðir að ræða framtíðarfyrirkomulag á rekstri ratsjárkerfisins.

Viðræður um málið verða einnig teknar upp á vettvangi NATO fljótlega. - aa

Maður hótaði vegfarendum:

# Lögreglumaður slasaðist á fótum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumaður slasaðist við handtöku á manni í Hafnarstræti í gærmorgun. Maðurinn sem er um tvítugt var undir áhrifum fíkniefna og hafði haft í hótunum við gangandi vegfarendur og heimtað af þeim peninga.

Þegar lögreglumenn komu á staðinn veitti maðurinn harða mótspyrnu með þeim afleiðingum að einn lögreglumannanna slasaðist á fótum og þurfti að leita sér læknis. Þrátt fyrir að maðurinn sé ungur að árum segir lögregla hann eiga sér langa afbrotasögu, einkum tengda fíkniefnaneyslu. - kdk

Heiðmerkurdeilan:

# Gunnar lofaði ódýru vatni

**UMHVERFISMÁL Kópavogsbær er skuldbundinn til að selja Garðabæ vatn á undirverði frá og með byrjun júlímánaðar, segir Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingar í bæjarstjórninni.**



**GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR**

**Til að standa við þá skuldbindingu sé nauðsynlegt að leggja vatnslögn gegnum Heiðmörk sem fyrst. Annars þurfi Kópavogsbær að öllum líkindum að kaupa vatnið af Orkuveitu Reykjavíkur á fullu verði og niðurgreiða það til Garðbæinga.**

**„Þetta gæti skýrt flumbruganginn í Gunnari I. Birgissyni bæjarstjóra og hvers vegna honum liggur svona mikið á," segir Guðríður.**

**Hvorki náðist í Gunnar né Pál Magnússon bæjarritara í gær, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.** - kóþ

# Starfsfriður dómara og lögmanna góður

**Aðeins eitt þekkt dæmi virðist vera um að nafnlaust bréf hafi verið sent til dómara á undanförnum árum. Dómarar og lögmenn telja starfsumhverfi gott og hótunarbréf eða símhringingar berist aðeins í undantekningartilfellum.**

**ATVINNUMÁL** Aðeins eitt dæmi virðist þekkt um að dómara hafi verið sent nafnlaust bréf fyrir utan nafnlausa bréfið sem var sent til allra dómara Hæstaréttar Íslands og lykilmanna í Baugsmálinu fyrr í vikunni. Friðgeir Björnsson, fyrrverandi dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, fékk í hendur bréf árið 1992 þar sem var fjallað um hann persónulega á neikvæðan hátt. Dómarar og lögmenn sem Fréttablaðið hafði samband við eru allir sammála um að starfsumhverfi þeirra sé gott og óalgengt að þeir séu ónáðaðir með bréfaskriftum eða símtölum þó að dæmi séu um slíkt.

Gunnlaugur Claessen, forseti Hæstaréttar, segist aldrei áður hafa fengið sent nafnlaust bréf vegna starfa sinna sem dómari. Spurningunni um hvort hann fái hótunarbréf eða símhringingar sem eru undir nafni, svarar Gunnlaugur einfaldlega að það sé friður um starfið að hans mati þótt hann geti ekki talað fyrir aðra sem starfinu gegna en sig sjálfan. „Þetta tilfelli núna er alveg nýtt og framandi."

Helgi I. Jónsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, segir að nafnlaus bréf til dómara hafi aldrei verið send síðan hann hóf störf. „Eina bréfið sem ég hef heyrt af fékk forveri minn, Friðgeir Björnsson. Það var einsdæmi þangað til þetta bréf birtist allt í einu."

Friðgeir Björnsson segir að hann þekki ekki fleiri dæmi um nafnlaus bréf sem send hefðu verið til dómara hér á landi en bréf vegna einstakra dóma berist af og til en þá alltaf undir nafni. „Þá er ekki um neinar svívirðingar að ræða þó menn taki stundum djúpt í árinni."

Helgi Jóhannesson, formaður Lögmannafélags Íslands, segir að það sé ekki algengt að lögmenn verði fyrir ónæði eða fái send hótunarbréf, en það komi þó fyrir.

svavar@frettabladid.is



**ÚR HÆSTARÉTTI** Dómarar og lögmenn eru sammála um að starfsfriður þeirra sé almennt góður og hótunarbréf eða símhringingar heyri til undantekninga.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## NAFNLAUST BRÉF BARST DÓMARA 1992

Friðgeiri Björnssyni, fyrrverandi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, barst árið 1992 nafnlaust bréf í gegnum þriðja aðila. Honum var tjáð að Jón Steinar Gunnlaugsson, starfandi hæstaréttardómari, hefði dreift bréfinu. Lögfræðingur sem afhenti Friðgeiri bréfið taldi að Jón Steinar væri bréfritari og því skrifaði Friðgeir Jóni Steinari og spurði hvort hann væri bréfritarinn. „Jón Steinar játaði því hvorki né neitaði í svarbréfi sínu," segir Friðgeir.

„Ég man nú ekki eftir efni bréfsins nákvæmlega en það snerti ekki tiltekið dómsmál. Skrifin fjölluðu um mig persónulega. Ég fékk bréfið frá lögmanni sem hafði fengið þetta í hendur. Hann sagði mér að Jón Steinar Gunnlaugsson hefði dreift bréfinu en sá hann ekki skrifa það. Ég síðan einfaldlega spurði Jón Steinar að því bréflega hvort það væri rétt sem ég heyrði að hann væri höfundurinn og í svarbréfi hans játaði hann því hvorki né neitaði. Friðgeir segist ekki hafa brugðist við bréfinu með neinum hætti og ekki þótt ástæða til þess.

„Ég man ekki eftir þessum tiltekna atviki og vil ekki tjá mig í fjölmiðlum um málefni af þessu tagi, til dæmis þessu máli sem menn eru svo mikið að tala um þessa dagana. Ég vil það ekki af því að staða mín leyfir það ekki," sagði Jón Steinar Gunnlaugsson þegar hann var beðinn um að rifja upp bréfaskriftirnar sem Friðgeir lýsir.



**HÁTÍÐ Í BÆ** Fjögur hundruð leikskólabörn skemmtu sér konunglega í skrúðgöngu. Lögreglumenn og Lúlli löggubangsi fylgdu börnunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vetrarhátíð í Reykjavík:

# Leikskólabörn í fylgd lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Leikskólabörn fóru í fylgd Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í skrúðgöngu frá Hlemmi og að Miklatúni í gær. Tilefnið var Vetrarhátíð sem stendur yfir í Reykjavík. Um það bil fjögur hundruð manns tóku þátt í göngunni. Göngufólkið skemmti sér svo við að hlýða á söng Lögreglukórsins og leikskólabarna.

Á vefsíðu lögreglunnar kemur fram að sjálfur Lúlli löggubangsi hafi slegist í för með börnum og lögreglu og átti hann óskipta athygli yngstu göngumannanna. - kdk

Húsdýragarðurinn:

# Fuglar snúa aftur í garðinn

**HÚSDÝRAHALD** Fuglategundum hefur aftur tekið að fjölga í Húsdýragarðinum. Nær öllum fuglum var þar lógað fyrir þremur mánuðum eftir að grunur vaknaði um að afbrigði af fuglaflensu hefði borist í fuglana sem þar voru.

Tíu íslenskar hænur og þrír hanar eru komin í garðinn og segja forsvarsmenn hans að fuglum verði enn fjölgað á næstunni. Von sé á páfuglum, bronskalkúnum, fasönum, öndum og dúfum áður en langt um líður. - kdk

## NEYTENDAMÁL

### Hafa þegar lækkað verðið

Lágvöruverðsverslanirnar Krónan og Bónus hafa lækkað matarverð til samræmis við fyrirhugaðar lækkanir stjórnvalda á virðisaukaskatti um mánaðamót. Þá mun virðisaukaskattur af öllum matvörum, sem bera 24,5 prósenta virðisaukaskatt og 14 prósent, lækka niður í sjö prósent.

## ALÞINGISKOSNINGAR

### Öryrkjar ekki með Baldri

Viðræðum um sameiginlegt framboð Átakshóps öryrkja og þess hóps aldraðra, sem Baldur Ágústsson er í forsvari fyrir, var slitið í gær. Baldur segir að ágreiningur hafi verið um áherslur í stefnumálum.


BÍLL DAGSINS

NISSAN PATROL ELEGANCE 33"

Nýskr. 07.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 46 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Sækjandi og verjendur í Baugsmálinu segja að nafnlaust bréf sé afar ógeðfellt:

# Engin niðurstaða af fundi

**BAUGSMÁL** Fundað var um nafnlaust bréf sem barst mörgum sem koma að Baugsmálinu að loknu þinghaldi í Baugsmálinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Á fundinum voru dómarar, sækjandi og verjendur, en Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, óskaði eftir fundinum.

Gestur Jónsson, verjandi eins ákærðu, sagði eftir fundinn að þar hafi sækjandi ítrekað að hann hafi hvergi komið nálægt þessum bréfaskriftum, en raunar hafi ekki nokkrum manni dottið í hug að bera slíkt upp á Sigurð Tómas. Fundurinn hafi þó ekki skilað neinni raunverulegri niðurstöðu.

Sigurður Tómas sagðist í gær hafa vanþóknun á bréfinu, sem ekki var sent honum. „Bréf sem menn skrifa án þess að koma fram undir nafni eru alltaf verulega ógeðfelld í mínum huga. Að sjálfsögðu vil ég taka fram að það er verulega slæmt fyrir sókn málsins að svona bréf sé skrifað og sent."

Jakob R. Möller, verjandi annars ákærðu, segir að bréfið hafi ekki verið sent sér, en hann hafi lesið það. Það sé afar ógeðfellt og ómálefnaleg árás á dómstóla landsins. Það afhjúpi yfirgripsmikla vanþekkingu á lögfræðilegum málefnum, það sé áróðursplagg og rangfærslurnar í því séu óteljandi.

Spurður hvort ástæða sé fyrir lögreglu að rannsaka hver ritaði bréfið sagði Jakob: „Það hefur verið eytt miklum mannafla og fé í að rannsaka af minna tilefni." - bj



**JAKOB R. MÖLLER** Segir bréfið afar ógeðfellda og ómálefnalega árás á dómstóla landsins.



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON** Kveðst hafa vanþóknun á bréfinu.




HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000, www.hekla.is, hekla@hekla.is

**GENGIÐ 23.02.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,44 | 66,76 |
| Sterlingspund | 130,01 | 130,65 |
| Evra | 87,11 | 87,59 |
| Dönsk króna | 11,682 | 11,75 |
| Norsk króna | 10,799 | 10,863 |
| Sænsk króna | 9,355 | 9,409 |
| Japanskt jen | 0,5469 | 0,5501 |
| SDR | 99,47 | 100,07 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,372

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Leikjatölvan PlayStation 3 kemur til landsins þann 23. næsta mánaðar:

# Forsala hafin en verðið ekki ákveðið

**TÖLVULEIKIR** Þeir sem kaupa PlayStation 3 leikjatölvuna í forsölu hjá BT eða Max fá ekki að vita hvað hún mun kosta. Forsala á vélinni, sem kemur til landsins 23. næsta mánaðar, hófst í gær.

Í forsölunni er fólki boðið upp á að borga inn á vélina, tíu þúsund krónur hjá Max og fimm þúsund hjá BT, og borga svo afganginn þegar vélin kemur. Hver sá afgangur verður geta forsvarsmenn verslananna hins vegar ekki sagt til um.

„Þetta finnst mér gjörsamlega út í hött,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. „Þetta er eins og að gefa út útfyllta ávísun. Mér finnst fyrir neðan allar hellur að nýta sér vinsældir vöru til að láta fólk borga inn á hana án þess að tilgreina hvað verðið verður þegar upp er staðið,“ segir hann.

Júlíus Hafstein, verslunarstjóri hjá Max, segist ekki telja neitt athugavert við viðskiptahætti af þessu tagi. „Það er fullt af fólki sátt við þetta. Við getum ekki fastsett verðið eins og er, en það verður um 60 til 70 þúsund krónur.“

Gunnar G. Ingvarsson, innkaupastjóri hjá BT, tekur í svipaðan streng og áætlar verðið á bilinu 60 og 65 þúsund krónur. Gengissveiflur valdi því að ekki sé hægt að segja nákvæmar til um lokaverð. „Þeir sem eru ósáttir kaupa vélina þá bara ekki í forsölu.“ - sþs




**AUGLÝSINGIN** Verslanir Max og BT auglýstu báðar forsölu leikjatölvunnar í gær.

Rannsakar nauðgunartilraun:

## Reyndi að nauðga stúlku

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan rannsakar nauðgunartilraun sem átti sér stað í skjóli nætur á Vesturgötunni í Reykjavík fyrr í mánuðinum. Karlmaður réðst á þrítuga stúlku í porti á Vesturgötu, barði hana og reyndi að nauðga henni. Maður sem varð vitni að árásinni kom í veg fyrir ódæðið.

Að sögn Björgvins Björgvinssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, er lögreglan að kanna þær vísbendingar sem hún hefur. Lögreglan rannsakar meðal annars upptökur úr eftirlitsmyndavélum í miðborginni umrædda nótt. - ifv



**SLÖKKVISTARF** Glímt við einn eldsvoðann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heimili fyrir hreyfihamlaða:

## Mesti eldsvoði í sögu Lettlands

**LETTLAND, AP** Talið er að yfir tuttugu manns hafi látist í mesta eldsvoða í sögu Lettlands þegar eldur braust út á heimili fyrir aldraða og hreyfihamlaða í Alsunga í Lettlandi skömmu eftir miðnætti aðfaranótt föstudags.

Yfirvöld greindu upphaflega frá því að 26 af 97 íbúum hefðu látist en eftir að einn þeirra fannst síðar um nóttina með alvarleg meiðsli er vonast til þess að fleiri sem hafi flúið eigi eftir að gefa sig fram.

Fyrstu rannsóknir benda til þess að kviknað hafi í byggingunni, sem er á þremur hæðum, út frá rafmagni sem ekki hafði verið almennilega gengið frá. - sdg

**KANADA**

### Hryðjuverkalög dæmd ógild

Hæstiréttur í Kanada komst í gær að þeirri niðurstöðu að lög gegn hryðjuverkum væru andstæð stjórnarskrá landsins. Þar með hafnaði dómstóllinn því að stjórnvöldum væri heimilt að halda grunuðum útlendingum um ótilgreindan tíma án þess að leiða þá fyrir dómara.

**LEIÐRÉTTING**

Í fréttum af æðarkollunni sem fannst við Garðskagavita og farið var með í Húsdýragarðinn í vikunni, var Hilmar Össurarson sagður dýralæknir. Það er ekki rétt. Hann er dýrahirðir.

# Vilja að fallið verði frá einum ákærulið

**Verjendur tveggja ákærðu í Baugsmálinu telja forsendur fyrir einum ákærulið brostnar eftir vitnisburð Jóns Geralds Sullenbergers. Sækjandi segist ekki ætla að falla frá ákæruliðnum. Jón Gerald segir Gaum aldrei hafa átt bát með sér.**

**BAUGSMÁL** Verjendur tveggja ákærðu í Baugsmálinu skoruðu í gær á settan ríkissaksóknara í málinu að falla frá átjánda ákærulið ákærunnar, þar sem kærandi í málinu hafi gefið skýringar sem samrýmist ekki ákæru.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, lagði fram bókun frá honum og Jakobi R. Möller, verjanda Tryggva Jónssonar, þar sem þessi áskorun kom fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þá var fram haldið aðalmeðferð í þeim hluta Baugsmálsins sem nú er fyrir dómi.

Í þeim ákærulið sem um ræðir eru þeir Jón Ásgeir og Tryggvi ákærðir fyrir fjárdrátt með því að hafa dregið fé úr Baugi til Fjárfestingafélagsins Gaums, fjölskyldufyrirtækis Jóns Ásgeirs, til að fjármagna eignarhlutdeild Gaums í skemmtibátnum Thee Viking.

Jón Gerald Sullenberger, einn ákærðu í málinu, lagði upphaflega fram kæru hjá lögreglu, en hann gaf skýrslu fyrir dómi á fimmtudag sem sakborningur, og kom fyrir dóminn aftur í gær sem sakborningur og vitni.

Gestur vísaði í orð hans fyrir dómi þar sem hann sagði að Gaumur hafi aldrei átt hlut í bátum á Flórída, heldur hafi Jón Ásgeir og faðir hans, Jóhannes Jónsson, átt hluti á móti sér. Með þessu sagði Gestur botninn fallinn úr ákæruliðnum, og rétt að skora á sækjanda í málinu að falla frá honum.

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, sagði ákæruna byggja á fleiru en framburði Jóns Geralds og ekki yrði fallið frá þessum ákærulið.



**SKJALASAFN** Fjölmörg sönnunargögn í málinu voru borin undir Jón Gerald Sullenberger (til vinstri) og fór hann yfir þau með verjanda sínum, Brynjari Níelssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gestur spurði Jón Gerald út úr sem vitni í málinu, meðal annars um greiðslur frá Baugi til Nordica, fyrirtækis Jóns Geralds. Jón Ásgeir og Tryggvi halda því fram að Baugur hafi innt af hendi mánaðarlegar greiðslur til Nordica, en Jón Gerald segir fyrirtækið aðeins hafa fengið álagningu af vörum.

Gestur benti á að Nordica hafi stefnt Baugi til að greiða 825 þúsund dali hér á landi vegna vanefnda á samningum árið 2003. Sú upphæð sé hærri en Nordica geti mögulega hafa haft út úr viðskiptum við Baug á árunum 1999 til 2002, sem hafi ekki getað verið hærri en um 600 þúsund dalir. Jón Gerald segir upphæðina sem stefnt var vegna hafa verið reiknaða út af endurskoðanda sínum.

Gestur sagði ekki heila brú í tölunum frá Jóni Geraldi, og svaraði Jón Gerald því til að þeir yrðu þá bara sammála um að vera ósammála.

brjann@frettabladid.is

BAUGS MÁLIÐ

## BAUGSMÁLIÐ Á MÁNUDAG

*Á mánudag verða í það minnsta tvö mikilvæg vitni í málinu leidd fyrir dóminn. Fyrstur verður Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs Group, og auk hans kemur Jóhannes Jónsson, faðir Jóns Ásgeirs, eins ákærðu, fyrir dóminn. Hugsanlegt er að einhver aðrir beri vitni, en dagskráin virðist aðeins hafa riðlast frá því sem áður var ákveðið.*

## ORÐRÉTT



*„Er einhver möguleiki að þú hafir búið þessi tölvupóstsamskipti til?“*

Sigurður Tómas Magnússon, sækjandi í málinu, spurði Jón Gerald um ýmsa tölvupósta, en Jón Gerald þvertók fyrir að hafa falsað pósta sem virðast komnir frá öðrum ákærðum.



*„Ég hef aldrei nokkurn tímann á ævinni lagt hendur á menn, og mun aldrei gera.“*

Jón Gerald vildi taka þetta skýrt fram í kjölfar spurninga Gests Jónssonar, verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, um það hvort Jón Gerald hafi hótað Jóni Ásgeiri lífláti.



*„Það gengur ekkert upp sem þú segir.“*

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, virtist ekki sáttur við svör Jóns Geralds.



*„Ég er ekki að reyna að rugla vitnið, það er aðallega það að vitnið sé farið að rugla mig.“*

Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, svaraði athugasemd dómsformanns um að spurningar hans gætu verið það ruglingslegar að þær hafi verið farnar að rugla Jón Gerald, en óheimilt er að reyna vísvitandi að rugla vitni fyrir dómi.



*„Það er ekkert sem bannar það, ég átta mig á því.“*

Arngrími Ísberg dómsformanni þótti greinilega ekkert athugavert við að Jón Gerald væri farinn að rugla Jakob.


**Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) auglýsir lausa til umsóknar stöðu framkvæmdastjóra SHÍ fyrir starfsárið 2007-2008.**

SHÍ

Framkvæmdastjóri skal hafa yfirumsjón með rekstri skrifstofu ráðsins í samráði við stjórn SHÍ auk þess að hafa yfirumsjón með bókhaldi og reikningum SHÍ.

Eftirfarandi þættir verða hafðir til hliðsjónar við ráðningu framkvæmdastjóra SHÍ:
- Góð þekking, innsýn og áhugi á SHÍ og málefnum stúdenta
- Hæfileikar til að vinna með Stúdentaráðsliðum og öðrum sem tengjast starfi ráðsins
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Reynsla af stjórnun og bókhaldi

Framkvæmdastjóri er ráðinn í 100% stöðu til eins árs í senn.
Nánari upplýsingar um starfið sem og launakjör má fá hjá formanni SHÍ í síma 570-0850. Umsókn skal merkja „Framkvæmdastjóri 2007-2008“ og skila skriflega til:

Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Stúdentaheimilinu v. Hringbraut
101 Reykjavík

eða með tölvuskeyti á netfang ráðsins: shi@hi.is
Umsóknarfrestur rennur út 9. mars 2007.

Stúdentaráð var stofnað árið 1920 og hefur alla tíð barist fyrir margvíslegum breytingum í þágu stúdenta. Stúdentaráð er málsvari allra stúdenta við HÍ og fer með þau mál er varða hagsmuni þeirra gagnvart háskólayfirvöldum, stjórnvöldum og öðrum þeim sem hafa áhrif á líf stúdenta.




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ER AÐ LÆGJA Á LANDINU**

Síðustu dægur hafa einkennst af allnokkrum vindi. Þróunin í dag og næstu daga verður sú að smám saman lægir. Þó má búast við að í dag verði stífur vindur með ströndum suðaustan til sem gæti náð að nokkru inn á suðaustanvert landið. Strax á morgun verður hann hægari á þessum slóðum. Ég á von á björtu veðri sunnan til í dag og næstu daga en él nyrðra. Hægviðri er í kortunum á mánudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Norðaustan 5-8 m/s. Bjart veður. Vægt frost.

## VEÐURSPÁ

*um hádegi »*




» á morgun




» mánudagur




Hæg, breytileg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C rigning | London | 12°C skúrir | Alicante | 21°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 8°C rigning | París | 12°C skúrir | Mallorca | 17°C hálfskýjað |
| Osló | -3°C alskýjað | Frankfurt | 10°C skúrir | Algarve | 18°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | -2°C alskýjað | Friedrichshafen | 5°C skúrir | Krít | 15°C rigning |
| Gautaborg | 1°C skúrir | Berlín | 8°C léttskýjað | Las Palmas | 19°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




Cayenne Turbo, 500 hö.

**Hröðun 0 - 90 km. 4,6 sek.**
**Lengri tíma þarftu ekki til að prófa hann.**

**Nýr Porsche Cayenne,**
**frumsýndur 24.febrúar.**

PORSCHE

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.benni.is
www.porsche.is

## KJÖRKASSINN



*Var rétt af Bændasamtökunum að meina gestum klámráðstefnu að gista á Hótel Sögu?*

| | |
|---|---|
| Já | 26% |
| Nei | 74% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að kjósa í alþingiskosningunum í vor?*

Segðu skoðun þína á visir.is **vísir**

Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra um virkjun Þjórsár:

# Eignarnám ekki útilokað

**STJÓRNMÁL** Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, getur ekki tjáð sig um hugsanlegt eignarnám jarða við Þjórsá né um ummæli Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra í þá veru að slík valdbeiting sé „fráleit“.

„Ég má ekki úttala mig um þetta mál, því samkvæmt stjórnsýslunni verður ráðherra að bíða ef málið kemur til hans á seinna stigi, þá má hann ekki vera vanhæfur [til að úrskurða].“ Jón tekur þó fram að það sé „hvergi neins staðar á neinu borði að fara út í neitt eignarnámsferli, það er þvert á móti verið að semja í góðu“.



**JÓN SIGURÐSSON** Segist ekki geta úttalað sig um hugsanlegt eignarnám við Þjórsá að öðru leyti en því að eignarnám standi ekki til að svo stöddu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Arnar Þór Sævarsson, aðstoðarmaður Jóns, tekur fram að þrjú skilyrði þurfi til eignarnáms: Að almannahagsmunir krefjist þess, að lagaheimild liggi fyrir því og að fullar bætur verði greiddar landeigendum. Ljóst sé að heimild finnist í lögum til eignarnáms. Málið snúist því fyrst og fremst um hvort almannahagsmunir séu nægilega knýjandi eða ekki.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra vildi heldur ekki tjá sig um málið, en benti á sín fyrri ummæli í Fréttablaðinu. Hinn 20. janúar sagði Árni eftirfarandi:

„Lögin leyfa eignarnám og því er það í prinsippinu réttlætanlegt, en auðvitað getur það verið misjafnt eftir einstökum tilfellum. [...] Ég veit hins vegar ekki hvernig þetta mál stendur eða hverjar aðstæður eru í einstökum málum, þannig að ég get ekki svarað fyrir einstök mál.“ **- kóþ**

Hundruð stukku í sjóinn:

# Eldur braust út í ferju á hafi úti

**INDÓNESÍA, AP** Að minnsta kosti sextán manns létust þegar eldur braust út í ferju í Javahafi á Indónesíu á fimmtudaginn. Hundruð manna þurftu að stökkva í sjóinn til að forða sér frá eldinum, sumir með smábörn í fanginu.

Meira en tíu var enn saknað í gær að sögn talsmanns indónesíska hersins og leituðu herskip að fólkinu í sjónum. Algengt er þó að skrár yfir farþega séu ónákvæmar og því er líklegt að enn fleiri sé saknað.Talið er að upptök eldsins um borð megi rekja til að kviknað hafi í flutningabíl sem hlaðinn var af einhvers konar efnum. **- sdg**

Fær ekki félagslega íbúð:

# Segir götuna blasa við

**FÉLAGSMÁL** Steinunn Jakobsdóttir, tveggja barna móðir sem fékk heilablóðfall fyrir tveimur árum, segist vera í algjörri óvissu um húsnæði þegar hún þarf að flytja úr íbúð Sjálfsbjargar eftir viku. Hún og foreldrar hennar hafa ítrekað beðið bæjarstjórn Mosfellsbæjar um úrræði en fengið þau svör að enga hjálp sé að fá.

Bæjarfélagið hafi selt svo margar félagslegar íbúðir að undanförnu, að ekki sé hægt að veita Steinunni slíka íbúð. „Þeir virðast ekkert ætla að fjölga íbúðum þó eftirspurn sé eftir þeim, ég veit ekki hvar ég verð næst þegar ég sé börnin mín, gatan blasir við,“ segir Steinunn. **- kdk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Vildi ekki segja til nafns

Maður á sextugsaldri var stöðvaður í fyrradag fyrir að aka gegn rauðu ljósi. Maðurinn neitaði að gefa upp nafn sitt og var því færður á lögreglustöð. Hann sagði til nafns að lokum og reyndist hafa komið við sögu lögreglu áður.

### Annarlegt aksturslag

Lögreglan í Borgarnesi handtók í gær konu á þrítugsaldri vegna aksturslags sem þótti annarlegt. Leikur grunur á að konan hafi verið undir áhrifum fíkniefna þar sem hún ók bíl sínum.



**LÍTIÐ HÆGT AÐ GERA** Herinn var kallaður út og voru hús í nágrenninu rýmd.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jarðsig í Gvatemalaborg:

# Húsin sukku fyrirvaralaust

**GVATEMALA, AP** Nokkur hús og að minnsta kosti ein vörubifreið sukku ofan í jörðina þegar stór sigskál myndaðist skyndilega í Gvatemalaborg í fyrrinótt.

Ekki var nokkur leið að bjarga fólki úr húsunum því botn holunnar var mjög óstöðugur. Háværr hljóð og stækur holræsafnykur bárust upp úr holunni og jörðin í kring titraði.

Síðar um daginn voru þúsund hús í næsta nágrenni rýmd. Herinn var kallaður út til að aðstoða fólk og hafa stjórn á rýmingunni.

Talið er að leki úr aðalholræsi og miklar rigningar nýverið hafi valdið jarðsiginu. Jarðvegurinn hafi hreinlega verið orðinn gegnsósa. **- gb**

# Hagnast frekar á leikjum en tölvum

**Verðmunur á leikjatölvum hérlendis og í nágrannalöndunum er æði misjafn eftir því hver tölvan er. Xbox 360 er þriðjungi dýrari hér en í löndunum í kring. Nintendo Wii er ekki nema fimm prósentum dýrari hér en í sömu löndum.**




**TÖLVULEIKIR** Helstu keppendur á leikjatölvumarkaðinum í dag eru Xbox 360 frá Microsoft, Wii frá Nintendo og Playstation 3 frá Sony. Leikjatölvan síðastnefnda kemur til landsins 23. mars en hinar tvær eru í sölu hérlendis.

**NEYTENDAMÁL** Xbox360 leikjatölvan er um þriðjungi dýrari í Elko en á löndunum í kringum okkur. Nintendo Wii leikjatölvan, einn keppinauta Xbox360 á leikjatölvumarkaðnum, er ekki nema um fimm prósentum dýrari í Ormsson en í sömu löndum.

Verðið á leikjatölvunum tveimur var kannað í verslunum Woolworths í Bretlandi, Webhallen í Svíþjóð, Multikanalen í Noregi og Midtdaten í Danmörku. Valdar voru verslanir sem eru sem líkastar þeim sem borið var saman við á Íslandi.

Sundurliðað verð landanna má sjá á töflu hér á síðunni, en sé tekið meðaltal af verðinu í þessum fjórum löndum kostar Xbox360 tölvan 33.624 krónur. Í Elko kostar hún 44.995 krónur, eða 31 prósenti meira.

Meðalverð á Nintendo Wii í sömu löndum er 28.431 króna. Í Ormsson, sem er umboðsaðili Nintendo á Íslandi, kostar sama tegund vélarinnar 29.900 krónur. Nintendo Wii er því ekki nema um fimm prósentum dýrari hér en í löndunum í kring.

Gísli Jóhannsson, innkaupastjóri hjá Elko, segir tvær meginástæður vera að baki þessum verðmun.

Annars vegar séu tollar og skattar hærri hér en annars staðar, og hins vegar geti verið að verðslagurinn sé enn þá harðari á hinum löndunum en hér, jafnvel þannig að tölvurnar séu seldar undir innkaupsverði. „Við erum sjálfir með mjög litla álagningu á vélinni. Þessi bransi er meira og minna þannig að menn selja tölvurnar á, og jafnvel undir, innkaupsverði og leggja síðan á leikina.“

Rúnar Hrafn Sigmundsson, sölumaður hjá Ormsson, segist afar ánægður með að verðmuninn á Nintendo Wii sé svona lítill. „Við settum okkur í upphafi að fara aldrei undir ákveðið verð og höfum staðið við það. Það er mjög ánægjulegt að munurinn sé ekki meiri en þetta þrátt fyrir tolla og gjöld sem eru hér en ekki í öðrum löndum,“ segir hann.

**salvar@frettabladid.is**

## VERÐSAMANBURÐUR





| Xbox360 Premium | |
|---|---|
| Bretland: | 36.582 kr. |
| Danmörk: | 35.238 kr. |
| Noregur: | 32.578 kr. |
| Svíþjóð: | 30.099 kr. |
| **Meðaltal:** | **33.624 kr.** |
| Ísland: | 43.995 kr. |

| Nintendo Wii | |
|---|---|
| Bretland: | 23.517 kr. |
| Danmörk: | 31.713 kr. |
| Noregur: | 32.578 kr. |
| Svíþjóð: | 25.865 kr. |
| **Meðaltal:** | **28.4318 kr.** |
| Ísland: | 29.900 kr. |

Búið er að veiða um helming loðnukvótans en brælur hamla víða veiðum:

# Frysting loðnuhrogna hafin

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuaflinn á vertíðinni nálgast 150 þúsund tonn en leyfilegur heildarafli íslenskra skipa er 300 þúsund tonn. Bræla á miðunum fyrir Suðurlandi hefur hamlað veiðum en ágætis veiði er þar sem skipin geta athafnað sig. Veðurlag næstu vikna skiptir miklu næstu vikurnar ella mun kvótinn ekki nást og milljarða verðmæti tapast.

Mikið hefur verið að gera í loðnuvinnslu í Vestmannaeyjum, unnið er á vöktum og reynt að frysta eins mikið til manneldis og frekast er unnt. Eitthvað hefur verið um átu í loðnunni sem hefur komið í veg fyrir að hægt sé að frysta á fullum afköstum.



**AF LOÐNUMIÐUNUM** Sigurður VE í brælu á loðnumiðunum fyrir Suðurlandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI

Eyþór Harðarson, útgerðarstjóri hjá Ísfélagi Vestmannaeyja, segir að búið sé að frysta um 1.000 tonn af loðnu á Japansmarkað, og um 2.000 tonn á Rússlandsmarkað. Bátar Ísfélagsins hafa veitt um 30 þúsund tonn af loðnu og eiga eftir að veiða annað eins, reynt verður að vinna þann kvóta til hrognafrystingar.

Sigurjón Gísli Jónsson, framleiðslustjóri hjá Vinnslustöð Vestmannaeyja, segir að búið sé að frysta um 1.600 tonn af loðnu á Japansmarkað, og um 1.500 tonn á Rússlandsmarkað. Bátar Vinnslustöðvarinnar hafa veitt 15 þúsund tonn og eiga eftir um 16 þúsund tonn. Vinnslustöðin ætlar að nýta þann kvóta til hrognafrystingar. **- shá**


INNBLÁSTUR FYRIR SKÖPUNARGLEÐINA

Ókeypis Panduro Hobby föndurlisti á íslensku!

Einnig fáanlegur í Skólavörubúðinni.




Borgartúni 29 Glerárgötu 34 Höfðabakka 3

# Nýjar vörur

## Úrval af nýjum sófasettum á frábæru verði

### Öll sófasett fást með vaxtalausum greiðslum

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



ÞÚ SPARAR 60.000kr

TILBOÐ 169.900kr
Listaverð 229.900,-

**Leðursófasett** 2323



TILBOÐ 93.600kr
Listaverð 124.900,-
ÞÚ SPARAR 31.300kr

TILBOÐ 47.200kr
Listaverð 62.900,-
ÞÚ SPARAR 15.700kr

**Hægindasófi** 2213 **Hægindastóll** 2213



TILBOÐ 111.800kr
Listaverð 149.000,-
ÞÚ SPARAR 37.200kr

TILBOÐ 63.700kr
Listaverð 84.900,-
ÞÚ SPARAR 21.200kr

**Hægindasófi** 2322 **Hægindastóll** 2322



TILBOÐ 63.700kr
Listaverð 84.900,-
ÞÚ SPARAR 21.200kr

**Hægindastóll** 2324



ÞÚ SPARAR 67.400kr

TILBOÐ 202.500kr
Listaverð 269.900,-

**Hægindasófi**
- fæst með 2 eða 4 hallandi stólum
- fáanlegur með leður eða tau áklæði

**Leður hægindasófi** 2322 (með 4 hallandi stólum)



ÞÚ SPARAR 34.900kr

TILBOÐ 105.000kr
Listaverð 139.900,-

**Leðursófasett** m/tungu 2213T



Gott verð 3.990kr

**Púðar**

**40% AFSLÁTTUR AF IMPERIAL RÚMUM**

| Rúmstærð | Verð nú | Verð áður | ÞÚ SPARAR |
|---|---|---|---|
| 120X200 | 49.600kr | ~~82.680kr~~ | 33.080kr |
| 150X200 | 58.900kr | ~~98.280kr~~ | 39.380kr |
| 180X200 | 71.900kr | ~~119.880kr~~ | 47.980kr |



AFSLÁTTUR 40%

**Imperial rúm**

Gildir til 1. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Gjöf náttúrunnar til þín
Omega-3
FISKIOLÍA
MEÐ SÍTRÓNU-BRAGÐI






Omega-3 fiskiolía inniheldur hátt hlutfall Omega-3 fitusýra, einkum EPA og DHA sem eru okkur lífsnauðsynlegar.
Fjöldi rannsókna víða um heim hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsuna.

Omega-3 fiskiolía byggir upp ónæmiskerfið á marga vegu og hefur jákvæð áhrif á:

- sjón
- hjarta og æðakerfi
- blóðþrýsting
- kólesteról í blóði
- liði
- rakastig húðarinnar
- minni
- andlega líðan
- námsárangur
- þroska heila og miðtaugakerfis á meðgöngu

Má taka með lýsi.

LYSI
www.lysi.is
Fíton/SÍA

Fimm hundruð leikskólabörn sameinuðust í söng:

# Fjöldasöngur á frönsku

**MENNING** Fimm hundruð leikskólabörn sungu saman lagið Meistari Jakob á frönsku í íþróttamiðstöð Austurbergs Breiðholts í gær. Skemmtunin var liður í Vetrarhátíð sem nú stendur yfir í Reykjavík.

Frú Vigdís Finnbogadóttir leiddi sönginn ásamt kór eldri borgara og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra. Sendiherra Frakklands, Nicole Michelangeli, var viðstaddur og hlýddi á flutning krakkanna.

Börnin æfðu sönginn á frönsku í þrjár vikur. Þau létu þó ekki frönskuna duga því þau eru einnig búin að læra lagið á spænsku og ensku og hafa hug á að bæta kínversku útgáfunni við. - ddv



**SUNGIÐ SAMAN** Frú Vigdís Finnbogadóttir leiddi söng leikskólabarna og eldri borgara í Austurbergi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HLÝTT Á RÆÐU** Landsfundurinn, sem er hinn fimmti sem Vinstrihreyfingin - grænt framboð heldur, ber yfirskriftina „Allt annað líf“. Hann fer fram á Grand hóteli um helgina og lýkur á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

# Segir þjóðina vilja breyta til

**„Þið vitið hvar þið hafið okkur,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon þegar hann setti landsþing VG í gær. Fyrstu verkefni flokksins í ríkisstjórn verða að stöðva stóriðju og gera RÚV aftur að þjóðarútvarpi, sagði hann.**

**STJÓRNMÁL** „Bíðið þið bara, við erum rétt að byrja,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, við andstæðinga flokksins í lok setningarræðu sinnar á landsþingi VG sem hófst á Grand hóteli í gær. „Við erum tilbúin, við bjóðum fram krafta okkar, þið vitið hvar þið hafið okkur,“ sagði hann og beindi orðunum til þjóðarinnar.

Hann sagði bullandi stemningu í samfélaginu fyrir að fella ríkisstjórnina. „Þjóðin vill breytingar og forsendan fyrir þeim er að fella ríkisstjórnina. Án þess að koma ríkisstjórninni frá verður engin sú stefnubreyting á sviði velferðarmála, umhverfismála, utanríkismála, jafnréttismála og svo framvegis, sem við þurfum svo sárlega á að halda.“

Hann nefndi hver helstu verkefni flokksins yrðu á fyrstu þremur til fjórum mánuðum sem hann væri við völd ef umskipti verða í stjórnmálum landsins. Bar þar helst að nefna svokallað stjóriðjustopp, sjö milljarða króna árlega fjárveitingu til heildarsamtaka aldraðra og öryrkja, og úrfellingu á lögum „sem að óbreyttu einkavæða vatnið í haust“.

Einnig sagði hann að flokkurinn myndi færa þjóðinni aftur Ríkisútvarpið, þannig að í síðasta lagi um næstu áramót væri það aftur orðið að raunverulegu almenningsútvarpi. Fullt jafnræði karla og kvenna yrði þar að auki tryggt í ríkisstjórn. Steingrímur gerði trúverðugleika og sjálfsvirðingu stjórnmálaflokka að umræðuefni í ræðunni sinni. „Stjórnmálahreyfing sem glatar sjálfsvirðingu sinni hefur um leið fyrirgert tilverurétti sínum. Ég trúi því staðfastlega að það sé eftirspurn eftir heiðarleika og málefnabundnum, skýrum áherslum í stjórnmálum líðandi stundar,“ sagði hann.

„Við munum þess vegna halda okkar striki í kosningabaráttunni sem fram undan er, þora að nota okkar aðferðir, halda okkur við málefnin hvað sem öðru líður og hvað sem aðrir gera.“

Landsþingið, sem hófst í gær, stendur fram á sunnudag. Það er stærsta samkoma sem VG hefur staðið fyrir að sögn Steingríms.
salvar@frettabladid.is

Maður á sjötugsaldri handtekinn í Svartfjallalandi:

# Talinn hafa myrt sjö konur

**SVARTFJALLALAND, AP** Smail Tulja, 67 ára gamall maður sem handtekinn var í Svartfjallalandi, er grunaður um að hafa myrt að minnsta kosti sjö konur í Belgíu, Bandaríkjunum og Albaníu.

Tulja var handtekinn í síðustu viku á heimili sínu í Podgorica, höfuðborg Svartfjallalands. Hann er grunaður um að hafa myrt fimm konur í Belgíu á árunum 1996-97 og skilið líkamshluta þeirra eftir í ruslatunnum.

Einnig er hann grunaður um morð á tveimur konum í Albaníu á síðasta ári. Þá er hann grunaður um að hafa myrt rúmlega sextuga konu í Bandaríkjunum árið 1990 þegar hann bjó þar vestra. - gb



**SMAIL TULJA** Raðmorðingi handtekinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# FERMINGARVEISLUSÝNINGIN um helgina

## Komið og skoðið – fáið hugmyndir!

- Tískusýning á fermingarfötum á stelpur og stráka, frá ISIS og BLEND milli kl. 15.00 og 16.00 laugardag og sunnudag.
- Föndursýnikennsla: boðskort, gestabækur, kertamerkingar
- Veisluborð og hugmyndir að borðskreytingum
- Sýnikennsla í borðskreytingum
- Nýjar og hefðbundnar fermingarmyndir
- Létt förðun fyrir ferminguna

**Munið eftir afsláttarkortinu!**



**Allt það nýjasta í fermingarborðskrauti – boðskortaefni – kertamerkingaefni**

GARÐHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is



**MAKINDALEGUR** Flækingsgöttur tekur sér lúr við inngang hofs í kínversku borginni Singapúr. Kettir eru algeng sjón á götum borgarinnar og hafa verið nefndir sem eitt af táknum Singapúr. NORDICPHOTOS/AFP

Héraðsdómur Reykjaness kvað upp dóm yfir sexmenningunum í Árnesgenginu:

# Fóru ránshendi um landið

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness hefur fellt dóm yfir sexmenningunum í Árnesgenginu sem fór ránshendi um landið síðastliðið haust. Afbrotahrinu hópsins lauk um miðjan september árið 2006 þegar meðlimir hópsins voru handteknir eftir að hafa brotist inn í félagsheimilið Árnes í Gnúpverjahreppi. Í Árnesgenginu eru þrír strákar, sem allir hlutu óskilorðsbundna fangelsisdóma, og þrjár stúlkur.

Sigurbjörn Adam Baldvinsson, sem er 22 ára, fékk átján mánaða fangelsisdóm fyrir sex þjófnaðarbrot. Hann var einnig fundinn sekur um fjársvik og fíkniefnabrot auk fleiri brota.



**FRÁ HÉRAÐSDÓMI REYKJANESS** Sexmenningarnir í Árnesgenginu voru dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Davíð Þór Gunnarsson, sem er 19 ára, fékk fimmtán mánaða dóm fyrir sex þjófnaðarbrot, nytjastuld og fjársvik auk fleiri brota. Hann rauf skilorð með brotum sínum.

Þriðji maðurinn, Jón Einar Randversson, sem er 24 ára, fékk sex mánaða dóm fyrir fjögur þjófnaðarbrot. Dómurinn bættist við fjórtán mánaða dóm sem Jón fékk í nóvember síðastliðnum vegna líkamsárása og fleiri brota. Hann hefur fimm sinnum hlotið dóma frá 1998 vegna alls kyns brota.

Í öllum tilfellum voru dómarnir þyngdir vegna þess að brotin voru framin í félagi við aðra.

Stúlkurnar þrjár í Árnesgenginu fengu allar skilorðsbundna fangelsisdóma fyrir þátttöku sína í hluta brotanna. Þær eru á aldrinum sautján til 22 ára. Engin þeirra hefur áður hlotið refsingu og var horft til þess og ungs aldurs þeirra þegar refsingin var ákveðin. - ifv

Kyssikonan ógurlega:

# Faðmar þétt og rænir veskjum

**BANDARÍKIN, AP** Í bænum Buffalo í New York-ríki gengur lausum hala ógnvaldur mikill sem lögreglan kallar „faðmlagaþrjótinn“. Þrjóturinn er reyndar kvenkyns og stundar það að faðma fulla karla að næturlagi og ræna þá veskinu í leiðinni.

Hún situr fyrir þeim þegar þeir koma út af knæpum og „passar sig á því að þeir séu orðnir haugafullir“, segir Tom Donovan lögreglumaður. Tugir manna segjast hafa orðið fyrir barðinu á henni, en lögreglan segist viss um að fórnarlömbin séu enn fleiri. Sumir skammist sín bara of mikið til að viðurkenna það. - gb

Norræni myndabankinn:

# Kærður fyrir auglýsingu

**SVÍÞJÓÐ Norræni myndabankinn Nordicphotos hefur verið kærður til siðaráðs auglýsingageirans í Svíþjóð vegna auglýsingar sem hefur verið send til hönnuða og auglýsingafólks. Í einni auglýsingunni er mynd af karlmanni sitjandi á bar með konur í bikiníi við hvora hlið. Í Expressen segir að um sænskan athafnamann og vændiskonur í Taílandi sé að ræða.**

**Arnaldur Jónsson, framkvæmdastjóri Nordicphotos, segir að tíu kvartanir hafi borist vegna auglýsingarinnar en hún hafi verið send til mörg þúsund manns. Myndin sé ekki af sænskum athafnamanni. „Okkur finnst þetta rosalega leiðinlegt og erum búnir að biðjast afsökunar. Þetta átti bara að vera góðlátlegt grín og var ekki illa meint,“ segir hann.** - ghs

Bandarískur hermaður dæmdur fyrir voðaverk í Írak:

# Hundrað ára fangelsi

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískur herdómstóll dæmdi í gær Paul E. Cortez, 24 ára bandaríska hermann, í 100 ára fangelsi fyrir að hafa í mars á síðasta ári, ásamt fjórum félögum sínum, nauðgað 14 ára íraskri stúlku og síðan myrt bæði hana og fjölskyldu hennar.

Einn félaga hans og jafnaldri, James Barker, hefur áður hlotið 90 ára fangelsi fyrir sinn hlut í glæpunum, sem þykir eitt versta voðaverkið sem bandarískir hermenn



**HERMENN Í ÍRAK** Félagar hins dæmda sögðu bandaríska hermenn í Írak undir gífurlegu álagi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

hafa framið í Írak. Hvorugur þeirra segist þó hafa framið morðin, heldur hafi þriðji hermaðurinn, Steven D. Green, skotið bæði stúlkuna, systur hennar og foreldra á heimili þeirra í Mahmoudiya.

Að ódæðinu loknu reyndu þeir að brenna lík stúlkunnar. Þeir brenndu síðan sín eigin föt og hentu morðvopninu í skurð.

Tárin streymdu niður vanga Cortez þegar hann játaði sekt sína fyrir dómi og baðst afsökunar á gerðum sínum, sem hann sagðist ekki hafa neina skýringu á.

Fram kom í réttarhöldunum að hermennirnir hefðu verið úrvinda af þreytu og undir gífurlegu álagi.

„Þetta er ekki einsdæmi. Við höfum séð svona í öðrum stríðum,“ sagði sálfræðingur að nafni Charles Figley, sem bar vitni sem sérfræðingur. Saksóknarar sögðu álagið enga afsökun. Þrír hermannanna bíða enn réttarhalda. - gb



**ALÞINGI** Læknar gera verulegar athugasemdir við nýtt frumvarp um breytingu á lögum um vátryggingasamninga. Þeir segja efnahags- og viðskiptanefnd ganga erinda tryggingafélaganna.

# Læknar gera aðfinnslur við frumvarp

**Læknar segja efnahags- og viðskiptanefnd ganga erinda tryggingafélaga í nýju frumvarpi. Tryggingafélögin hafna ásökunum og segja þær koma á óvart.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknafélag Íslands telur efnahags- og viðskiptanefnd ganga erinda tryggingafélaganna. Þetta kemur fram í umsögn sem félagið sendi frá sér í gær vegna nýs frumvarps um breytingu á lögum um vátryggingasamninga. Gunnar Ármannsson, framkvæmdastjóri Læknafélagsins, segir það fyrst og fremst gera athugasemdir við tvennt í frumvarpinu. „Annars vegar er heimild sem verið er að setja í lögin sem heimilar einstaklingum að leggja fram staðfestingu á því að þeir séu ekki haldnir tilteknum sjúkdómi. Við teljum hana mjög varasama því þá er hægt að skipta fólki í tvo hópa, þá sem eru staðfestir sjúkdómsfríir og svo hina, sem eru ekki endilega haldnir neinum sjúkdómum.“

Einnig er gerð athugasemd við að það skuli verða heimilt að krefja vátryggingataka um heilsufarsupplýsingar skyldmenna án þess að þau gefi samþykki fyrir því. Gunnar segir þetta í beinni andstöðu við lögin eins og þau eru. „Þar segir að það eigi að gefa réttar og tæmandi upplýsingar. Ef samþykki þess sem upplýsingarnar eru um liggur hins vegar ekki fyrir er engin trygging fyrir því að þær séu réttar og tæmandi.“

Læknafélagið lagði tillögur fyrir efnahags- og viðskiptanefnd um breytingar á þeirri upplýsingagjöf en fékk lítinn hljómgrunn. „Þeim tillögum var eiginlega tekið með grjótkasti. Það var ekkert tillit tekið til þess sem við vorum að leita eftir heldur þvert á móti farið eftir tillögum vátryggingafélaganna.“

Valgeir Pálsson, stjórnarmaður í Samtökum fjármálafyrirtækja, segir þessar ásakanir læknafélagsins koma sér á óvart og sýna ekki fullan skilning á málinu. Hann hafnar því algerlega að nefndin gangi erinda tryggingafélaganna. „Tryggingafélögin eru ekki að fara fram á þessa staðfestingu sem læknafélagið talar um, né ætlum að nýta þá heimild með þessum hætti. Þá værum við að skipta viðskiptavinum okkar í tvo hópa og við höfum engan hug á því, enda gæti það einfaldlega ekki gengið upp.“

Hann segir að upplýsinga um heilsufar skyldmenna hafi verið aflað um áratugaskeið og það hafi ekki valdið neinum ágreiningi hingað til. Það sé því ekki verið að rýmka neinar heimildir heldur verið að skýra betur út hvað löggjafinn eigi við í eldri lögum.

thordur@frettabladid.is


HVAÐ ER ÍSLAND?









Tryggvi Gíslason var kennari við Menntaskólann í Reykjavík, lektor við Háskólann í Bergen, deildarstjóri skóla- og menningarmáladeildar Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn og skólameistari Menntaskólans á Akureyri um árabil.

Tveggja daga námskeið um íslenskt mál og menningu á **HÓTEL FLÚÐUM**, 2.-3. mars, undir handleiðslu Tryggva Gíslasonar.

Námskeiðið byggist að verulegu leyti á umræðum og skoðanaskiptum þátttakenda þar sem leitast verður við að svara því hvort íslensk tunga lifi af alþjóðavæðingu samtímans eða hvort hún sé dauðadæmt fámennismál.

**Allir þátttakendur fá skírteini að loknu námskeiði.**

Icelandair Hótel Flúðir er með fyrirtaks fundaraðstöðu á afar blómlegum stað steinsnar frá Reykjavík. Góður veitingastaður, stutt í sund og heita potta og fjöldi merktra gönguleiða í nágrenninu.

Allt að 18 manns geta sótt námskeiðið. Verð fyrir gistingu, námskeið og fullt fæði er 17.900 kr. á mann í tveggja manna herbergi og 19.900 kr. á mann í eins manns herbergi.

Nánari upplýsingar eða bókanir í síma 486 6630 eða með tölvupósti á fludir@icehotels.is

ICELANDAIR HOTELS FLÚÐIR

Nordica I Loftleiðir I Flughótel I Hamar I Flúðir I Rangá I Klaustur I Hérað

www.icehotels.is


Fjörutíu og sex ríki hvetja til alþjóðlegs sáttmála:

# Vilja banna klasasprengjur

**NOREGUR, AP** Fjörutíu og sex ríki samþykktu í gær yfirlýsingu um bann við klasasprengjum. Í yfirlýsingunni er hvatt til þess að alþjóðlegur sáttmáli um slíkt bann verði gerður árið 2008 og verði hann lagalega bindandi.

Yfirlýsingin er afrakstur ráðstefnu, sem boðað var til í Noregi nú í vikunni. Alls sóttu fulltrúar 49 ríkja ráðstefnuna, en þrjú þeirra samþykktu ekki lokayfirlýsinguna.

Sum helstu vopnaframleiðsluríki heims, svo sem Bandaríkin, Rússland, Ísrael og Kína, sáu ekki ástæðu til að vera með á ráðstefnunni. - gb

Gjafabréf fyrir tvo með Icelandair fylgir hverjum bíl.

www.toyota.is

# Tilboðsdagar
# Bíll og flug og 100% fjármögnun



Verðdæmi miðað við 2005 árgerðir

| | | |
|---|---|---|
| YARIS 3ja dyra | Tilboð 930.000 kr. | 13.651 kr. á mánuði * |
| YARIS 5 dyra | Tilboð 1.090.000 kr. | 15.976 kr. á mánuði * |
| Corolla | Tilboð 1.290.000 kr. | 18.882 kr. á mánuði * |
| RAV4 | Tilboð 2.350.000 kr. | 34.282 kr. á mánuði * |



YARIS



COROLLA



RAV4

- Gjafabréf fyrir tvo frá Icelandair
- 100% lán frá Glitni
- 5000 kr. inneign í Saga Boutique fyrir lántakendur hjá Glitni
- Allt að 50% niðurfelling lántökugjalda hjá Glitni
- Gullvildarkjör hjá Glitni
- Allt að 84 mánaða lánstími

Þetta eru góð dæmi um þá fjölmörgu góðu bíla sem fást á sértilboði hjá Toyota betri notuðum bílum. Opið 12-16 á laugardag hjá öllum umboðsmönnum Toyota og einnig 12-16 á sunnudaginn á Nýbýlavegi.

GLITNIR

*Afborgun á mánuði miðað við 100% lán á Gullvildarkjörum Glitnis, 84 mánaða lánstíma og myntkörfu GL5.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36318 02/07

# Okkur þykir hákarl góður

**Dr. Jóhanna Barðdal málvísindamaður hlaut á dögunum hæsta rannsóknarstyrk sem íslenskum málvísindamanni hefur hlotnast til þessa. Stjórn Trond Mohn-sjóðsins í Björgvin í Noregi úthlutaði 60 milljónum norskra króna til vísindarannsókna og hlaut verkefni Jóhönnu styrk upp á 12,3 milljónir norskra króna, eða nærri 135 milljónir íslenskra króna. Verkefnið, sem er alþjóðleg rannsókn, snýst um sögulega þróun setningagerða í indóevrópskum tungumálum og þar leikur íslenska lykilhlutverk.**



**JÓHANNA BARÐDAL** Rannsakar setningagerðir í indó-evrópskum tungumálum þar sem frumlag og andlag eru ekki í dæmigerðum föllum. Hún segir íslensku vera lykiltungumál hvað þetta snertir því finna megi um þúsund sagnasambönd með þágufallsfrumlagi og um tvöhundruð með þolfallsfrumlögum.

„Það er auðvitað stórkostleg viðurkenning að fá þennan styrk og kemur verulega á óvart hér úti að við fáum alla þessa peninga til tungumálarannsókna,“ segir Jóhanna Barðdal, sem starfað hefur við Háskólann í Björgvin undanfarin þrjú og hálft ár við kennslu og fræðistörf.

Hún vísar þar til þess að rannsóknir á sviði hugvísinda hafa yfirleitt fengið minni og færri styrki en raunvísindarannsóknir. „Ég finn fyrir mikilli og almennri ánægju með að við fengum þennan styrk og fólk er enn að óska mér til hamingju.“

### Rausnarlegur norskur auðjöfur

Trond Mohn-sjóðurinn, eða Bergen Research Foundation eins og hann heitir, var stofnaður 2004 af norska viðskiptajöfrinum Trond Mohn sem býr í Björgvin. Hann gaf 250 milljónir norskra króna til stofnunar sjóðsins árið 2004 en það eru ríflega tveir og hálfur milljarður íslenskra króna. Sjóðurinn er í umsjón Háskólans í Björgvin og leggur háskólinn einnig fjármuni til þeirra verkefna sem sjóðurinn styrkir.

„Það bárust alls 39 umsóknir um styrki til sjóðsins að þessu sinni og af þeim voru níu valdar til frekari kynningar fyrir stjórn sjóðsins. Að henni lokinni var svo tekin ákvörðun um hvaða verkefni hlytu styrk,“ segir Jóhanna og bætir því við að lokaferlið hafi verið afar spennandi og tekið á taugarnar. „Í rauninni skipti verkefnið sjálft ekki bara sköpum heldur líka ferilskrá vísindamannsins og það hvernig fólk kom fyrir við kynningu rannsóknarverkefnisins og það tekur á þegar svona mikið er í húfi.“

### Íslenskan er lykiltungumál

„Við erum að skoða setningagerðir í indóevrópskum tungumálum þar sem frumlag og andlag eru ekki í dæmigerðum föllum, sem eru nefnifall sem frumlagsfall og þolfall sem andlagsfall. Það eru þó ekki þessar dæmigerðu formgerðir sem ég hef mestan áhuga á að rannsaka heldur sjaldgæfari afbrigði af frumlagsfalli sem birtist í setningu á borð við „Okkur þykir hákarl góður,“ þar sem frumlagið er í þágufalli,“ segir Jóhanna.

**HÁSKÓLARANNSÓKNIR**

Slík setningagerð hefur fyrirfundist í flestum indóevrópskum tungumálum og ætlunin er að gera samanburðarrannsóknir á þessum tungumálum til að finna upphaf og síðan þróun þessarar setningagerðar. „Íslenskan er lykiltungumál hvað þetta snertir því það er svo mikið af þessum formgerðum í málinu, um þúsund sagnasambönd með þágufallsfrumlagi og um tvö hundruð með þolfallsfrumlögum.“

### Fallamynstur og sagnir

Umfang rannsóknarinnar sést best á því að indóevrópsk tungumál samanstanda af ellefu málaflokkum sem sýna mikil líkindi sín á milli. Kenningar eru uppi um að öll þessi mál séu upprunnin frá sömu frumtungunni, frumindóevrópsku, en nútímamálin, arfleifð frumindóevrópskunnar eru töluð á svæði sem spannar Evrópu og Suðvestur-Asíu.

Að sögn Jóhönnu gerðu evrópskir málvísindamenn miklar samanburðarrannsóknir á indóevrópskum málum á 18. og 19. öld en þær snerust aðallega um orðaforða, hljóðkerfi og beygingar. „Við ætlum hins vegar að bera saman fallamynstur og skoða sagnir sem taka þessi mynstur og kanna hvort um sömu sagnirnar sé að ræða eða skyldar sagnir. Út frá því væri síðan hægt að finna út hversu gömul þessi fallamynstur eru og hvort þau hafi hugsanlega verið hluti af indóevrópska frumtungumálinu.“

### Leitað aftur í sanskrít

Jóhanna segir að ætlunin sé enn fremur að kanna sannleiksgildi kenninga sem ganga út frá því að þágufallsfrumlög hafi upphaflega verið einhvers konar andlög, sem síðan hafi breyst og orðið frumlög. „Ein leið til þess er að bera saman sagnasambönd sem taka þágufallsfrumlög og skoða þróun þeirra frá elstu indóevrópsku málunum til þeirra yngri.“

Í því sambandi nefnir Jóhanna fornindverska tungumálið sanskrít sem var talað á Indlandi fyrir 3-4 þúsund árum. „Til stendur að kanna hvort þar koma fyrir sagnir með þessum fallamynstrum og ef þær finnast ekki, hefur þetta þróast síðar og þá þarf að finna hver sú þróun hefur verið. Og það gerum við með því að bera saman öll tungumálin, finna hvað þau eiga sameiginlegt því það sem er sameiginlegt tungumálunum hefur að öllum líkindum verið til í frummálinu. Ef þessi fallamynstur finnast aftur á móti ekki er ólíklegt að þau hafi verið til í frummálinu.“

### Rannsóknin hefst að ári

Að þessu leyti segir Jóhanna að um brautryðjendarannsókn sé að ræða. „Þær rannsóknir sem áður hafa verið gerðar á indóevrópskum tungumálum hafa ekki náð til þessara þátta og það er þetta sem gerir þessa rannsókn svo sérstaka og spennandi.“

Hún gerir ekki ráð fyrir að sjálf rannsóknin geti hafist fyrr en vorið 2008, en undirbúningur hefjist þó strax í haust. „Við Þórhallur Eyþórsson málfræðingur, sem kemur til með að vinna að þessu verkefni á Íslandi, munum kynna það á alþjóðlegri ráðstefnu í sögulegum málvísindum í Kanada í haust. Síðan á þetta eftir að vekja enn meiri athygli vonandi þegar við förum að birta greinar um framvindu rannsóknarinnar.“

### Óvíst með fjármögnun á Íslandi

Fjölmargir vísindamenn koma að rannsókninni auk Jóhönnu og Þórhalls en miðað er við að styrkurinn dugi til að greiða fjórar rannsóknarstöður í Noregi og þar af tvær stöður doktorsnema. Aðrir fræðimenn sem að þessu koma eru frá Ítalíu, Hollandi, Bretlandi og Bandaríkjunum.

En af því að styrkurinn miðast bara við þessar fjórar stöður í Noregi verða þessir vísindamenn að afla sér styrkja sjálfir til að taka þátt í verkefninu og það gildir líka fyrir Þórhall Eyþórsson. „Forsendurnar fyrir því að Ísland geti tekið þátt í þessu verkefni eru að til þess fáist peningar heima. Ef Ísland ætlar að taka þátt í stórum rannsóknarverkefnum af þessu tagi, verður að koma til fjármagn. Hluti af því að koma Háskóla Íslands í fremstu röð er meðal annars alþjóðlegt samstarf, það er mikilvægt að vera sýnilegur á alþjóðavettvangi,“ segir Jóhanna.

### Stefnir að sex ára verkefni

Sjálf ætlar hún ekki að láta staðar numið í fjáröflun til rannsóknarinnar þó svo að allir þessir peningar hafi þegar fengist til verksins. Ætlunin er að sækja um styrk til Rannsóknarráðs Noregs og hins nýstofnaða Evrópska rannsóknaráðs en þar hafa opnast nýjar leiðir til að sækja um hugvísindastyrki til grunnrannsókna af þessu tagi. „Það er ljóst að fjögur ár duga ekki til að ljúka þessu verkefni og nauðsynlegt að stækka það og fá til liðs við sig fleira fólk með fjölbreyttan tungumálabakgrunn. Og til þess þarf meiri peninga. Markmiðið er að geta lengt þetta í sex ár,“ segir Jóhanna Barðdal.

ssal@frettabladid.is

### VÍSINDAMAÐURINN

Jóhanna Barðdal er fædd á Egilsstöðum 7. janúar árið 1969. Hún lauk BA-prófi frá Háskóla Íslands í íslensku og þýsku 1992. Hóf meistaranám í íslenskum málvísindum en bauðst styrkur til doktorsnáms við háskólann í Lundi í Svíþjóð og hélt þangað 1993.

Jóhanna lauk doktorsprófi í norrænum málvísindum frá Lundi 2001 en dvaldi síðasta námsárið sem gestadoktorsnemi við háskólann í Manchester á Englandi. Fór haustið 2001 til Bandaríkjanna og kenndi við University of North Texas í eitt ár. Sneri aftur til Svíþjóðar en bauðst svo tímabundin fræðimannsstaða við Háskólann í Björgvin til fjögurra ára, sem búið er að framlengja fram í mars á næsta ári. Dvaldi sem gestafræðimaður við háskólann í Berkeley í Kaliforníu á haustönn 2005.

Jóhanna Barðdal á einn son, Hörð Barðdal, sem er 16 ára gamall.

RENAULT
ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
Hagkvæmari rekstareining
Renault Kangoo fæst í 4x4 útgáfu.
Einnig færðu Renault Kangoo með sjálfskiptingu.
Ný sending komin!



Bíll á mynd: Kangoo 6 dyra með álfelgum, þokuljósum og hliðarglugga.

Kr. 21.194
á mánuði og bíllinn er þinn
í lok samningsins*

Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.670.000
Verð frá kr. 1.341.365 án vsk
Fjármögnunarleiga kr. 26.386
Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.

Kangoo Express – 6 dyra – 75 hestöfl – beinskiptur.
Kr.1.341.365 kr. án VSK.
Við greiðum að sjálfsögðu út gamla atvinnubílinn.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is


Engin hert fita!
Í mjólkur- og rjómaísblöndum frá Emmessís er engin hert fita.
Það er aðeins eitt af mörgu sem skapar þessum ís afdráttarlausa sérstöðu meðal íslenskra ístegunda.
Njóttu lífsins – fáðu þér Emmessís!
emmessís
Skafís
Rjómaís
1,5 lítrar
vanilluís
emmessís
þér ís.


Úr Kjötborði Nóatúns
40% afsláttur
GRÍSALUNDIR
ÚR KJÖTBORÐI
1.498 kr. kg


Úr Kjötborði Nóatúns
33% afsláttur
GRÍSAKÓTELETTUR
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg


Úr Kjötborði Nóatúns
35% afsláttur
GRÍSAHNAKKI
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg


XL
PACK
NEU!
Þú sparar
200 kr. kg
FRESCHETTA DIAVOLO
2 PIZZUR Í PAKKA
599 kr. kg


Þú sparar
300 kr. kg
GRÍSABÓGUR
ÚR KJÖTBORÐI
398 kr. kg


Úr Kjötborði Nóatúns
GRÍSA- SPARERIBS
ÚR KJÖTBORÐI
598 kr. kg


Fylltu út miðann sem
fylgir Kristal flöskunum
og skilaðu við kassann!
Kristall
taktu þátt
í heilsusamlegum leik!
Dregið 5.mars


Grænigarður
Lífrænt og hollt
TEXMATI
RICE
TEXMATI
BROWN RICE
RICESELECT
HRÍSGRJÓN
399 kr. pk.


Grænigarður
Lífrænt og hollt
CELESTIAL SEASONINGS
Organic Tea
Vanilla Apple White
Black Tea
CS TE
LÍFRÆN HOLLUSTA
144 kr. pk.


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð á kjúkling!
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 250 kr. kg
MÓA 1/1
FERSKUR KJÚKLINGUR
499 kr. kg
Hvernig væri að grilla um helgina? Komdu í Nóatún og veldu þér girnilega steik á grillið.
30% afsláttur
MÓA KJÚKLINGAMÁNAR
2 TEGUNDIR
349 kr. pk.
Úr Fiskborði Nóatúns
Þú sparar 400 kr. kg
STEINBÍTSFLÖK
ROÐ- OG BEINLAUS
798 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 300 kr. kg
ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI
MEÐ DÖÐLU- OG GRÁÐAOSTAF.
1.998 kr. kg
Lifðu lífinu í lit!
NÓATÚN
JARÐARBER
199 kr. boxið
BLÁBER
199 kr. boxið
GULAR MELÓNUR
149 kr. kg
AVOCADO
199 kr. kg
PAPRIKA RAMIRO
399 kr. kg
=
5 á dag
Verði ykkur að góðu!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslendingar eru seinþreyttir til vandræða en oft er of seint í rassinn gripið.

# Læti á Laugavegi

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Það fór sem fór: lóðaspekúlantar og verktakar voru í viðbragðsstöðu þegar svokölluð sáttanefnd með Árna Þór Sigurðsson og Bolla Kristinsson kaupmann í meirihluta blessaði rif á stórum hluta gamalla íbúða- og verslunarhúsa við Laugaveg. Meirihluti borgarstjórnar lét undan þrýstingnum og málamyndasamkomulag var gert um hlutfall eldri húsa sem skyldu standa. Nýtt deiliskipulag var samþykkt árið 2003 á þeim grunni.

Kaupæði rann á þá sem sjást lítt fyrir í fjárfestingum. Stórir reitir voru keyptir upp milli Laugavegar og Hverfisgötu. Þeir sem kunnugir eru sögu nýbygginga í Þingholtunum sáu fyrir hvað verða vildi: nú skyldi byggt út á hvert horn lítilla lóða, þær sameinaðar, dílað við borgarstjórn um bílastæði, brunavarnir, skuggamyndun, innndregnar efri hæðir, hvert tækifæri notað til að ná hámarksnýtingu úr lóðafjárfestingum. Stórir steinkumbaldar áttu að rísa í trássi við þá íbúa sem ekki létu hrekja sig burt eða kaupa sig út fyrir fúlgur á fermetrann.

Og frekjugangurinn í nýjum lóðareigendum við Laugaveginn minnkar ekki: mörgum þótti nóg leyft byggingarmagns við Laugaveginn í deiliskipulaginu, nema fjárfestum. Þeir sóttu að auka byggingarmagnið enn og tóku að bolast í kerfinu. Og varnir voru veikar. Tvístiga sveitarstjórn smitar embættismenn.

Stærsti kumbaldinn rís á skikanum milli Laugavegar og Hverfisgötu við Frakkastíg. Þar vilja eigendur auka byggingarmagn um 5 þúsund fermetra, umfram þá rúmlega 14 þúsund sem leyfðir eru. Eigendur að Laugavegi 33-35 vilja auka byggingarmagn um rúmlega 1.600 fermetra. Þegar er búið að samþykkja aukningu á byggingarmagni á reit milli Hverfisgötu, Laugavegar, Vatnsstígs og Klapparstígs um 3 þúsund og 6 hundruð fermetra. Menn eru að hugsa sér uppbyggingu meðfram Klapparstíg, og á lóðum Laugavegar 4-6 uppi á Skólavörðustíg. Þá er deila í uppsiglingu um hús á Laugavegi 74 sem er friðað en nú er samþykkt að verði eyðilagt, rifið eða flutt.

Pétur Ármannsson arkitekt lýsir hugsjónum braskara í húsabyggingum sem „bókstaflega skelfilegum“. „... ég myndi nú varla kalla það byggingarlist,“ og er þó Pétur orðvar maður. Hann mælir með að hverfið verði skipulagt með tilliti til þess sem fyrir er, en líklega er það orðið of seint. Líklega hafa Reykvíkingar tapað Laugaveginum. Fari sem horfir, að skipulagsyfirvöld þjóni endalaust undir rassinn á verktökum og þeirra þýi með látlítilli eftirgjöf og blessun borgarstjórnarmeirihlutans sem situr uppi með málið, munu rísa blokkir beggja megin Laugavegarins neðst og efst, sem og á honum miðjum. Gatan verður öll skuggasund vegna húsahæðar, baklóðir nýttar undir steinsteypt port. Trjáskrúð mun keppa við hina myndarlegu trjágarða fjármálahverfisins við Sæbraut. Þar er ekki að finna trjástúf nema heflaðan, ekki blóm nema úr plasti.

Þó að eitthvað rýmkist um verslanir á Laugaveginum batnar ekki aðkoma. Þrátt fyrir heimsmet í bílastæðahúsum á einni götu. Bæði íbúar og skrifstofur munu leita annað. Gatan deyr endanlega, orðin sködduð af háum og þunglamalegum steypuhlunkum, glæsilegum minnisvörðum um fyrirhyggjuleysi gróðamanna, dugleysi borgaryfirvalda og afskiptaleysi almennings.

En þá er of seint í rassinn gripið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tryggvi og álverið

Andstæðingar álvers héldu umræðufund í Hafnarfirði í vikunni. Einn af frummælendum var eðalkratinn Tryggvi Harðarson sem sagði opinskátt að hann styddi stækkun álvers og myndi greiða atkvæði með deiliskipulagstillögunni í íbúakosningunum en vildi samt fresta stækkuninni í nokkur ár. Andstæðingar álvers gátu varla trúað sínum eigin eyrum: Til hvers að hafa ræðumann sem gefur svona tvöföld skilaboð?

### Íslendingar geta mótmælt

Kvarnast hefur úr sannindum fullyrðingarinnar um að Íslendingar kunni ekki að mótmæla. Þeir máttu standa sig mun betur í mótmælum á komu Jiang Zemins og meðferð á Falun Gong-liðum, þeir voru lengi að vakna til lífsins þegar framkvæmdir á Kárahnjúkum fóru af stað. Aðgerðirnar færðu þjóðinni þó dýrmæta reynslu. Íslendingar eru orðnir flinkir mótmælendur. Fyrst hægt er að hrekja klámframleiðendur frá því að koma hingað hlýtur að vera von á því að strippstöðum verði lokað. Jafnvel er von til þess að hætt verði að bjóða mönnum sem hafa fyrirskipað stríð og mannréttindabrot í laxveiði og matarboð hjá ráðamönnum. Erum við kannski viðkvæmari fyrir klámi en öðru?



### Hefur Steingrímur breyst?

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sagði í ræðu sinni við setningu landsfundar flokksins í gær að meginverkefni stjórnarandstöðunnar í komandi kosningum væri að fella ríkisstjórnina. „Þjóðin vill breytingar“ sagði Steingrímur. Vinstri grænum hefur verið tíðrætt um mörg góð málefni svo sem að jafna hlut kvenna í stjórnmálum. Það er til marks um að Steingrímur hafi breyst frá því hann og Margrét Frímannsdóttir voru saman í Alþýðubandalaginu á árum áður en eftir ævisögu Margrétar Frímanns að dæma fór ekki mikið fyrir feminískum hugsjónum Steingríms þá.



kdk/ghs

# Bið eftir kynjajafnrétti



**SVERRIR JAKOBSSON**

**Í DAG** | Jafnréttismál

Nú á dögum líta flestallir Íslendingar á sig sem jafnréttissinna. Sú sjálfsmynd er þó ekki endilega byggð á gildum rökum. Það er a.m.k. þversögn að mörgum af hinum meintu jafnréttissinnum finnst allt í himnalagi í samfélagi þar sem misrétti kynjanna er viðhaldið með kerfisbundnum hætti.

Við sjáum birtingarmynd þessa misréttis víða, t.d. í klámi og ofbeldi gegn konum. En undirrót þess er sjálf samfélagsskipanin og ekki síst tekjuskiptingin í samfélagi. Það er staðreynd að atvinnutekjur kvenna eru einungis rúm 60% af tekjum karla. Þetta hlutfall hefur varla haggast frá því að lög um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna voru samþykkt 1976. Þessi munur er staðreynd en ekki er tekið á vandanum og honum jafnvel afneitað. Með hvers konar talnaspeki er reynt að telja fólki trú um að einungis hluti af þessu bili sé „kynbundinn launamunur“ en hitt sé konum sjálfum að kenna fyrir að vinna ekki nógu mikið eða sækjast ekki nógu stíft eftir stjórnunarstöðum. Líkt og það á að vera konum sjálfum að kenna að karlar sem stjórna umræðuþáttum vilja ekki fá þær í viðtöl.

Í kjarasamningum og töxtum er ekki til kynbundinn launamunur. Hann er eigi að síður staðreynd og tengist kjörum sem ekki eru hluti af kjarasamningum annars vegar, en hins vegar hefðbundnu vanmati á störfum sem konur sinna að miklu leyti. Laun snúast nefnilega að litlu leyti um framboð og eftirspurn heldur þjóðfélagslegt mat. Það er t.d. verulegt framboð á fólki sem vill gegna stjórnunarstörfum og því lítil ástæða til að greiða stjórnendum ofurlaun þess vegna. Ástæðuna fyrir ofurlaunum stjórnenda má frekar finna í hugmyndaheimi fjármagnseigenda og annarra sem tilheyra valdastéttinni, þeim finnst það einfaldlega eðlilegt að hlutverk launa sé að byggja valdapíramída.

Hið sama má segja um kynbundinn launamun. Á honum geta einungis verið tvær skýringar. Annars vegar að konur séu almennt lakari starfsmenn en karlar. Fáir viðurkenna upp á sig slíka skoðun. Hin ástæðan er öllu líklegri; að hann sé hluti af hugmyndafræði ráðandi stétta sem líta ennþá á karlmenn sem „fyrirvinnur“ og að sú ráðandi hugmyndafræði móti raunar einnig sjálfsmynd kvenna, sem gera þess vegna hógværar launakröfur.

Til þess að viðhalda slíkum hugsunarhætti eru alls konar varnaglar gegn breytingum innbyggðir í kerfið. Einn þeirra er launaleynd. Leynd yfir launum fólks er ekki forsenda þess að stjórnendur geti hækkað afburðastarfsmenn í launum, enda er erfitt fyrir sanngjarnt fólk að amast við því. Á hinn bóginn gerir hún stjórnendum kleift að mismuna fólki í launum út af einhverju öðru en verðleikum, t.d. kynferði.

Það blasir við að launaleyndin gerir konum sem vinna hjá einkafyrirtækjum óhægt um vik að sækjast eftir launahækkunum eða launum til jafns við jafnhæfa karlmenn. Það er líka markmið hennar; hún er fyrst og fremst stjórntæki þeirra sem eru á tindinum. Þekking er vald en með leyndinni er slíkt vald takmarkað við fámennan hóp.

Launaleynd hefur ekkert með persónuvernd eða mannréttindi að gera. Hið sama má raunar segja um leynd almennt. Hlutverk hennar er ævinlega að takmarka upplýsingar við tiltekinn hóp fólks, sem hefur rétt á að vita það sem aðrir vita ekki. Ný forréttindastétt verður til sem hefur þekkinguna á valdi sínu líkt og leyniþjónustur stórvelda vita einar hvað í rauninni á sér stað í alþjóðasamskiptum.

Þetta er ástæðan fyrir því að það á að afnema launaleynd þótt sú aðgerð ein og sér muni ekki duga til að útrýma kynbundnum launamun. Önnur nauðsynleg aðgerð er að tryggja jafna stöðu kynjanna í öllum stjórnunarstöðum, hvort sem það er á þingi, innan stjórnkerfisins eða innan stórfyrirtækjanna sem ráða æ meiru um þróun þjóðfélagsins. Það er þversögn að eftir því sem hlutfall kvenna innan hins opinbera geira færist hægt og sígandi upp á við færast æ mikilvægari ákvarðanir til einkageirans þar sem karlveldið fær að ríkja óhindrað.

Því miður virðist tregðulögmálið einnig vera að yfirtaka stjórnmálaflokka. Það er sláandi staðreynd að einungis tveir stjórnmálaflokkar hafa tryggt jafna stöðu kynjanna í efstu tveimur sætum framboðslista sinna fyrir næstu kosningar. Hjá Vinstrihreyfingunni - grænu framboði eru konur í meirihluta, 7 af 12, en hjá Framsóknarflokknum eru þær 5 af 12. Sjálfstæðisflokkur og Samfylking hafa einungis 3 konur í efstu 12 sætum hjá sér. Þessi staðreynd ein og sér bendir til þess að jafnrétti kynjanna sé ekki forgangsmál hjá þessum flokkum. Mikilvægari vísbending er þó málefnastaða flokkanna. Þora þeir að gera atlögu að launaleyndinni og misskiptingu stjórnunarstarfa eða ætla þeir að gerast varðhundar um ríkjandi ástand?

# Of pólitískur prófessor?

**UMRÆÐAN**

Skattar



**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**

Minn fyrrverandi lærifaðir úr félagsvísindadeild Háskóla Íslands, prófessor Stefán Ólafsson, ryðst enn einu sinni fram á ritvöllinn í Fréttablaðinu hinn 22. febrúar sl. með þráhyggju sína um skattbyrði. Stefán, sem að eigin sögn er ópólitískur fræðimaður með sannleikann einan að leiðarljósi, gerir sig enn og aftur sekan um rangfærslur og ónákvæmni sem ekki eru sæmandi slíkum fræðimanni.

Eins og Stefán veit er íslenska skattkerfið þannig uppbyggt að skatthlutfallið hækkar eftir því sem tekjur aukast, þannig að hlutfallslega borgar einstaklingur með háar tekjur meira í skatt en sá sem er með lágar tekjur. Þetta er einföld staðreynd. Þannig að ef skattgreiðandi verður fyrir því, sem Stefán Ólafsson myndi væntanlega kalla mikið ólán, að hækka í launum úr 100.000 kr. á mánuði í 1 milljón eykst skattgreiðsla hans úr 2.141 kr. í 310.762 kr. á mánuði. Skattbyrði hans hefur að sönnu aukist um 29%, en er með sanngjörnum hætti hægt að halda því fram að hann sé verr settur? Prófessorinn heldur því fram að skattbyrði hafi aukist á 90% íslenskra heimila. Upplýsingar úr skattframtölum sýna á hinn bóginn að ekki 90% heimila, heldur allt að 100% íslenskra heimila hafa með fyrrgreindum rökum nú meira á milli handanna en áður.

Það er óumdeilt að í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa tekjuskattar fyrirtækja lækkað svo um munar. Stefán sér einmitt ofsjónum yfir því í grein sinni. En bíðum nú við, þegar grannt er skoðað hefur skattbyrði fyrirtækja á Íslandi, skv. aðferðafræði prófessorsins, hækkað stórlega í tíð þessarar ríkisstjórnar! Tölurnar sýna nefnilega að árið 1995, þegar tekjuskattur fyrirtækja var 33%, borguðu íslensk fyrirtæki 5 milljarða króna í tekjuskatt til ríkisins. Á síðasta ári var þessi tala komin upp í 35 milljarða og það þrátt fyrir að skattprósentan hafi verið lækkuð í 18% árið 2002. Samkvæmt kenningum ópólitíska fræðimannsins hefur því skattbyrði á íslensk fyrirtæki sjöfaldast á þessum tíma.

Auðvitað hefur skattbyrði ekki aukist á íslensk fyrirtæki – það sér hver heilvita maður. Það sem gerst hefur er að umsvifin í þjóðfélaginu hafa aukist og kakan sem til skiptanna er hefur stækkað. Þetta er nákvæmlega það sama og gerst hefur hjá fjölskyldunum í landinu. Það er með ólíkindum að ópólitískur prófessor skuli leyfa sér að loka augunum fyrir þessari einföldu staðreynd. Hvað veldur?

*Höfundur er pólitískur aðstoðarmaður forsætisráðherra.*

# Vextir vega þyngra en kjöt!

**Meðalheimilið hér á landi greiðir rúmar 8.000 krónur á mánuði í yfirdráttarvexti. Sama heimili ver rúmum 5.000 krónum til kaupa á kjúklinga- og svínakjöti á mánuði.**



Raunlækkun kjúklinga- og svínakjötsverðs á síðustu 14 árum um 40-50% er staðreynd.

Til upplýsingar fyrir neytendur skýrir þessi jákvæða þróun að kostnaður vegna kjúklinga- og svínakjöts hefur lækkað niður í um 1,5% af heildarútgjöldum heimilanna. Meðalheimilin verja nú rúmum 5.000 krónum á mánuði til kaupa á kjúklinga- og svínakjöti en í samanburði greiða þau um 8.000 krónur í yfirdráttarvexti mánaðarlega.

Sannleikurinn er sá að þó við gæfum neytendum allt kjúklinga- og svínakjötið munar meðalheimilið samt meira um 0,5% vaxtalækkun!

Umræða um verðlag á Íslandi verður að snúast um miklu fleiri þætti en innlenda búvöruframleiðslu.

FÉLÖG KJÚKLINGA- OG SVÍNABÆNDA Á ÍSLANDI

Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands

Fræðslufundaröð SPRON



Fræðslufundir SPRON um fjármál einstaklinga og heimila

Undanfarnar vikur hefur SPRON boðið viðskiptavinum sínum til fræðslufunda um fjármál heimilanna og sparnað og fjárfestingar. Nú eru fram undan fundir um lífeyrismál og skattaskil á Hótel Nordica.

**Lífeyrismál**
*27. febrúar kl. 17–19*

**Skattaskil**
*13. mars kl. 17–19*

Nánari upplýsingar og skráning á **spron.is** eða í þjónustuveri í síma **550 1400**.

spron


MAÐUR VIKUNNAR

# Allt sem prýða má dómara

Allir viðmælendur Fréttablaðsins vegna manns vikunnar að þessu sinni eru á einu máli um að ef einhver maður er réttur maður á réttum stað nú um stundir, þá er það Arngrímur Ísberg, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Arngrímur þykir hafa farið á kostum sem dómsformaður í Baugsmálum hinum síðari, sem nú standa yfir í héraðsdómi. Bæði þykir hann sýna festu og röggsemi eins og við var að búast en sömuleiðis hefur hinn lunkni húmor sem hann býr yfir fengið að njóta sín. Flestir viðmælenda segja reyndar að Arngrímur fari allt of sparlega með þann næma og skemmtilega húmor sem honum er í blóð borinn. Faðir hans, Jón Ísberg, sýslumaður á Blönduósi, þótti með eindæmum skemmtilegt yfirvald þar nyrðra á sínum tíma og Arngrímur á því ekki skopskynið langt að sækja. Hann er sagður orðheppinn og kemur vel fyrir sig orði, rökfastur og skýr í framsetningu; allt kostir sem prýða mega góðan dómara. Og það segir sitt um það traust sem á Arngrími ríkir sem dómara að honum eru falin hin stóru og flóknu dómsmál; þannig var hann einn af þremur dómurum í Hafskipsmálinu sællar minningar.

Arngrímur er alinn upp norður á Blönduósi, kominn af lögmönnum og sýslumönnum í ættir fram, og er sagður hafa tekið stefnuna á lögmennsku ungur að árum. Hann var bókgefinn í æsku, rólegur og yfirvegaður; hafði eiginlega á sér fas embættismannsins sem hann síðar varð frá unga aldri.

Hann gekk í Menntaskólann á Akureyri á þeim árum sem hippamenningin reis hvað hæst með tilheyrandi uppreisn æskunnar. Arngrímur tók hins vegar aldrei þátt í neinu slíku, né eltist hann við tísku tíðarandans. Safnaði ekki hári, gekk ekki í lopapeysum né blúnduskyrtum og átti aldrei alpahúfu svo eitthvað sé nefnt af því sem einkenndi tískuna á árunum kringum 1970. Námið átti hug hans allan, en hann var þó fjarri því einhver mannafæla og gat verið manna hressastur ef því var að skipta í góðra vina hópi. Það fór þó aldrei úr böndunum eins og einn viðmælenda orðaði það.

Laganám tók við hjá Arngrími eftir stúdentspróf og hann tók námið strax föstum tökum og þótti mönnum sýnt að hann stefndi beint á dómarastörf eins og síðar kom á daginn. Eðli sínu trúr hafði Arngrímur sig lítt í frammi á háskólaárum; skólafélagar lýsa honum einmitt sem frekar dulum öndvegisdreng og kurteisum mannkostamanni, traustum félaga, sem hafði markað sér braut í lífinu. Samt er hann alls ekki talinn framapotari, öll þau ábyrgðarstörf sem honum hafa verið falin eru tilkomin vegna þeirra kosta sem hann býr yfir.

Eftir lögmannspróf 1977 hélt Arngrímur til Noregs og lagði þar stund á framhaldsnám í sjórétti og síðar lá leiðin til Þýskalands að nema réttarsögu. Eftir að hann kom aftur heim starfaði hann um skeið sem fulltrúi hjá föður sínum, sýslumanninum á Blönduósi, og einnig hjá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu og hjá lögreglunni í Reykjavík.

Dómaraferill Arngríms hófst svo 1986 er hann var skipaður sakadómari í Reykjavík og 1992 var hann skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur þegar hann tók til starfa. Arngrímur þykir hafa staðið sig vel sem dómari, verið farsæll í starfi og vel liðinn; er sagður heiðarlegur, fastur fyrir og einn af stærstu kostum hans þykir sá að hann fer aldrei í manngreinarálit, fyrir honum eru allir jafnir.

Arngrímur er sagður farsæll maður í einkalífi, konu sinni Leu Marjöttu, kennara og þýðanda frá Finnlandi, kynntist hann á námsárum í háskóla og eiga þau þrjú uppkomin börn. Í tómstundum sinnir Arngrímur hestamennsku en áhugi hans á hestum og dýrum ku hafa fylgt honum frá blautu barnsbeini og hann er mikill dýravinur. Hann er líka áhugamaður um útivist og hefur gaman af að ganga á fjöll. Þau hjónin ferðast líka talsvert til útlanda og er Finnland ofarlega á blaði eins og nærri má geta.

## ARNGRÍMUR ÍSBERG



### FÆDDUR

Arngrímur Ísberg er fæddur 10. maí 1952 á Blönduósi. Elstur sex barna hjónanna Jóns Ísbergs, sýslumanns á Blönduósi, og Þórhildar Guðjónsdóttur Ísberg, héraðsskjalavarðar á Blönduósi. Kvæntur Leu Marjöttu Ísberg og eiga þau þrjú börn: Elsu, Þórhildi og Vilbrand.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Arngrímur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1971 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1977. Stundaði framhaldsnám í sjórétti í Noregi og réttarsögu í Þýskalandi. Starfaði sem fulltrúi hjá Sýslumanninum í Húnavatnssýslu, Barðastrandarsýslu og hjá lögreglunni í Reykjavík fyrstu árin að námi loknu. Skipaður sakadómari í Reykjavík 1986 og héraðsdsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur er hann tók til starfa 1992.

### Hvað segir hann?

*„Ekki verður deilt við dómarann, Jón Gerald fer út.“*

Arngrímur Ísberg í yfirstandandi réttarhöldum vegna Baugsmála.

### Hvað segja aðrir?

*„Hann var harðari sjálfstæðismaður en ég í þá daga.“*

Hjálmar Jónsson, dómkirkjuprestur og skólafélagi, um Arngrím Ísberg.

# Dómstóll götunnar

**UMRÆÐAN**
Dómar

Alkunna er að Árni nokkur Johnsen var sakfelldur af dómstólum og sagði af sér þingmennsku fyrir fáeinum árum. Hefði almenningur fengið að ráða, hefði nefndum Árna verið dýft í tjöru, hann makaður fiðri og settur í gapastokk á Austurvelli. Árna var úthúðað af almenningi sem hinum versta ódrætti. Þessi sami almenningur komst að þeirri niðurstöðu nú fyrir skömmu, að Árni þessi sé slíkur afbragðsmaður að hann skuli setjast á sjálft Alþingi Íslendinga á nýjan leik hið fyrsta.

Framangreint er dæmigert fyrir afstöðu almennings til sakamála hérlendis. Fyrst krefjast menn þyngstu refsingar en vilja svo jafnvel sýkna viðkomandi, þegar mesti móðurinn rennur af þeim. Það er nákvæmlega af þessum sökum sem réttarvitund almennings er ekki gild réttarheimild hérlendis. Dómstólar eiga ekki, og mega ekki dæma eftir upphlaupi almennings eða fjölmiðlafári. Afleiðing af slíku yrði eins og ef grínfígúran Ragnar Reykás væri við dómstörf.



VIGGÓ JÖRGENSSON

Það er grundvallaratriði í réttarríki að samkvæmni sé í dómum. Stórslysauppsláttur Morgunblaðsins á forsíðu 2. febrúar sl. með myndum af fimm af dómurum Hæstaréttar er því í raun stórslys fyrir Morgunblaðið sjálft og langt fyrir neðan virðingu blaðsins en tilefnið var mildun dóms í samræmi við fyrri dómaframkvæmd. Nákvæmlega það sem dómararnir áttu að gera miðað við óbreytt lög og aðstæður. Það er svo allt annað mál hvað mönnum finnst um refsipólitík í einstökum brotaflokkum. Óskum um breytingar á refsingum á að beina til Alþingis en ekki dómstóla.

*Höfundur er löggiltur fasteignasali.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.446 **+1,25%** **Fjöldi viðskipta:** 931 **Velta:** 45.410 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Eimskipafélagið** | +8,19% | **FL Group** | -2,71% |
| **Kaupþing** | +2,14% | **365** | -1,56% |
| **Exista** | +2,13% | **Marel** | -0,66% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
**365** 3,78 -1,56% ... **ACTAVIS** 69,50 +0,14% ... **ALFESCA** 4,83 +0,21% ... **ATLANTIC PETROLEUM** 605,00 +0,00% ... **ATORKA** 7,17 +0,99% ... **BAKKAVÖR** 65,50 -0,15% ... **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** 37,00 +8,19% ... **FL GROUP** 32,30 -2,71% ... **GLITNIR** 27,30 +1,11% ... **KAUPÞING** 1.004 +2,14% ... **LANDSBANKINN** 31,90 +1,92% ... **MAREL** 75,00 -0,66% ... **MOSAIC FASHIONS** 14,35 +0,70% ... **STRAUMUR-BURÐARÁS** 21,00 +1,45% ... **ÖSSUR** 122,50 -0,41%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Meiri hækkun en allt árið 2006

### Fimm fyrirtæki úr fjármálageiranum hafa hækkað um fimmtung á árinu.

Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands stendur í nýjum methæðum eftir töluverða hækkun á hlutabréfamarkaði í gær. Vísitalan hækkaði þá um 1,25 prósent og stóð í 7.446 stigum.


**MIKLAR HÆKKANIR** Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hefur hækkað meira í ár en allt árið í fyrra.

Þar með nemur hækkun ársins 16,16 prósentum sem er orðin meiri hækkun en á öllu árinu í fyrra. Þá var ávöxtun Úrvalsvísitölunnar 15,8 prósent.

Til samanburðar settu greiningardeildir viðskiptabankanna fram spár í upphafi árs um að Úrvalsvísitalan myndi hækka um 20-25 prósent á árinu 2007.

Fimm fyrirtæki hafa hækkað um fimmtung eða meira það sem af er ári.

Þau koma öll úr fjármálageiranum og eru: Exista, FL Group, Glitnir, Landsbankinn og Straumur-Burðarás. Exista er hástökkvari ársins með um 28 prósenta hækkun.

Kaupþing, verðmætasta félagið í Kauphöllinni, hefur hækkað um 19,4 prósent á árinu. - eþa

**ÞRÓUN ÚRVALSVÍSITÖLUNNAR FRÁ 2003-2006**

| | |
|---|---|
| 2003 | +56,4% |
| 2004 | +58,9% |
| 2005 | +64,7% |
| 2006 | +15,8% |
| 2007 | +16,2% |


**EIN AF VÉLUM BAE** Hagnaður breska hergagnaframleiðandans BAE Systems þrefaldaðist í fyrra. MARKAÐURINN/AFP

# BAE skilaði af sér góðu ári

Tekjur breska hergagnaframleiðandans BAE Systems tæplega þrefaldaðist á síðasta ári. Mestu munar um aukna sölu á hergögnum til bandaríska hersins í fyrra og sölu félagsins á 20 prósenta hlut í evrópska flugvélaframleiðandanum Airbus til EADS, móðurfélags Airbus.

Tekjur BAE Systems, sem er einn stærsti hergagnaframleiðandi Bretlands, námu 1,64 milljörðum punda, jafnvirði 213,5 milljarða íslenskra króna, samborið við 553 milljónir punda, eða 72 milljarða króna, árið 2005. Þar af námu tekjur félagsins vegna sölu á hlut þess í Airbus 925 milljónum punda, ríflega 120 milljörðum íslenskra króna. - jab

# Hlutabréf féllu í Aktiv Kapital

Hlutabréf í Aktiv Kapital féllu í verði um 9,6 prósent eftir að félagið birti ársuppgjör fyrir árið 2006 sem sýndi 3,3 milljarða króna tap fyrir skatta. Þar af var tapið á fjórða ársfjórðungi tæpir 1,4 milljarðar.

Þetta er töluverður viðsnúningur til hins verra frá árinu 2005 þegar hagnaðurinn nam 2,5 milljörðum eftir skatta.

Aktiv Kapital er fjármálafyrirtæki sem sérhæfir sig í innheimtu á viðskiptakröfum og starfar í tíu löndum. FL Group er annar stærsti hluthafinn með 13,3 prósenta hlut.

Rekstrartekjur norska félagsins námu 15,8 milljörðum króna í fyrra. - eþa

# Kjarnafjárfestingar skila sér

Hagnaður samstæðu Milestone nam 21,4 milljörðum króna eftir skatta á árinu 2006, samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær.

Í lok síðasta árs var arðsemi eigin fjár Milestone 92 prósent og heildareignir námu ríflega 170 milljörðum króna, jukust um 102 prósent á árinu. Eigið fé samstæðunnar nam ríflega 43,7 milljörðum króna og hafði aukist um 69 prósent frá því í byrjun ársins.

„Vöxtur hefur einkennt efnahag samstæðunnar á undanförnum árum með fjárfestingum og styrkingu eiginfjár. Heildareignir samstæðunnar hafa frá upphafi árs 2005 vaxið úr tæplega 11,4 milljörðum í rúmlega 170 milljarða, þar af 85,7 milljarða á árinu 2006,“ segir félagið. - óká




Með því að bóka á www.vildarklubbur.is sparast 2.000 kr. þjónustugjald.
Einnig er hægt að bóka í síma 50 50 100 gegn 2.000 kr. þjónustugjaldi.
Sölutímabil: Mánudagur 26. febrúar og þriðjudagur 27. febrúar.
Ferðatímabil: Apríl og maí 2007.
Barnaafsláttur Vildarklúbbsins gildir í þessu tilboði.

+ Nánari upplýsingar á www.vildarklubbur.is

'07 70ÁR Á FLUGI

ICELANDAIR Vildarklúbbur

* Flugvallarskattar eru ekki innifaldir: Baltimore, 13.470 kr., Glasgow, 8.860 kr., Amsterdam, 8.080 kr. og Osló, 7.180 kr. Útreikningur á skatti er háður gengi.




**Frumsýnum um helgina með stolti fyrsta KIA bílinn sem er framleiddur í Evrópu – KIA cee'd.** Framleiðendur KIA eru svo sannfærðir um gæði cee'd að hann er í sjö ára ábyrgð, sem er besta bílaábyrgð í Evrópu. Þetta er bíllinn sem endurspeglar af hverju KIA er sá bílaframleiðandi sem er í hvað mestum vexti í heiminum í dag. Flott hönnun, gæði og glæsileiki.

## TILBOÐSDAGAR

**Valdir KIA Sportage og KIA Picanto á sérstöku tilboðsverði – ekki missa af þessu!**

7 ÁRA cee'd ÁBYRGÐ*

## Verð frá 1.985.000 kr.

Nýr KIA cee'd | Responds to your life

* 7 ára/150.000 km verksmiðjuábyrgð vegna galla í aflrás og 5 ára/150.000 km verksmiðjuábyrgð vegna galla í öðrum hlutum bílsins.
Þetta á við um Kia cee'd í öllum EB löndum (auk Noregs, Sviss, Íslands og Gíbraltar).

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is






FULLBÚINN ALVÖRUJEPPI
KIA Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og ekki að ástæðulausu. Líklega bestu jeppakaupin í dag.



EINN FYRIR ALLA!
Nýi fjölnotabíllinn KIA Carens rúmar sjö manns og sameinar glæsilegt útlit, endalausa notkunarmöguleika og ótrúlegt verð.



EYÐSLUGRANNUR SPORTJEPPI
KIA Sportage er með nýrri og byltingarkenndri 2ja lítra dísilvél sem skilar 140 hestöflum. Vélin er einstaklega umhverfisvæn, hljóðlát og eyðslugrönn.

KIA MOTORS
The Power to Surprise™

# Steggjun eða geggjun?

*Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er fjallað um Völundarhús skógarpúkans, ár svínsins, norska framhaldsmynd, fjáröflunardag bakara og draug og prinsessu. Einnig er vikið að heimilisstörfum og pólitík, Vetrarhátíð, myndlist og spænskum dansmeyjum.*

Kæra Dagbók



Þráinn Bertelsson skrifar



### Ævintýri handa fullorðnum

febrúar 17 LAUGARDAGUR

Eins og tíðkast hjá ungu fólki í tilhugalífinu drifum við Sólveig okkur í bíó og sáum aldeilis magnaða mynd: Völundarhús skógarpúkans eftir Guillermo del Toro. Myndin gerist á Spáni skömmu eftir lok borgarastríðsins í sveitaþorpi þar sem hrottafenginn liðsforingi gengst upp í að þjarma að andstæðingum Francos; en á sama tíma er sagt frá Ófelíu ellefu ára gamalli stjúpdóttur liðsforingjans sem flýr veruleikann inn í skuggalega ævintýraveröld handan við völundarhús skógarpúkans.

Það er reyndar ekki nýnæmi að því að sjá ævintýramynd. En ævintýraheimur þessarar myndar er ævintýralegri en samanlagðar svaðilfarir hobbitanna í Hringadrottinssögu. Þetta er ævintýri handa fullorðnum. Frumleg og heillandi mynd sem minnir mann á að einu sinni í firndinni voru ævintýrin full með ógnir og forneskju áður en Walt Disney gerði lýtaaðgerð á illskunni og Hollywood drekkti Grimmsbræðrum í sírópi.



### Ár svínsins

febrúar 18 SUNNUDAGUR

Nú mega ríkislögreglustjóri og sérlegur Baugssaksóknari fara að biðja fyrir sér. Samkvæmt kínversku tímatali er „ár svínsins“ nefnilega hafið svo að Bónus-grísinn getur brosað breitt.

Í dag byrjaði nýárið í Kína. Það væri til of mikils mælst af stjörnuspekingum að reikna út örlög svona margs fólks mánaðarlega svo að Kínverjar nota stærri örlagaeiningar en við og spá fyrir heilum árgöngum á einu bretti. Allir sem fæddir eru á sama ári eru í sama stjörnumerki og stjörnumerkin eru tólf og eru kennd við svín, rottu, apa, uxa, tígrisdýr, héra, dreka, slöngu, geit, hest, hana og hund.

Og nú er sem sagt ár svínsins gengið í garð.

Á sunnudagskvöldum horfum við Sólveig saman á norska framhaldsmynd í sjónvarpinu. Hún heitir „Við kóngsins borð“. Mér finnst alveg dásamlegt að fá öðru hverju að fylgjast með sögu sem gerist hérna í námunda við okkur og passar ekki inn í skapalón alþjóðlegra (amerískra) framhaldsmynda.



„Við kóngsins borð“ er meiri háttar skemmtileg vegna þess að það er ekki nokkur leið að sjá hvort þetta á að vera krimmi, ástarævintýri, samfélagsádeila eða spítalasaga.

Ef Norðmennirnir hafa haft einhverja formúlu í huga í upphafi sögunnar hafa þeir steingleymt henni strax í fyrsta þætti því að frásögnin fer út um víðan völl og frásagnarmátinn er svo hægur að það tók aðalleikkonuna fjóra heila þætti að drífa sig í bólið með ljóshærðum pilti úr Verkamannaflokknum.



### Rjómabollur og vort daglega brauð

febrúar 19 MÁNUDAGUR

Þegar ég var búinn að koma börnunum í skóla og á dagheimili skilaði ég konunni minni aftur á Reykjalund. Grasekkjumannsstandið heldur áfram. Það var bolludagur í dag. Ég lít á það sem hverja aðra góðgerðastarfsemi að styrkja bakara með því að kaupa af þeim rjómabollur fyrir 255 krónur stykkið. Aumingja mennirnir að þurfa á svona fjáröflun að halda – eins og vort daglega brauð er nú ódýrt.

Nágrannar mínir á Borgarbókasafninu fundu upp á því að biðja mig að velja nokkrar myndir úr myndlistardeild – eða artóteki – safnsins á sýningu sem á að byrja á fimmtudaginn í tilefni af Vetrarhátíð Reykjavíkurborgar. Eftir alla þá greiðvikni sem fólkið á bókasafninu hefur sýnt mér kom að sjálfsögðu ekki annað til greina en verða við þessari bón. Ég er því miður ekki listfræðingur svo að ég brá á það ráð að gefa heilanum frí og lét hjartað um að velja myndir á sýninguna.

Á undanförnum árum hefur breiðst út sá siður hérna sem kallaður er steggjun og gengur út á að fá fólk sem er að því komið að ganga í hjónaband til að drekka frá sér ráð og rænu og gera hluti sem ekki eru samboðnir nokkurri heilvita manneskju.

Það er því vel við hæfi að rifja upp lög sem gilt hafa á Íslandi frá árinu 1281 til að bregðast við verstu afleiðingum þessa ófagnaðar:

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur í dag sakfellt karlmann á þrítugsaldri með vísan til Mannhelgisbálks Jónsbókar. En svo virðist sem þessi maður, frávita af þeirri geggjun sem er fylgifiskur steggjunar, hafi barið konu í andlitið með flösku – sem er óneitanlega sérkennileg aðferð til að gera sér dagamun, hvað þá að búa sig undir hjónaband.

### Fúlsað við óhollustu

febrúar 20 ÞRIÐJUDAGUR

Sprengidagur. Saltket og baunir. Tókst betur upp með baunasúpuna en nokkru sinni fyrr. Laumaði teskeið af turmerik út í hana. Það var snilldarhugmynd en dugði samt ekki til því að börnin fúlsuðu við þessu kjarnafæði.

Skrýtið, því að saltket er ekki beinlínis hollt og eins og öll heilbrigð börn eru Andri og litla Sól yfirleitt sólgin í óhollustu.

### Prinsessa og draugur

febrúar 21 MÐVIKUDAGUR

Öskudagurinn er dagur mikilla væntinga.

Héðan fóru prinsessa og draugur í rauðabýtið í morgun. Prinsessan fór á Njálsborg og draugurinn í Ísaksskóla og hlökkuðu ákaflega til að slá köttinn úr tunnunni.

Uppþvottavélin hefur fengið dánarvottorð uppáskrifað af fagmanni. Nú til dags eiga venjuleg heimilistæki að endast í tólf ár og samkvæmt því hefur þessi uppþvottavél látist í hárri elli komin á fimmtánda ár.

Það þýðir lítið að barma sér undan takmörkuðum endingartíma heimilistækja því að svipuð lögmál gilda víst líka um okkur manneskjurnar og það tjóir ekki að sakast við guðlega forsjón fremur en stórfyrirtækin. Þess vegna ætla ég að taka mér hina jákvæðu Pollíönnu til fyrirmyndar og í stað þess að syrgja uppþvottavélina ætla ég að gleðjast yfir því að geta tekið lán til að kaupa nýja.

Smáfólkið er skemmtilegur félagsskapur. Ég er ekki frá því að litla Sól sé ástfangin því að henni verður grunsamlega tíðrætt um ákveðinn skólabróður sinn í leikskólanum.

### Heimilisstörf og pólitík

febrúar 22 FIMMTUDAGUR

Meðan Sólveig er fjarverandi sé ég um heimilisstörfin. Ég hef komist að því að heimilisstörf eru algjör andstæða stjórnmála:

Heimilisstörf hafa þá náttúru að enginn tekur eftir því þegar þau eru unnin – en allir taka eftir því á stundinni ef þau eru látin eiga sig.

Stjórnmál eru annars eðlis. Allt sem stjórnmálamenn gera vekur athygli – en enginn tekur eftir því sem þeir nenna ekki eða vilja ekki gera.

Kannski er þetta ástæðan fyrir því hvað konur virðast eiga erfitt með að fóta sig í pólitík.

Vetrarhátíð hófst í dag og í kvöld byrjaði myndlistarsýningin í Borgarbókasafninu. Ég gat ekki stillt mig um að setja eina mynd eftir sjálfan mig á sýninguna. Það er ekki víst að ég fái annað tækifæri til að hanga innan um alvörulistamenn.

Yfir tvö hundruð manns mættu á opnunina. Sennilega hafa einhverjir villst á mér og spænsku dansmeyjunum sem voru að sýna fótamennt í næsta húsi.




RainMate frá Rainbow



Enginn filter - Frí heimsending

VERÐ: 12.900

Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.

Hrein þjónusta ehf

Dalbraut 3, 105 Rvk

567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800

# Hf. Eimskipafélag Íslands

## Dagskrá og tillögur fyrir aðalfund 2007

Aðalfundur Hf. Eimskipafélags Íslands 2007 verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Sundakletti, Korngörðum 2–4, þriðjudaginn 27. febrúar og hefst klukkan 16.00.

### Aðalfundur Hf. Eimskipafélags Íslands 27. febrúar 2007

**Dagskrá**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á hinu liðna starfsári.
2. Ársreikningur félagsins lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu.
4. Ákveðin þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta starfsár.
5. Tillaga um starfskjarastefnu.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
   a. Breyting á 12. gr. Ný 3. mgr. Um rafræna þátttöku hluthafa á hluthafafundum.
   b. Breyting á 13. gr. Nýr 5. tl. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
   c. Breyting á 19. gr.
      i. Breyting á 1. mgr. Orðið „virkum" fellur út.
      ii. Ný 2. mgr. Um upplýsingagjöf vegna framboðs til stjórnar félagsins.
7. Stjórnarkjör.
8. Kjör endurskoðenda.
9. Tillögur um kaup á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 15 á fundardegi.
Framboðsfrestur til stjórnar rennur út fimm virkum dögum fyrir aðalfund.
Framboðum skal skila skriflega til stjórnar Hf. Eimskipafélags Íslands, Korngörðum 2–4, Reykjavík.

*Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 27. febrúar 2007:*

**Tillaga um meðferð hagnaðar fyrir reikningsárið 2006.**

Aðalfundur Hf. Eimskipafélags Íslands samþykkir tillögu um að hluthöfum skuli ekki vera greiddur arður fyrir árið 2006. Hagnaði ársins skal ráðstafað til hækkunar á eigin fé Hf. Eimskipafélags Íslands til frekari uppbyggingar fyrirtækisins.

**Tillaga um þóknun til stjórnarmanna.**

Aðalfundur Hf. Eimskipafélags Íslands samþykkir að þóknun til hvers stjórnarmanns verði 120 þúsund á mánuði frá aðalfundi 2007 til aðalfundar 2008 og laun starfandi stjórnarformanns 650 þúsund á mánuði.

**Tillaga að starfskjarastefnu skv. 79. gr. a. hlutafélagalaga.**

**Tillaga um starfskjarastefnu lögð fyrir fundinn sem felur í sér launastefnu og kaupréttarsamninga fyrir forstjóra og framkvæmdastjórn.**

**Tillögur um breytingar á samþykktum vegna breytinga á lögum um hlutafélög.**

**Tillaga um kosningu endurskoðenda.**

Aðalfundur Hf. Eimskipafélags Íslands kýs KPMG hf. og Alexander G. Eðvardsson fyrir þeirra hönd sem endurskoðanda félagsins.

**Tillaga um endurnýjun heimildar stjórnar til kaupa á eigin hlutum.**

Aðalfundur Hf. Eimskipafélags Íslands veitir stjórn félagsins heimild til þess að kaupa eigin hluti í félaginu allt að 10% og töku veðs í þeim, samanber 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Heimild þessi skal standa í 18 mánuði. Kaupverð hluta skal vera lægst 20% lægra og hæst 20% hærra en skráð kaup- eða sölugengi félagsins hjá Kauphöll Íslands.

**Greinargerð.**

Tillögur þær sem gerðar eru um breytingar á samþykktum eiga allar stoð í breytingu á hlutafélagalögum sem gerðar voru með lögum nr. 89/2006 og koma eiga til framkvæmda í síðasta lagi 1. júlí 2007.



**HF. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS**

– íslensk sókn um allan heim

GUNNAR EYJÓLFSSON LEIKARI ER 81 ÁRS Í DAG

*„Að velja eina persónu væri eins og að gera upp á milli barnanna minna, en sumar persónur hafa heimtað meira af mér en aðrar, eins og til dæmis Galdra-Loftur, Faust og Ödipus konungur, svo einhverjar séu nefndar.“*



GUNNAR EYJÓLFSSON LEIKARI

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 24. FEBRÚAR 1981

## *Karl og Díana opinbera trúlofun sína*



Þennan dag árið 1981 bundu prinsinn af Wales og lafði Díana Spencer enda á vangaveltur sem staðið höfðu mánuðum saman um samband þeirra. Boðað var til blaðamannafundar við Buckingham-höll og trúlofun þeirra gerð opinber.
Karl Bretaprins hafði beðið lafði Díönu þremur vikum fyrr í kvöldverðarboði áður en hún átti að halda til Ástralíu. Hann hafði hugsað sér að hún gæti nýtt ferðalagið til að hugleiða bónorðið, en hún samþykkti þegar ráðahaginn. Þrátt fyrir mikinn áhuga fólks tókst þeim að halda trúlofuninni leyndri um sinn. Þau giftu sig svo í „brúðkaupi aldarinnar” 29. júlí sama ár. Við athöfnina voru um 3.500 gestir, en áætlað er að um 750 milljón manns um heim allan hafi fylgst með í beinni útsendingu sjónvarps.
Frumburður þeirra Karls og Díönu, Vilhjálmur, kom svo í heiminn innan við ári síðar, 21. júní 1982. Um það leyti sem Harry prins kom í heiminn, 15. september 1984, var hins vegar orðið ljóst að brestir voru komnir í hjónabandssæluna. Karl og Díana skildu að borði og sæng árið 1993 og formlega árið 1996. Díana upplýsti um eigið framhjáhald og Karls í heimildarþætti í breska ríkisútvarpinu í nóvember árið 1995.
Eftir skilnaðinn var Díana áfram áberandi persóna í fjölmiðlum. Hún tók þátt í margvíslegu hjálparstarfi, svo sem fyrir börn, útigangsfólk, fatlaða og alnæmissjúka og -smitaða. Þá barðist hún ötullega fyrir banni við notkun og framleiðslu jarðsprengna. Lafði Díana Spencer fórst svo í bílslysi í París 31. ágúst 1997.

## MERKISATBURÐIR

**1630** Skálholtsstaður brann til kaldra kola. Þrettán hús eyðilögðust og mikið af verðmætum munum.

**1656** Spánn lýsir Englandi stríð á hendur.

**1863** Forngripasafn Íslands stofnað. Á fimmtíu ára afmælinu var nafninu breytt í Þjóðminjasafn Íslands og þjóðháttadeild stofnuð á hundrað ára afmælinu.

**1920** Stjórnmálahreyfing nasista verður til í Þýskalandi.

**1924** Styttan af Ingólfi Arnarsyni afhjúpuð á Arnarhóli.

**1924** Íhaldsflokkurinn stofnaður af fimm þingmönnum sem síðar mynduðu Sjálfstæðisflokkinn með þingmönnum Frjálslynda flokksins.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**Joseph Lieberman,** fyrrum forsetaframbjóðandi, 1942.



**Chad Hugo** tónlistarmaður í The Neptunes 1974



**Steve Jobs,** forstjóri Apple, 1955.



**Edward James Olmos** leikari 1947.



**Kristin Davis** leikkona 1965.



**Billy Zane** leikari 1966.



*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Þóra Sigurðardóttir**

Furugerði 1, (áður Stangarholti 12) Reykjavík,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju mánudaginn 26. febrúar kl. 13.00.

Margrét Sigurðardóttir — Sigurður Steingrímsson
Sigurbjörn Sigurðsson — Hafdís Leifsdóttir
Sigríður Ó. Þ. Sigurðardóttir — Hafsteinn Sæmundsson
Sigurbjörn Pálsson
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ólafur Theodórsson**

verður jarðsunginn frá Akraneskirkju þriðjudaginn 27. febrúar kl. 14.00.

Júlía Baldursdóttir
Baldur Ólafsson — Auður Líndal Sigmarsdóttir
Ellen Ólafsdóttir — Guðjón Theódórsson
Ragnhildur Í. Ólafsdóttir — Birgir Guðmundsson
og barnabörn.



*Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu og veittu okkur ómetanlega stuðning við andlát og útför*

**Hjörleifs H. Jóhannssonar**

Guð blessi ykkur öll.

Þorgerður Sveinbjarnardóttir
Helga Hjörleifsdóttir
Sveinbjörn Hjörleifsson — Elín Björk Unnarsdóttir
Björgvin Hjörleifsson — Preeya Kempornyib
Arnþór Hjörleifsson — Ásrún Ingvadóttir
Sigurbjörn Hjörleifsson — Kanokwan Srichaimun
Einar Hjörleifsson — Lilja Guðnadóttir
Hjördís H. Hjörleifsdóttir — Sigursteinn Magnússon
og barnabörn.

**KARLAKÓRINN ÞRESTIR:** 95 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

# Söngurinn sameinar menn



**FRÁ TÓNLEIKUM Í GRAFARVOGSKIRKJU** Karlakórinn Þrestir býður upp á afmæliskaffi og yndisfagran söng í tilefni dagsins. MYND/GEIR A. GUÐSTEINSSON

Félagar í Karlakórnum Þresti bjóða til afmælisveislu í Hafnarfirði í dag í tilefni 95 ára afmælis kórsins. Félagsskapur söngmanna sem kenna sig við fuglinn tónelska var stofnaður af Friðriki Bjarnasyni tónskáldi árið 1912. Geir A. Guðsteinsson, kórfélagi og sérlegur kynningafulltrúi hópsins, útskýrir að kórinn hafi starfað sleitulaust síðan, auðvitað með mismiklum þunga en ávallt hafi Þrestir staðið fyrir tónleikahaldi.

„Menn ganga til liðs við karlakóra fyrst og fremst vegna þess að þeim finnst gaman að syngja en það er ekki síður félagsskapurinn sem skiptir máli því í kórastarfi eignast maður góðan hóp af vinum,“ segir Geir og bætir við að sumir félaganna taki að sér að syngja við athafnir og afmæli auk þess að skemmta sér saman.

Rúmlega fimmtíu félagar eru í kórnum nú og hafa margir félaganna starfað innan vébanda hans um árabil. „Þetta er kokkteill,“ segir Geir sposkur og útskýrir að innan hópsins séu bæði yngri söngmenn og „gamlir jaxlar“. „Ég held að sá elsti hafi byrjað 17 ára gamall en hann er nú að verða sextugur. Faðir hans starfaði annan eins tíma með kórnum svo það liggur við að sá félagi hafi tengst starfsemi kórsins frá upphafi.“ Það er einnig til marks um kraftinn og fjörið í kórnum að fyrrgreindur félagi hefur ekki tekið sér frí frá kórastarfinu allan þennan tíma.

Kórinn hefur staðið af sér sveiflur og breytingar í tónlist allt frá gömlu ættjarðarlögunum í gegnum revíutímann, stórhljómsveitartímann, rokkið, bítlana, diskóið og fönkið. Geir áréttar þó að kórinn hafi aldrei staðið í vegi fyrir þeim sveiflum heldur aðlagast þeim eftir megni og tekið þær í sína þjónustu.

Þrestirnir eru fyrir löngu orðnir hluti af menningarlífinu í Hafnarfirði og hafa gert ófá strandhögg víðar um land og á erlendri grund. Fyrsta hljómplata kórsins kom út árið 1975 og nú er von á nýjum diski, Þrestir 95, þar sem kórinn flytur ljúfar dægurlagaperlur.

Stjórnandi Þrasta er Jón Kristinn Cortez, en píanóleikari Jónas Þórir. Afmælinu verður fagnað í Hásölum, félagsheimili Hafnarfjarðarkirkju, í dag kl. 17 en þangað eru allir velkomnir og ókeypis aðgangur. „Þetta verða fremur óhefðbundnir tónleikar,“ útskýrir Geir en kórinn mun að sönnu taka lagið og bjóða gömlum félögum og öðrum söngglöðum gestum að syngja með.

kristrun@frettabladid.is

# Ronja sýnd í 50. skipti



**RONJA** Arnbjörg Hlíf Valsdóttir fer með hlutverk ræningjadótturinnar.

Leikritið um Ronju ræningjadóttur verður sýnt í fimmtugasta sinn í Borgarleikhúsinu á morgun. Leikritið var frumsýnt í febrúar í fyrra og hefur notið mikilla vinsælda hjá yngstu kynslóðinni, enda um klassískt barnaævintýri eftir Astrid Lindgren að ræða. Á því ári sem liðið er frá frumsýningu hafa yfir 25 þúsund manns séð leikritið. Nú eru aðeins fimm sýningar eftir og fer því hver að verða síðastur að sjá Ronju og Birki glíma við rassálfa, skógarnornir og aðrar hættur í Matthíasarskógi.

Arnbjörg Hlíf Valsdóttir leikur Ronju og Friðrik Friðriksson leikur vin hennar Birki Borkason. Foreldra Ronju, þau Matthías og Lovísu, leika Þórhallur Sigurðsson (Laddi) og Sóley Elíasdóttir. Eggert Þorleifsson leikur öldunginn Skalla-Pétur.

Með önnur hlutverk fara: Björn Ingi Hilmarsson, Davíð Guðbrandsson, Ellert A. Ingimundarson, Guðmundur Ólafsson, Gunnar Hansson, Halldór Gylfason, Hildigunnur Þráinsdóttir, Hinrik Þór Svavarsson, Kjartan Bjargmundsson, Orri Huginn Ágústsson, Tryggvi Gunnarsson, Valur Freyr Einarsson og Þór Tulinius.



**RÆNINGJARNIR BAÐAÐIR** Það eru töggur í Ronju litlu sem elst upp í ræningjabæli í Matthíasarskógi.

# LAGERÚTSALA Holtavegi 8

bjóðum við 30-70% afslátt af völdum vörum.

Aðeins fimmtudag 22. feb. til sunnudags 25. feb. Virka daga frá kl. 13-18, helgina frá kl. 11-16

## Chiro

Chiro standard heilsudýna
með botni og löppum.
**Verðdæmi**
140x200 cm kr. 79.900,-
152x203 cm kr. 85.900,-
160x200 cm kr. 88.900,-
180x200 cm kr. 92.900,-



## Teppasett

Teppi - pífa - púði
og tvö koddaver Queen Size
Verðdæmi Queen
Frá kr. 12.900,-





## Viper hægindastólar

Burgundy-rautt leður.
Verð áður kr. ~~143.000,-~~
Verð kr. 89.900,-



## Apple náttborð

Eik, vengi og ljóst beyki
Verð frá 19.900
Allt að 40% afsláttur.
Aðeins 100 stk. í boði.

## Gaflar

**Í miklu úrvali.**
**15-50% afsláttur**



## Stillanleg rúm!

Aeroflex stillanleg rúm
með heilsudýnu á verði
sem ekki hefur sést áður.



**30-70% Afsláttur**

# 2 dagar eftir!



## Spring Air

Verðdæmi - Never Turn:
Cal-King 183x213 cm
99.000,- án gafls.




# ekki missa af þessu!!

Bak við Holtagarða!!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# Bónus bíður e

# Lækku

# í 7

# strax

**ÞAÐ SEM LÆKKAR ER Í EINFÖLDU MÁLI ALLT SEM ÞÚ BORÐAR!**

Vörur sem áður báru 24.5% og 14% virðisaukaskatt, bera nú 7% virðisaukaskatt. Vöruflokkar og vörur sem bera áfram 24.5% virðisaukaskatt nú og eftir 1. mars eru snyrtivörur, barnableiur, barnaþurrkur, pappír, plastpokar, álpappír, bómullarvörur, dömubindi, einnota mataráhöld, dýramatur, kerti, ljósaperur, rafhlöður, skóáburður. **Bónus skilar að sjálfsögðu réttum virðisaukaskatti til ríkisins.**

kki til 1. mars!

m VSK

%

EKKERT BRUÐL



í dag!

Bónus býður betur!

www.bonus.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Tíminn er ekki óvinur minn

Kontratenórinn **Sverrir Guðjónsson** fer létt með það að skekkja þá staðalímynd sem auðvelt er að útbúa sér af listamanninum. Um leið og hann stúderar söngnótur miðaldahandrita og klæðist fatnaði sem borgarar gjóa augunum á hefur hann óþrjótandi áhuga á íþróttum, áætlanir um að framleiða timburmannate og fellur mjög auðveldlega fyrir fögrum skófatnaði. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** hitti söngvarann sem sinnir þéttskipaðri dagskrá í listaheiminum.

Hús Sverris og Elínar Eddu í Grjótagötunni er enginn nýgræðingur í móttökudeildinni og vant miklum gestagangi frá fyrri tíð. Bæði var þar rekið súpueldhús og svo var húsið fræg kommúna á hippaárunum. Húsið er ekki allt sem það er séð og blaðamaður verður sannarlega var við það í miðju viðtali þegar hlutir í stofunni fara á fleygiferð. Sverrir segist öllu vanur hvað húsið varðar og er löngu hættur að leita að hlutum þegar þeir taka upp á því að hverfa. Þeir birtist einhvers staðar aftur. Kjarni málsins er sá að Sverrir er heldur ekki allur þar sem hann er séður og kemur sífellt á óvart. Þennan daginn framreiðir hann heitt te en hann á í nokkuð sérstöku sambandi við tejurtir. Teið er hans eigin framleiðsla, kallast einfaldlega Alkemist - Sverrir og fæst meðal annars í Te og kaffi. Sverrir segir þó að í augnablikinu sé það uppselt því hann hefur haft í svo mörgu öðru að snúast. Sverrir segist hafa verið mikill teáhugamaður um margra ára skeið, útbúið sínar eigin blöndur í þó nokkur ár en framleiðslan hófst þegar hann komst í kynni við kokkinn Rene Redzepi sem vann fyrstu Food and fun verðlaunin hér á landi. „Ég hafði ekki hugsað um markaðinn í þessu samhengi heldur fannst mér bara gaman að blanda saman tejurtum. Rene hefur notað teið á mjög hugmyndaríkan hátt í matargerð og meðal annars látið fisk liggja í jurtunum. Ég þróaði því þrjár blöndur í framhaldi af Food og fun hátíðinni og langar til að halda áfram með það og búa til jafnvel te fyrir barnshafandi konur og börn sem þjást af magakrampa. Vökvinn gæti hjálpað þeim að róa meltuna barna fyrstu mánuðina svo þau og foreldrarnir geti sofið. Já, og timburmannate," segir Sverrir og brosir. „Það væri gaman að skoða hvaða jurtir það eru sem keyra upp orkuna í líkamanum. Ég hef nefnt þetta við nokkra vini mína og ég er nú þegar kominn með langan pöntunarlista, og ég held að það sé nú ekki vegna þess að þeir séu drykkfelldir heldur einfaldlega forvitnir."

### Húmanisminn á undir högg að sækja

Þeir sem þekkja Sverri hafa ekki farið varhluta af heilsuáhuga hans. Um tvítugt fór hann að velta eigin mataræði fyrir sér og þaðan lá leiðin inn í þykkni andlegra mála og hann fór að hugleiða og hefur gert það eftir Zen-fræðunum í mörg ár. Zen-hugleiðslan snýst meðal annars um það að sleppa taki af hugsuninni og láta ekki neikvæðar hugrenningar ná tökum á tilverunni. Mataræði hans samanstendur mestmegnis af grænmeti og korni en hann fær sér þó einstaka sinnum fisk, ekki matreiddan á hvaða hátt sem er, því þar skiptir miklu máli að bragð sé að en fyrir Sverri er sá þáttur mjög mikilvægur. „Í dag er það stór partur af mínu lífi að velta heilsunni fyrir mér. Mér finnst það hreinlega tengjast þeirri umræðu um hvernig við umgöngust náttúruna, hvort við höfum áhuga á framtíðinni, börnunum okkar og að geta fylgt þeim þannig eftir að við getum styrkt þau í að takast á við erfiða hluti og ákvarðanir," segir Sverrir og bætir við að það sé honum mjög mikilvægt að gefa eigin börnum tíma. Hlutverki uppalandans sé síður en svo lokið þótt börnin séu farin að heiman.

„Það er talað um að við séum svo hamingjusöm, öllum gangi allt í haginn og allt er á mikilli hraðferð, sérstaklega í peningaheiminum. Mér finnst eins og oft sé mannúðinni og mennskunni ýtt til hliðar og þeir þættir gleymist. Maður sér þetta í litlum áherslum sem eru mjög stórar í sjálfu sér." Sverrir nefnir sem dæmi áhuga ráðamanna á virkjunum og framkvæmdir við Álafossreitinn í Varmárdalnum. „Sá reitur er eins konar perla í steypuumhverfi og ég fer oft með erlenda gesti mína þangað upp eftir að skoða. Mér finnst stundum eins og við lifum í stórum útblásnum samtíma, með enga framtíð og enga fortíð. Það sem er að gerast akkúrat núna skiptir meira máli en það sem gerst hefur í veröldinni frá upphafi vega og meira máli en það sem á eftir að eiga sér stað. Ég á samt alveg von á því að fleiri og fleiri sjái í gegnum þetta og nenni ekki að taka þátt í þessu kapphlaupi um einhverja gulrót sem þeir ná aldrei í."



**VERKEFNASPRENGJA** Sverrir Guðjónsson tekur sér sinn tíma í zen-hugleiðslu og ætlar senn að fasta þó að verkefnin séu óteljandi þessa dagana í listheiminum.

> Ég verð stundum var við augngotur frá fólki en ég hef vanist því frá því ég var krakki.

### Tímamótasamstarf sænska og íslenska ríkisútvarpsins

Sverrir er agaður og skipulagður í vinnubrögðum og þarf klárlega á því að halda enda eru verkefnin næg í listinni, svo mörg að mörgum myndu eflaust fallast hendur og gera ekki neitt. Það er ekki hans stíll. Engu að síður þarf næstum því að flokka verkefnin sem hann er í inn í spjaldskrá til að ná utan um þau öll. Þar fer fremst í flokki verkefni sem kallast Völuspá-Raddir og er meðal annars merkilegt fyrir þær sakir að það verður flutt á sama degi í útvarpsleikhúsum sænska og íslenska ríkisútvarpsins og er þetta fyrsta dæmið um samstarfsverkefni að þessu tagi milli stofnananna. Sænska tónskáldið Sten Sandell, en hann samdi meðal annars tónlistina í Beðið eftir Godot, vinnur verkefnið í samstarfi við Sverri en þar er unnið með sérstakan hljóðheim, meðal annars í gegnum raftónlist. „Mér finnst verkefnið magnað í tengslum við það sem er að gerast í heiminum í dag og þessa tilfinningu sem maður hefur fyrir ragnarökum. Hættuástandið í heiminum er orðið þannig að vísindamenn hafa nýlega fært dómsdagsklukkuna einni mínútu nær heimsendi. Ég klippti þá frétt út því mér fannst það akkúrat vera þetta verkefni."

Völvurnar sænsku og íslensku eru ekki af lakara taginu. Kristbjörg Kjeld les textann á íslensku og í Svíþjóð er það sænska leikkonan Stina Ekblad, sem Íslendingar þekkja úr Krónikunni, sem er völvan þar. „Ég sá hana í mynd Ingmars Bergmans, Fanny og Alexander, sem er ein af mínum uppáhaldsmyndum og hef verið hrifinn af henni í gegnum árin. Hún fékk leikhúsverðlaun ársins 2006 í Svíþjóð og það var algjör bónus að fá hana með okkur í verkefnið." Verkið verður flutt 2. mars í Hlaupanótunni og í nóvember verður það svo sviðsett í Berlín.

### Notar barnasöng sinn í næsta verkefni

Sverir er í forsvari fyrir sönghópinn Voces Thules og fékk hópurinn tónlistarverðlaunin í klassísku deildinni fyrir mánuði síðan fyrir Þorlákstíðir. Það verkefni hefur tekið um tólf ár og er söngur upp úr einu elsta tónlistarhandriti sem varðveist hefur frá miðöldum. „Við erum komnir með næsta verkefni sem líka tengist miðöldum og það verkefni er baráttuglatt því það tengist Sturlungu og draumum og fyrirboðum fyrir Örlygsstaðabardaga. Annað verkefni er einyrkjaverkefni mitt sem ég vinn í samvinnu við íslensk tónskáld en það ramma ég inn með barnasöng mínum og valdi ég þar eina vögguvísu sem ég söng inn á hljómplötu sem krakki. Það verkefni er eins konar ferðalag tónlistarinnar á mörkum ljóss og myrkur," segir Sverrir en margir muna einmitt eftir Sverri sem mikilli barnastjörnu en hann vakti snemma athygli fyrir skæra og bjarta rödd. Söng hann inn á nokkrar hljómplötur og kom fram á útihátíðum og alls kyns skemmtunum. „Það verkefni er langt komið og svo er annað í eldinum sem ég kalla Naddakross en það er unnið í samvinnu við Huga Guðmundsson tónskáld og Voces Thules koma einnig inn í það verkefni sem og Hörður Áskelsson og Matthías Hemstock. Það verkefni er mjög ólíkt því sem ég hef áður gert en þar má segja að tónlist miðalda og samtímans mætist.

### Í franskri vegamynd

Við vöðum áfram í verkefnunum, bakkafullur lækur þar og hreinlega ekki hægt að vaða hann nema á hundavaði. Brotinn spegill er frönsk vegamynd sem unnin er út frá heimildarmyndaaðferðinni og á hún sér stað á leiðinni frá Sarajevó til Jerúsalem þar sem keyrt er í gegnum hin stríðshrjáðu lönd. „Sá kvikmyndagerðarmaður heyrði mig syngja Óttusöngva á vori eftir Jón Nordal á æfingu með Diddú, og bað mig um að syngja verk í myndinni eftir líbanskt tónskáld. Myndin verður sýnd hér á landi 2. apríl í tengslum við Franskt vor, á kvikmyndhátíðinni." Einnig er hann þátttakandi í dansverkefni Láru Stefánsdóttur, Von, en hann hefur verið með annan fótinn í dansheiminum frá unga aldri. „Já, ég er í mörgu og hef reynt að finna mér mína leið. Ég hef einnig verið í því að stjórna upptökum á hljómplötum fyrir fólk í þessum klassíska geira og það hefur hentað mér vel að vera að vinna í mörgu í einu. Ef það er eitthvert verkefni sem liggur á fær það forgang á þeim tíma sem slíkt þarf."

### Fastaði til að ná sér eftir bílslys

Meðfram listaverkefnum sínum er Sverrir kennari í Alexanderstækni og hefur unnið mikið með leikurum og söngvurum en tæknin kom honum einnig að góðum notum þegar hann lenti í bílslysi fyrir nokkrum árum. „Ég fékk mikinn hnykk og líkaminn var allur í ólagi eftir slysið. Alexandersstæknin hjálpaði mér að beita líkamanum rétt þannig að ég gat losað um spennu sem var kannski að byrja að myndast. Það dugði þó ekki til því líkaminn hafði fengið það mikið sjokk." Sverrir ákvað að beita öðru úrræði en hann tók langa föstu, eða heilar fjórar vikur. „Ég hef oft fastað en þá í mun styttri tíma, kannski bara í um fjóra daga. Fyrsti dagurinn er erfiður, annar auðveldari, sá þriðji aftur harður en á fjórða degi er eins og þú svífir. Árangur föstunnar er sá að hugurinn skýrist og líkaminn finnur sinn takt, hreinsast af öllum aukaefnum sem þvælast fyrir í líkamanum. En það er mikilvægt að fara hægt út úr þessu og vera í nánu sambandi við fagmann eða lækni sem hefur skilning á svona föstum. Þetta getur tekið á líkamann."

Sverrir er óhræddur við að vera hann sjálfur og með sitt fallega síða hár, sérstaka klæðnað og undurfagra zen-festi um hálsinn, sem hann segir vera verndargrip, vekur hann gjarnan eftirtekt fyrir öðruvísi klæðnað og yfirbragð. Upplifir hann sig aldrei á skjön við annað fólk? „Nei, ég hugsa þetta aldrei þannig. Ég verð stundum var við augngotur frá fólki en ég hef vanist því frá því ég var krakki að þurfa ekki að falla inn í fjöldann. Fyrir mér er nauðsynlegt að geta stigið fram og verið sá sem ég er. Ég hef mjög gaman af skóm og get hreinlega gengið í gegnum búðargluggana þegar ég sé fallegt par. Margir reyna kannski að misskilja mig og líta á þetta sem einhverja sérvisku eða að maður sé að reyna að láta bera á sér en það hefur ekkert með það að gera. Ég er ekkert ægilega sérvitur." Og þá alls ekki bara á jaðrinum? „Nei, síður en svo, samtíminn er mér mjög mikilvægur og ég á fullt af áhugamálum fyrir utan tónlistina. Horfi mikið á íþróttir, hef brennandi áhuga á kvikmyndum og svo er fjölskyldan mér allt. Tíminn er hreinlega heilagur þegar ég fæ að hafa barnabarnið hjá mér."

## Yfirskilvitleg reynsla

Sönghópurinn Voces Thules varð fyrir undarlegri reynslu í Skálholtskirkju við sínar fyrstu æfingar þar á Þorlákstíðum. Verkið var sungið eftir nótum sem varðveist hafa frá því um 1400 og tengist verkefnið Þorláki biskupi helga sem var biskup í Skálholti á 12. öld en mörg kraftaverk eru tengd biskupnum. „Verkefnið var á frumstigi og við vorum að reyna að átta okkur á gömlu nótunum og syngja bænasöng og stóðum allir uppi við altarið. Við vorum í miðjun söng þegar við finnum eins og það komi einhver kraftur inn í kirkjuna, og hann kemur að okkur og er svo mikill að við færum okkur allir sem einn þegar hann fer framhjá okkur, án þess að nokkur hætti söngnum. Söngurinn klárast nokkrum mínútum síðar og við horfum hver á annan og áttum okkur á því að við höfðum allir fundið fyrir þessum krafti, svo mikið að hópurinn færði sig undan honum," segir Sverrir og bætir við að á þeim tíma sem þeir æfðu þetta erfiða verkefni sem Þorlákstíðir eru hafi þeim fundist eins og eitthvert afl hafi hreinlega dregið þá áfram.







allt


FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[BÍLAR FERÐIR TÍSKA]**

**S-MAX,** nýjasta fjölnotabílinn frá Ford, verður frumsýndur í Brimborgu í dag. Bíllinn var meðal annars valinn bíll ársins í Evrópu af samtökunum Car of the Year, og hann sigraði einnig í sínum flokki í Top Gear.



**Hönnunar-** og tískuverslunin Munthe plus Simonsen hefur verið opnuð á Vatnsstíg 3. Verslunin er danskættuð en hún er sú fyrsta sinnar tegundar sem er opnuð utan Danmerkur.

**Fínt** færi er í Hlíðarfjalli á Akureyri og verður að öllum líkindum opið alla helgina, en nóg er af snjó. Búist er við vægu frosti og éljagangi þannig að nú viðrar vel til skíðaiðkunar og norðurferða.

## GÓÐAN DAG

**Í dag er laugardagurinn 24. febrúar, 55. dagur ársins 2007**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.54 | 13.41 | 18.30 |
| Akureyri | 8.44 | 13.26 | 18.09 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Sævar ásamt dóttur sinni Sonju, sem bíður spennt eftir því að verða nógu stór til að komast á rúntinn með pabba á mótorhjólinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Draumurinn um hjólið

***Mótorhjólið kemur Sævari Guðmundssyni kvikmyndaleikstjóra vel þessa dagana. Hann vinnur hörðum höndum við eftirvinnslu þáttanna Stelpnanna ásamt því að gefa út Venna Páer á DVD og leikstýra auglýsingum hjá Sagafilm.***

Sævar var mikill skellinöðrutöffari í gamla daga og ól með sér þann draum að eignast stórt mótorhjól. Í dag er draumurinn orðinn að veruleika og Suzuki Vi-Strom árgerð 2006 sér nú um flestar ferðir Sævars þegar götur eru auðar.

„Það er búið að standa til í tíu ár að kaupa svona hjól og loksins hafði ég efni á því fyrir ári síðan," segir Sævar sem er einn helsti auglýsingaleikstjóri landsins. Hann hefur sent frá sér fjölda auglýsinga bæði hérlendis og erlendis en undanfarið hefur hann leikstýrt þáttaröðinni Stelpurnar sem nú bíða spenntar í klippiherberginu og þáttunum Venna Páer sem innan skamms koma út á DVD og fara í sölu erlendis.

Sævar kann vel að meta snjóleysið í febrúar og finnst gott að geta þeyst á milli klippiherbergsins og tökustaðanna á hjólinu.

Á heimilinu eru auk hjólsins tvö önnur farartæki, tíu ára gamall Audi og Renault, en þó er hjólið alltaf í mestu uppáhaldi hjá Sævari.

„Um leið og snjórinn hverfur er ég kominn á hjólið og snerti helst ekki bílinn eftir það," segir Sævar brosandi. Innan skamms stækkar fjölskyldan og Sævar fer í fæðingarorlof í allt sumar. Hann hefur þó engin áform um að setja barnasæti á hjólið og gerir fastlega ráð fyrir að bílarnir komi að góðum notum í sumar auk hjólsins. *rh@frettabladid.is*




IQ
Skólavörðustígur 8

**Sjálfskiptir bílar** afla sér sífellt meiri vinsælda. Þessi vaxandi eftirspurn hefur það í för með sér að minnst tíu nýjar sjálfskiptingarverksmiðjur verða reistar fyrir árið 2014. Meðal framleiðenda sem hafa hafist handa eru General Motors, Honda og Aisin AW sem meðal annars framleiða Toyota.



Alternatorar - Startarar



Í Vinnuvélar, Fólksbíla, Vörubíla, Jarðýtur, Dráttarvélar, Bátavélar o.fl.

Yfir 40 ára reynsla og þekking

Á lager-Hraðpantanir.
Viðgerðir.

Valeo truma
Umboðið

Einnig:
Truma Gasmiðstöðvar

BÍLARAF
Auðbrekku 20,
Sími 564 0400

HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM



Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum

Jafnvægisstillingar

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

STÓRBÍLA ÞVOTTAVÉL



www. bitimec.com

- Mjög auðveld í notkun
- Fljótur og vandaður þvottur
- Rafhlaða, 220v, bensín eða dísel
- Með vatnstanki eða tengd í krana

Snævar ehf. 898 0083

REYNSLUAKSTUR



Nú er búið að skipta Corolla-línunni upp og í framtíðinni verður hann aðeins framleiddur í sedan-stærðarflokki. Hlaðbakurinn sem tekur sess Corollunnar kallast Auris. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Traust tíunda kynslóð Toyota Corolla

***Tíunda kynslóð Toyota Corolla er komin á götuna. Þessi rúmlega 50 ára gamla bílategund hefur tapað nokkru af aðdráttaraflinu en á enn nóg inni til að heilla fjölmarga Toyota-unnendur hérlendis.***

Fyrsta Corollan kom á markað árið 1966 og eftir 30 ár í framleiðslu náði hún því marki að verða mest seldi bíll heims. Áreiðanleiki, lágur rekstrarkostnaður, og almenn gæði urðu til þess að aðdáendurnir sópuðust að (eða það sem skiptir meira máli: kaupendurnir). Corolla hefur alltaf verið öruggt val. Kaupandinn veit að hverju hann gengur, veit hvað hann fær, og veit að hann getur selt það aftur án teljandi vandræða.

Það sama er upp á teningnum hjá tíundu kynslóð Toyota Corolla. Þarna er á ferð traustur bíll sem segir fyrst og fremst: enga vitleysu, ég kem þér þangað sem þú þarft að fara. Þetta er hans helsti kostur, og um leið helsti galli. Tökum sem dæmi ytra útlitið. Sá sem horfir á Corolla hugsar án efa að þarna sé á ferð snotur bíll. Tíu mínútum síðar er hann búinn að gleyma hvernig bíllinn leit út. Hann er einfaldlega svo venjulegur.

Að innan er Corolla örlítið meira spennandi. Smá áhætta er tekin í mælaborðinu og kemur það ágætlega út. Útvarp og miðstöð eru sett upp á klassískan hátt, og kveikjuhnappurinn ásamt flipaskiptingu í stýrinu (sé hún fyrir hendi) lífga upp á útlitið og láta mann vita að kannski búi meiri kraftur í bílnum en gefið er upp. Corolla er þægilegur í akstri og auðvelt er að ráða við hann. 1,6 lítra bensínvélin er spræk, þó ekki sé hægt að segja að hún sé að springa af afli. Hún er líka afar hljóðlát og í lausagangi er varla hægt að heyra í henni.

Hægt er að fá bílinn með svokallaðri MM-skiptingu, en hún á að sameina það besta úr sjálfskiptingu og beinskiptingu. Ekki er um eiginlega sjálfskiptingu að ræða heldur tölvustýrða beinskiptingu þannig að ekki þarf að skipta um gír og ekki þarf að ýta á kúplingu. Nóg er að létta örlítið á bensíngjöfinni þegar vélin er á háum snúningi og þá skiptir kassinn. Þannig næst betri nýting en á beinskiptum bíl (hann eyðir minna) á næstum sjálfskiptum bíl.

Á pappírnum lítur þetta allt saman vel út, en raunin er önnur. Þá rúmu tvo daga sem undirritaður keyrði bílinn gerði skiptingin alls konar vitleysu. Stundum skipti hún ekki um gír þegar stigið var af bensíngjöfinni því kassanum fannst vélin ekki vera á nógu miklum snúningi, í öðrum tilfellum skipti hún um gír áður en tækifæri gafst til að létta á gjöfinni og þá heggur bíllinn. Höggið er lítið, en nóg til að fara í taugarnar á ökumanni.

Sá fyrirvari skal hafður á að kannski tekur bara tíma að venjast skiptingunni. Kannski ekki. Getur það verið að Toyota sé í fyrsta sinn í langan tíma að stíga feilspor?

Hvað sem því líður er Corolla ágætis bíll. Hann er bara svo venjulegur, svo hversdagslegur, að hann vantar sál. Hann vantar þetta eitthvað sem fær mann til að langa að taka aukakrók áður en maður leggur bílnum í innkeyrslunni heima. *tryggvi@frettabladid.is*



Baksýnisspegillinn er þeirri náttúru gæddur að skelli á honum blindandi ljósgeisli dempar hann ljósið sjálfkrafa.



MM-skiptingin er ekki allra og verður hver að meta fyrir sig hvort hún sé peninganna virði.



Í lúxusútgáfu er flipaskipting í stýri. Það er erfitt að benda á af hverju það er, en það er frábært að hafa slíka skiptingu. Skiptir þá engu máli hvort hún er notuð eða ekki.

**TOYOTA COROLLA SEDAN LUXURY**

**Vél:** 1,6 lítra bensín
124 hestöfl / 157 Nm
**Þyngd:** 1.300 kg
**Meðaleyðsla:** 6,9 l/100 km
**Verð prufubíls:** 2.780.000 kr
**Verð frá:** 2.069.000

**Plús**
Vel byggður
Þægilegur í umgengni

**Mínus**
Hversdagslegur
MM skiptingin

**Aðrir sem vert er að skoða**
Honda Civic Sedan
Skoda Oktavia
Subaru Legacy

# Heimsfrumsýning á nýjum Cayenne

***Í dag er frumsýning á nýrri kynslóð Porsche Cayenne í Bílabúð Benna. Bíllinn er kraftmeiri en áður þótt hann eyði minna.***



Porsche Cayenne er enginn smá bíll. Kröftugasta útgáfan er 500 hestöfl slétt.

Porsche Cayenne setti ný viðmið er hann kom fyrst út. Aldrei áður hafði tekist að sameina kosti sportbíla og jeppa á jafn áhrifaríkan hátt. Nú virðist hann setja viðmiðin enn hærra. Bein innspýting í brunahólf tryggir 15 prósent minni eyðslu samfara meiri krafti, tölvustýrð fjöðrun dregur úr hliðarhalla í beygjum, nýtt bremsukerfi gerir bílinn afar stöðugan (og rífur upp malbik sé nauðhemlað á miklum hraða), og VarioCam Plus kambás tryggir aukið tog á öllum snúningum og aukna snerpu (allt of flókið að útskýra en virkar afskaplega vel).

Cayenne er fáanlegur í þremur útfærslum: Cayenne sem er kraftmikill, Cayenne S sem er kraftmeiri, og Cayenne Turbo sem er ekki þessa heims. Cayenne er 290 hö, 385 Nm og kemur til með að kosta 6.985.000, Cayenne S er 385 hö og togar 500 Nm og kostar 8.785.000, og Turbo er ótrúleg 500 hestöfl, togar 700 Nm og kostar í takt við það.

Ný kynslóð Cayenne verður frumsýnd almenningi í dag í Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23.

## Snjókross í dag

HART VERÐUR BARIST Á VAÐLAHEIÐI

Önnur umferð WPSA-mótaraðarinnar í snjókrossi fer fram uppi á Vaðlaheiði í dag. Þar er ágætur snjór til mótshalds og hægt að komast á keppnisstað eftir gamla Vaðlaheiðarveginum frá Akureyri.

Keppt verður sem fyrr í þremur flokkum. Á síðasta móti var keppnin hörð og má búast við að það sama verði uppi á teningnum í dag.

Æfingar hefjast kl. 11.30 og keppni kl. 14.



Keppni hefst á Vaðlaheiði kl 14.00 í dag.










Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

Allt á einum stað
SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



FJAÐRIR OG GORMAR
Í FLESTAR GERÐIR
JEPPA
Japan/U.S.A.
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



Höfum til afhendingar strax

Nýr 2007
Mercedes Benz 2660 EURO 5
600 hestafla Dráttarbíll. Sjálfskiptur, Retarder Megaspace hús með slettu gólfi, sturtukerfi með tveimur lögnum
10,9 m.kr. + vsk

Nýr 2007
MAN 35.480 8x6HBB EURO 4
480 hestafla með D26 mótor. Hydro framdrif, Kojuhús, velbúin. Sérstaklega hentugur sem kranabíll.
9,95 m.kr. + vsk
Bílexport ehf.
www.bilexport.dk • boas@bilexport.dk
Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson s. 0049 1752711783



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


# Önnur kynslóð BMW X5 komin

***Ný kynslóð BMW X5 er komin til landsins, fyrr en ráðgert var.***



BMW X5 og X3 hafa hitt í mark hjá mörgum enda á BMW stóran og tryggan aðdáendahóp hérlendis.

„Ætli við getum ekki sagt að þetta sé nokkurs konar kynning fyrir frumkynninguna,“ segir Helga Guðrún Jónasdóttir, kynningarstjóri B&L, en fyrsta bifreiðin af nýju BMW X5 kynslóðinni er nýkomin til B&L, nokkru áður en frumkynning hennar var ráðgerð. Nýju kynslóðina bar fyrst fyrir augu almennings á hinni árlegu Detroit-bílasýningu í Bandaríkjunum í janúar, en Evrópufrumkynningin var ekki á dagskrá fyrr en í vor (og eins og frómir menn vita er Ísland í Evrópu). „Mikill áhugi er fyrir nýju kynslóðinni og það er því sannkallað ánægjuefni að geta kynnt hana fyrr en áætlað var,“ segir Helga Guðrún.

Um einn bíl er að ræða en hann er með nýja 3,0 lítra 272 hestafla bensínvél, en auk hennar verða í boði 3,0 lítra 231 hestafla og 540 Nm dísilvél annars vegar og V8 4,8 lítra 355 hestafla vél hins vegar, sem skilar bílnum í 100 km/klst. á aðeins 6,5 sek.

Um verulegar breytingar er að ræða milli kynslóða að sögn Helgu Guðrúnar. „Meira rými, aukin gæði og enn meiri þægindi lýsa kynslóðaskiptunum kannski best. Margs konar nýjungar eru jafnframt á ferð og má þar auk vélarkostsins meðal annars benda á iDrive-búnaðinn og enn betra xDrive-aldrifskerfi, sem hefur nú upp á enn fleiri kosti að bjóða.“



Kia bindur miklar vonir við cee´d.

# KIA cee‘d frumsýndur

***KIA cee‘d verður frumsýndur um helgina í KIA umboðið, Laugavegi 172. Cee‘d er fjölskyldubíll með sjö ára ábyrgð.***

Komið er að því að frumsýna KIA cee‘d en hann hefur vakið mikla athygli fyrir þær sakir að honum fylgir sjö ára ábyrgð. Í fréttatilkynningu frá KIA umboðinu er bílnum lýst sem nettum og rúmgóðum fjölskyldubíl sem mætir ýtrustu kröfum markaðarins. Ennfremur segir að bíllinn sé sérhannaður fyrir evrópskar aðstæður, enda framleiddur í bílaverksmiðjum KIA í Zilina í Slóveníu.

Er cee‘d var reynsluekið af blaðamanni Fréttablaðsins hafði hann meðal annars þetta að segja:

„Cee‘d er vel útlítandi bíll, virðist vel byggður, með góða akstureiginleika og sjö ára ábyrgð. Eini raunverulegi gallinn, fyrir utan illa heppnað fölappelsínugult ljós í mælaborði, er hversu þungur bíllinn er. Á móti kemur að í sínum flokki er hann meðal þeirra stærstu og rúmbestu.

Kia cee´d er í flokki svokallaðra C-bíla og keppir þar við tegundir eins og Volkswagen Golf, Ford Focus og Toyota Corolla. Hann á eftir að standa sig vel í þeirri samkeppni enda um vel heppnaðan bíl að ræða.“

-tg



Honda S2000 er bíll ársins að mati lesenda Top Gear.

# Skoda valið bílamerki ársins

***Árlega fer fram könnun meðal lesenda Top Gear. Á síðasta ári náði Skoda að rjúfa einokun japanskra bílaframleiðanda á toppnum, en enginn virðist geta hróflað við Frökkunum á botninum.***

Top Gear er ekki bara einn vinsælasti bílaþáttur heims, heldur einnig eitt víðlesnasta bílatímaritið. Árlega velja lesendur þess bíla og framleiðendur ársins í ýmsum flokkum og nú hafa úrslit ársins 2006 verið kunngjörð. Helstu tíðindin eru að Skoda veltir Lexus úr fyrsta sæti í keppni bílaframleiðenda en þar hafði Lexus einokunarstöðu síðustu ár. Í þriðja og fjórða sæti eru svo Honda og Mazda þannig að Japanir geta unað við sitt.

Bíll ársins var valinn Honda S2000 þriðja árið í röð. Í öðru sæti kom svo Honda Jazz, en í þriðja og fjórða sæti komu Skoda Octavia og Fabia, en velgengni þessara tveggja tegunda á stóran þátt í heildarsigri Skoda. Í valinu er einnig sérstök athygli vakin á Fiat Panda í áttunda sæti listans en Panda markar endurkomu Fiat á smábílamarkaðinn svo um munar.

Slæmur árangur franskra bílaframleiðenda er ekki nýr af nálinni í augum lesenda Top Gear. Árangurinn er þó einkar slakur í ár og á flestum listum reka Renault, Citroën, og Peugoet lestina. Árangurinn er sýnu verstur í áreiðanleikakönnuninni en þar eru átta af tíu verstu bílunum franskir. Þess ber þó að geta að án efa er könnunin eitthvað lituð af hinum klassíska og ódrepandi enskfranska ríg sem getið hefur af sér margar styrjaldir.

Niðurstöður könnunarinnar í heild má sjá á slóðinni http://www.topgear.com/content/carsurvey/2006

*tryggvi@frettabladid.is*



56.000 lesendur breska bílatímaritsins Top Gear mátu 152 bíla í árlegri könnun blaðsins. Niðurstaðan varð sú að Skoda fór með sigur af hólmi í flokki bílaframleiðanda.


Traust dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.

VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



Omega
The Ultimate Lubricant
Enginn veit hvað gæði eru fyrr en reynt hefur Omega smurefnin!
Hamraberg ehf
Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
S: 5667450
e-mail: magnusmv@simnet.is



Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

**Ný innritunarborð** hafa verið tekin í notkun í Leifsstöð. Innritunarborðunum verður fjölgað úr 25 í 43 og lýkur endurnýjuninni í vor.



# Bláhvít draumaborg

***Guðrún Axelsdóttir kynnti sér margt af því besta sem Marokkó hefur upp á að bjóða.***

Fáir Íslendingar hafa fengið jafn gott tækifæri til að kynnast Marokkó og Guðrún Axelsdóttir bókhaldari, sem dvaldi þar hjá marokkóskri fjölskyldu í september síðastliðnum.

„Ég ákvað að heimsækja fjölskyldu marokkóskrar vinkonu minnar," segir Guðrún, sem lagði ein sín liðs af stað í þessa ævintýraferð. Guðrún dvaldi í tíu daga hjá fjölskyldunni, sem býr í Khemisset, 15.000 manna bæ sem er miðja vegu milli höfuðborginnar Rabat og konungsborgarinnar Fes.

„Bærinn er nánast ósnortinn af ferðamönnum. Mikið er um litlar verslanir á jarðhæðum húsa, sem ná út á gangstéttir. Sömuleiðis saumastofur, þar sem karlar sitja fyrir utan og sauma „jellaba" í stórum stíl, sem eru þægilegar yfirhafnir. Þarna eru líka markaðir, meðal annars matvörumarkaður þar sem heimsins bestu ávextir fást."

Heimilisfólkið, sem er vel stætt, bar Guðrúnu á höndum sér og unglingarnir á heimilinu kynntu hana stoltir fyrir vinum sínum. „Ég sé íslenska unglinga nú ekki leika þann leik eftir," segir hún og hlær. „Bæjarbúar voru elskulegir og settu ekki fyrir sig þótt ég talaði enga arabísku og litla frönsku, sem eru aðaltungumálin. Mér tókst samt að gera mig skiljanlega með því að blanda saman ensku og þeirri litlu frönsku sem ég kann."

Fyrstu vikuna bilaði eina farartæki fjölskyldunnar, gamall Mercedez Benz sem telst stöðutákn í Marokkó, og Guðrún ferðaðist því ekki eins mikið og hún vildi í byrjun. Hún bætti sér það upp næstu viku þegar íslensk vinkona hennar kom til Marokkó. „Við fórum til Fes daginn eftir, þar sem við keyptum teppi á markaði í gamla borgarhlutanum Medina. Þar er hægt að fá nánast allt sem hugurinn girnist, svo sem teppi, keramik, leðurinniskó, bækur og krydd."

Að tíu dögum liðnum sögðu Guðrún og vinkona hennar skilið við fjölskylduna og héldu ferðinni til Marrakech, sem er í Suður-Marokkó og þekkt undir heitinu „perla suðursins". „Við tókum lest til Marrakech þar sem við vorum í þrjá daga. Okkur fannst það feykinóg, bæði vegna þess hve aðgangsharðir sölumennirnir á mörkuðunum eru og svo er umferðarmenningin heldur ekki hlíðholl gangandi vegfarendum."

Vinkonunum líkaði betur í Essaouira, lítilli borg við Atlatnshafið, sem er stundum kölluð „bláhvíta borgin". „Ströndin í Essaouira er yndisleg, hrein og laus við ágang ferðamanna," útskýrir Guðrún. „Fiskibátarnir koma þar inn með afla um eftirmiðdaginn, svo hægt er að velja sér ferskan fisk. Maturinn er ljúffengur og menningarlíf stendur í blóma.

Fátt jafnast á við útsýnið yfir hafið og nágrenni og engin furða að fegurð Essaouira skuli hafa dregið að sér listamenn og rithöfunda í gegnum tíðina."

Ferðalaginu lauk í Essaouira en Guðrún segist ákveðin í að ferðast aftur til Marokkó þegar tækifæri gefst. Hún muni þá heimsækja borgina aftur og fjölskylduna í Khemisset, sem hún segist oft hugsa til.

*roald@frettabladid.is*



Guðrún fyrir miðju, með Sigríði Hönnu vinkonu sinni og hluta marokkósku fjölskyldunnar sem þær bjuggu hjá. Heimilisfólkið bar vinkonurnar á höndum sér og eldaði dýrindis máltíðir ofan í þær á hverjum degi. MYND/GUÐRÚN AXELSDÓTTIR



Það vakti athygli vinkvennanna að asnar eru enn notaðir sem burðardýr í Marokkó. Þeim þótti furðulegt að sjá hvað flutt var á ösnunum og hversu mikið.



Skókaupmaður á markaðnum (souk) í höfuðborginni Rabat, sem þær Guðrún og Sigríður Hanna vinkona hennar náðu meðal annars að heimsækja.



Niðri við ströndina í Essaouira er alltaf líf og fjör. Fiskibátarnir koma inn með aflann seinnipart dagsins og þar er söluborð þar sem maður getur valið sér þann fisk sem maður vill borða, sem er svo vigtaður og eldaður. Borgað er eftir vigt.



Í Medinu, elsta hluta konungsborgarinnar Fes, er innimarkaður þar sem allt fæst sem hugurinn girnist.



Varðmaður við grafhýsi Mohammeds V í Rabat. Hann ríkti frá 1927-1961 og var einn ástsælasti konungur Marokkó. Hjá kistu konungsins situr maður og þylur úr Kóraninum allan daginn.



Guðrún, Sigríður Hanna og bílstjóri, sem þær réðu tímabundið, hjá rómverskum rústum í Volubilis. Þar er mikið um súlur og mósaíkmyndir. Volubilis er í tíu mínútna akstursfjarlægð frá Moulay Idriss, sem er talið heilagasta þorp Marokkó þar sem stofnandi ríkisins Moulay Idriss I er jarðsettur.




Skólahópar!

Fljótasiglingar - Klettaklifur
Hestasýningar - Gönguferðir - Gisting
Veitingar - Ratleikir - Hestaleiga

Hafið samband og við gerum tilboð

*Verið velkomin! bakkaflot@islandia.is*

Sími 453-8245 & 899-8245 • Ferðaþjónustan Bakkaflöt
560 Varmahlíð, Skagafirði – www.bakkaflot.is



*FERÐATÖSKUR*

*í bláu og svörtu. Léttar og ódýrar*

Beutybox kr. 2.600.-
75 cm kr. 6.500.-
66 cm kr. 6.000.-
52 cm kr. 5.500.-

Skíði í Austurríki

3.–10. mars
frá kr. 19.990

Nú eru síðustu forvöð að fara á skíði til Austurríkis með beinu morgunflugi. Síðustu sætin

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu flugsætunum til Austurríkis. Flogið verður í beinu morgunflugi til Salzburg. Frábær aðstaða fyrir skíðamenn er t.d. í Zell am See, Flachau eða Lungau. Fjöldi af lyftum og allar tegundir af brekkum, eftir óskum og getu hvers og eins, snjóbretti og gönguskíði ekki undanskilin.

Frá kr. 19.990
Flugsæti báðar leiðir með sköttum, 3. mars – 10. mars. Netverð á mann.

Frá kr. 39.990
**Vikuferð á Pension Moser**
Innifalið: Flug, skattar og gisting á Pension í SchÜttdorf í tvíbýli með morgunmat í 7 nætur.3. mars – 10. mars. Netverð á mann

Frá kr. 59.990
**Vikuferð á hótel Neuepost ******
Innifalið: Flug, skattar og gisting á Hótel Neuepost í Zell am See í tvíbýli með morgunmat í 7 nætur.3. mars – 10. mars. Netverð á mann

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is



**Ralph Lauren** er kominn til sögunnar með haustlínu 2007 sem fjallar um fágun og form. Línan er framsækin og um leið er hún nægjusöm í haustlitunum og býr yfir þokka og glamúr eins og Lauren einum er lagið. Flíkurnar má sjá í Ralph Lauren sjónvarpinu á síðunni www.polo.com






Söngkonan og Grammy-verðlaunahafinn Mary J. Blige var eins og atvinnumanneskja þegar hún sýndi þennan silfraða síðkjól, skreytt glitrandi armböndum.

# Stjörnurnar sýna í Hollywood

***Hollywood-stjörnurnar taka þátt í tískusýningu General Motors.***

Það var mikið um dýrðir þegar árleg tískusýning General Motors, Ten, fór fram í Paramount-kvikmyndaverinu í Los Angeles í vikunni. Er hún nokkuð frábrugðin öðrum tískusýningum þar sem stjörnur úr skemmtanaiðnaðinum sýna fötin en ekki fyrirsæturnar.

Tískusýningin er orðinn einn vinsælasti viðburðurinn fyrir Óskarsverðlaunaafhendinguna, sem verður haldin í mars næstkomandi, og margir keppenda nota því tækifærið til að vekja á sér athygli annað hvort með því að sýna eða láta sjá sig.

Því voru leikkonurnar Jennifer Hudson og Adriana Barraza á meðal þeirra sem reyndu fyrir sér á sýningarpallinum. Sú fyrrnefnda er tilnefnd fyrir aukahlutverk í Dream Girls en sú síðarnefnda fyrir leik í Babel. Jackie Earle Hayle, sem er tilnefndur fyrir aukahlutverk í kvikmyndinni Little Children, var á meðal karlstjarnanna sem sýndu um kvöldið.

Greina mátti mörg þekkt andlit í áhorfendaskaranum, þar á meðal leikaraparið Ashton Kutcher og Demi Moore, sem mættu til leiks ásamt vinkonu þeirra Penélope Cruz, sem er tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir bestan leik í kvikmynd leikstjórans Pedros Almodóvar, Volver.

Af myndunum að dæma virtust fyrirsætur og áhorfendur hafa gaman af og mál manna að stjörnurnar stæðu sig vel í nýju hlutverki.

*- rve*



Katherine Heigl, aðalleikkonan úr Grey´s Anatomy, þótti taka sig vel út í hvítum kvöldkjól.



Penélope Cruz, sem er tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik í Volver, mætti ásamt Demi Moore og Aston Kutcher til að vera viðstödd sýninguna. Eins og sjá má leiddist þeim ekki.

NÝJAR VÖRUR



Stuttkápur
Regnkápur
Jakkar
Úlpur

50%
útsöluhorn

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16 • Sunnud. 12-16

## Undrakrem frá Guerlain

Frá Guerlain er komið á markaðinn nýtt augn- og varakrem sem á að hægja á öldrunareinkennum. Kremið heitir Exceptional complete care eye and lip cream og er ætlað konum sem komnar eru yfir þrítugt.
Nýja augna- og varakremið byggir á sama orchidée impériale molecular extract hvatanum og önnur krem í sömu línu frá Guerlain, en það mun hafa fimmfalda yngingarvirkni enda hefur sérfræðingum tekist að nýta í kremið hvatann sem sker úr um langlífi orkídeunnar.

*- mhg*



## *Köflótt og röndótt í tísku næsta vetur*

***Á tískuvikunni í Mílanó var köflótt mjög áberandi ásamt röndum og hlébarðamynstri.***



Köflótt, röndótt og hlébarðamynstur var mikið í tísku á níunda áratugnum sem virðist vera kominn aftur með stæl.

Á sýningu Blugirl, á tískuvikunni í Mílanó þar sem haust og vetartískn var kynnt, var níundi áratugurinn sérstaklega áberandi og mátti sjá það bæði í litavali og sniðum.

Sokkabuxurnar verða í sterkum litum og hattar áberandi.

allt atvinna
Alla sunnudaga



Hafmeyjustíll frá Oasis á 1.000 kr.



Bolur með kátum hauskúpum í anda Mexíkókvenna. 2.790 kr. í Top Shop.



Rauður bolur með blúndum og fínerí 500 kr. (útsöluverð). Oasis, Smáralind.

# Á toppnum

***Stundum þarf ekki annað en lítinn flottan topp og töffaralegar gallabuxur.***

Einfaldleikinn getur stundum verið áhrifameiri en það sem krefst mikillar fyrirhafnar. Flottur bolur við fallegar gallabuxur getur til dæmis hentað sem fyrirtaks samkvæmisklæðnaður, þá með viðeigandi förðun og fylgihlutum. Konur sem eru svo heppnar að vera í kjörþyngd geta flestar borið slíkan klæðnað með sóma, en séu aukakílóin fleiri en fimm eða tíu verða kjólar yfirleitt klæðilegri.

Flestar tískuvöruverslanir eru með úrval af alls konar toppum og bolum sem kosta ekki svo mikið að konur fari á hausinn og því er það viðráðanlegt fyrir flestar skvísur að splæsa í einn slíkan á föstudagseftirmiðdegi ef ferðinni er heitið í partí um helgina. *- mhg*



Elizabeth Hurley í fjólubláum silkitoppi með blúndum og með lítið fallegt men um hálsinn.



Leikkonan Nora Zehetner, sem leikur Eden í Heroes-þáttunum, mætir hér í veislu íklædd flottum bol í „60s"-stíl og gallabuxum. Veskið, hatturinn og litla hvíta bandið á úlnliðnum setja svo punktinn yfir i-ið.



Blár bolur með asísku ívafi á 3.490 kr. í Top Shop.



Kvenlegur, flottur og fjólublár. 3.990 kr. Vila, Smáralind.

## Breytt Blair

LEIKKONAN SELMA BLAIR GERIR RÓTTÆKA ÚTLITSBREYTINGU.

Á meðan heimsbyggðin stendur á öndinni yfir snoðuðum haus söngkonunnar Britney Spears, fær leikkonan Selma Blair jákvæða athygli fyrir nýju klippinguna sína. Blair sem er að öllu jöfnu þekkt fyrir millisítt dökkt hár, mætti með gylltan drengjakoll á tískusýningu Marcs Jacobs í Claridges á tískuvikunni í London á föstudaginn var.

Blair mætti í gylltum kjól, dökkum jakka og svörtum stígvélum á sýninguna, sem haldin var í tilefni af opnun fyrstu Marc Jacobs-verslunarinnar í Connaught Hotel í London. Að sýningu lokinni hafði leikkonan fataskipti fyrir eftirpartí þar sem hún mætti í röndóttum skokk í stað gyllta kjólsins, til að fagna með vini sínum Jacobs og samstarfsfólki hans. *- rve*



Leikkonan Selma Blair vakti athygli fyrir nýja hárgreiðslu á tískusýningu Marcs Jacobs.

speedo PUMA

50-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!



Future Cat Crib - 1.990 kr.
Rétt verð: 3.990 kr.
Stærðir 18-20




Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 12 – 18
Laugardagar kl. 12 – 16

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík

allt auglýsingasími 550 5880

GOTT FÓLK McCANN



Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI
6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG SIRRÝ TAKA Á MÓTI ÞÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR
FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN

Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

# allt - sem þig vantar

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN:**
**VIRKA DAGA 8–18**
**UM HELGAR 11–16**

## BÍLAR & FARARTÆKI

HEIMS BÍLAR
www.heimsbilar.is



SUZUKI JIMNY JLX árg 6/2003 ek. 49 þ.km Verð 850 þ. Snyrtilegur bíll. Flott Eintak. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.



FORD EXPLORER LTD 4WD LIMITED árg 2004 ek. 50 þ.km Verð 3.450 þ. Áhvílandi 2.670 þús. Afborganir 47 þús á mánuði. Flottur bíll, Einn með öllu. Flott Eintak. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.



HONDA CR-V ADVANCE 150 HÖ árg 2/2003 ek 84 þ.km Verð 1.890 þ. Gott eintak. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.



HYUNDAI GETZ GLS árg 4/2004 ek. 45 þ.km Verð 1.090 þ. Tilboð 990 þ. Áhvílandi 816 þ. Afb 13 þús á mánuði. Snyrtilegur bíll. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.



NISSAN TERRANO II DÍSEL 33" árg 2/2000 ek. 125 þ.km Verð 1.790 þ. Áhvílandi 1.493 þús. Afborganir 30 þús á mánuði. Leður, topplúga. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.



DODGE RAM 2500 QUAD 4X4ST DÍSEL árg 2004 ek. 72 þ.mílur Verð 3.480 þ. Áhvílandi 2.700 þús. Flott Eintak. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.

**Heimsbílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E
567-1800
Löggild bílasala

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

BÍLASALA AUSTURLANDS
ER



Hummer 6,5 skr 12/1995 ekinn aðeins 25,000km. Yfirbyggður Björgunarsveitarbíll í reglubundnu viðhaldi. 44" Nelgd ný Groundhawk, 44" breyttur, lækkuð drif, loftlæstur bæði drif, loftdæla og búnaður til að dæla í á ferð eða hleypa úr. Olíumiðstöð, útbúinn fyrir sjúkrabörur, sæti fyrir 9 manns m/ökumanni & fl. & fl. Ásett verð 4.600.000 kr. Óskum eftir tilboði. Nánari upplýsingar gefur Hjálmar, Bílasölu Austurlands, s. 471 3005 & 896 6434, www.austurland.is/bilasala

**Bílasala Austurlands**
**Fagradalsbraut 21, 700 Egilsstaðir**
**Sími: 471 3005**
**www.austurland.is/bilasala**

bilasalinn.is



VW Jetta 1.9 TDI Trendline 11/2005, ek. 24 þ.km, 5 gíra, dísel, lán 1.380.000. 22þ. á mánuði, Verð 2.290.000. Upplýsingar í símum 866 5354 og 533 2100 og á www.bilasalan.is

**Bílasalinn.is**
**Hjalteyrargötu 2, 600 Akureyri**
**Sími: 461 2525**
**http://www.bilasalinn.is**

bíla land B&L
notaðir bílar
www.bilaland.is
BÍLL DAGSINS



Hyundai Santa FE. Nýskr. 04/2002, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur / grár, ekinn 82.000 þ. Verð 1.890.000.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

-PRO
www.protrade.is

**Innflutningur og sala**



Ski-Doo Renegade-X 800, árg. 2007. Nýr sleði sem fæst á mjög góðu verði, 1.315 þús!! 1.75" belti, rastart, bakkgír osfrv. Uppl. í síma 897 9599 og 897 7571.

**PRO ehf**
**Hvaleyrarbraut 3, 220 Hafnarfjörður**
**Sími: 897 9599**
**http://www.protrade.is**

brimborg
Taktu bíl

**Brimborg**
**Bíldshöfða 6, 110 Rvk.**
**Sími: 515 7000**
**www.brimborg.is**

SG BÍLASALA
Sími: 421 4444



DAEWOO KORANDO E-23. Árgerð 2000. Ekinn 83 þ. km. Verð kr. 850.000. Ekkert áhvílandi. Skoða öll skipti. S. 892 8058.

**SG Bílasala**
**Bolafót 1,**
**Sími: 421 4444**

100 bílar.is



Polaris FUSION 900 136" 47mm, árg. 2005, ek. 1þús.km, hlaðinn aukahlutum. Verð 1.390þús. kr.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Nú er rétti tíminn til að panta draumabátinn fyrir sumarið! Margar gerðir í boði. www.vatnasport.is S. 822 4060.



Toyota Land Cruiser 90. Árg. '99. 38" breyttur, ný dekk, nýjar felgur, loftdæla, aukatankur, mikið endurnýjaður. Áhv. 2.050þ. Verð 2.690þ. stgr. Uppl. í s. 866 3170.



Toyota Avensis station, árg '06. Ek 10 þús. Verð 2.430þ., lán í boði. Skoða skipti á Hondu CRF 250, 450. Uppl. í s. 867 5954.



Mercedes Benz C 200 Kanpressor Elegance '05, ek 21 þús., toppl. Leður. Og flestir aukahlutir. Evrópu bíll. 17". Verð 3.900þ. áhvíl. 3.350þ. afborg. 59þ. per mán. Ath skipti á ód. Ca 500 - 1000. Uppl. í s. 567 6011 & 840 9050.



Toyota Avensis '98, ek. 175 þús., nýsk. Gott eintak. Verð 450 þús. S. 894 1115.



Yaris T-sport 2002, ekinn 89 þ. 300 þ. út og yfirtaka. S. 869 9264.



Skoda Octavia. Árg. '05. Ek. 21 þ. Sumar & vetrardekk. Mjög góður bíll. V. 1.590 þús. Einginn skipti. S. 868 3816.



Pajero, árg.'89, vel við haldin bíll. Verð 145þ. Uppl. í s. 895 6381.



Opel Corsa '02 flottur bíll, sk. '08. Hægt er að yfirtaka lán, greitt á milli. Tilboðsverð 400 þús. Uppl. í s. 865 8289.



Til sölu Isuzu Trooper '98. Ek. 236 þ. Verð 890 þ. Vill gjarnan skipta á góðum sleða. S. 847 2460.



**Tilboð óskast**
Honda Accord '95, skoðuð '08. Verð 250þús kr. Uppl. í s. 868 5922.



Peugot 605. Árg '96. Ek 112 þús. Ssk. 150 hö. Túrbó. Vel með farinn. Cd. á felgum vetrar og sumardekkjum. Verð 650 þús. S. 660 7782.



Til sölu Toyota Avensis 1.8. Ssk. '98. Ek. 149þ. Krókur. Góð dekk. V. 600þ. S. 617 1360.



Toyota Yaris Sol, árg. 2005, ekinn 50.000 km. Verð 1.190 þús. S. 869 7196.



Peugeot 406, árg.'03, ek 176þ., 1,8, ssk. Verð 950þ. eða 790þ.stgr. Ath skipti á ódýrari. S. 821 5112, birki.rutsson@gmail.com



Til sölu Ford Escort árg. '00. Verð 450þ. Uppl. í s. 567 8194.



Nýskráður Daihatsu Gran Move '99, ek. 124 þús., ssk. Verð 400 þús. Uppl. í s. 553 7623 & 845 7623 & 865 9684.



VW Golf 4/2005. 18 þ.km og enn í ábyrgð. Sumar og vetrardekk. 1,4 bensínvél. Staðgreitt 1.350þús. Sími 858 6709.



Yfirtaka á láni engin útborgun! Glæsilegur WV Passat '03, ekinn 63.000 km. Staða á láni 1.550.000. Möguleg skipti á minni bíl. Nánari upplýsingar í s. 893 0023.



Suzuki Vitara, árg. '98, ek. 105þ., með dráttarkúlu. Verð aðeins kr. 420.000, s. 860 3020.



Pajero Sport fæst gegn yfirtöku á láni. '00, ek. 80 þús. S. 661 4523.



**Subaru Impreza Wrx**
Árg '07/05. Ek 42 þús. Spoiler/ filmur allan hringinn. 17" felgur, og fl. Uppl. í s. 869 7687.(Bilalind.is)



Grand Cherokee Ltd. 4,7l, V8, 35" dekk. M. KT felgum. Ek. 95þ. Með NMT síma. Fallegasti jeppi á Íslandi. Verðhugm. 2.190þ. Staðgreiðslu tilboð óskast. S. 869 0378.



Hyundai Atos, nýskr. 11.09.98, vel m. farinn, ekinn 76 þús., verð 250 þús. Uppl. í s. 898 6254.



VW Golf, árg. '01, 1600 cc, yfirtaka á láni, 27 þús á mán. Sumar og vetrardekk. Uppl. í s. 699 7869.



Til sölu vel með farinn VW Golf syncro árg. 1996, ekinn 120.000 km. Tilboð óskast. Uppl. í s. 892 4639.



Nissan Terrano II SE '98, ekinn 97.000. Bensín, beinskiptur. Vel með farinn. Verð 950 þús. Uppl. í s. 693 7100.



4Runner 94 módel. Ek. ca 230þ. 3.0l, t.d 36" búið að skipta um bæði frambretti, afturhlera og afturhurð og bíllinn var almálaður túrbínan var tekin upp fyrir ári. Afgas, boost, olíuþrýstingsmælar, cb stöð og lagnir fyrir nmt síma. 3" púst, K&N sía, prófíltengi o.f.l. verðhugmynd 900þ. S. 868 8116.

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 24. FEBRÚAR 2007



**DANÍEL MAGNÚSSON**

## Endingargóðir stólar með fullkomnu burðarþoli

**Í VEISLUNA**

## Ekki meira sósusull

**ELDHÚSINNRÉTTINGAR**

## Hannað og smíðað hér heima

FRÉTTABLAÐIÐ

SPURÐU FASTEIGNASALANN...
VELFAC
...HVORT ÞAÐ SÉU VELFAC GLUGGAR Í DRAUMAÍBÚÐINNI
Því það skiptir máli.
10 ÁRA ÁBYRGÐ
formaco
Formaco • Fossaleynir 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 2050 • Fax: 577 2055 • www.formaco.is

# Tilvalinn staður til að gera ekki neitt

Unnur Guðjónsdóttir á lítinn kofa við Elliðavatn. Þar hefur hún komið sér þægilega fyrir og skreytt bæði innan og utan með munum úr ferðalögum sínum um heiminn.

Bærinn Vör stendur við bakka Elliðavatns með útsýni yfir vatnið og Bláfjallahringinn í fjarska. „Nafnið er komið úr Snorra-Eddu en Vör var ein af ásynjunum,“ útskýrir Unnur, sem átt hefur kofann í um ellefu ár. Hann keypti hún af ferðafélaga úr einni af Kínaferðum sínum. Unnur fer hjólandi allra sinna ferða og lætur sig ekki muna að hjóla í klukkutíma frá heimili sínu í miðbænum bæði sumar og vetur. „Ekki neitt,“ svarar Unnur hlæjandi þegar hún er spurð hvað hún hafist að í kofanum sem er hvorki tengdur við rafmagn né vatn.

„Ég sit og horfi á útsýnið og slappa af,“ útskýrir hún.

Kofi Unnar var fyrst byggður sem bátaskýli og síðar var byggð önnur hæð ofan á það. „Þetta er því tveggja hæða bústaður,“ segir Unnur kímin um pínulitla kofann sinn sem var heldur laslegur þegar hún tók við honum fyrir ellefu árum. Hún hefur sjálf lappað upp á hann og gert vistlegan enda er hún nokkuð lagin með hamarinn.

Rauð girðing er meðfram lóðinni en glæsilegt hliðið inn í garðinn er gert úr kínverskri rúmfjöl í þremur hlutum sem Unnur ferðaðist með í handfarangri alla leið frá Kína.



Unnur er eigandi Kínaklúbbs Unnar og hefur farið rúmlega tuttugu sinnum til Kína. Í tilefni af nýja kínverska árinu, ári svínsins, setur Unnur upp mynd af kínverskum hershöfðingja úr þjóðsögu sem segir að hann muni verja heimilið fyrir illum öndum.

FRÉTTALBLAÐIÐ/VILHELM

Þegar hún kemur í bústaðinn hengir hún ávallt kínverskt skraut á hliðið og húsið og því auðvelt að sjá hvenær hún er heimavið.

Inni í kofanum eru margir fallegir munir en flesta þeirra hefur Unnur fengið að gjöf frá vinum og kunningjum eða keypt á ferðalagi. Þar ægir mörgu saman, styttum, ljósmyndum og munum auk tveggja málverka eftir Unni sjálfa.

Ástæðan fyrir heimsókninni í þetta sinn var að hengja plakat af kínverskum hershöfðingja á útihurðina í tilefni af ári svínsins. „Þetta er yfirleitt gert á gamlársnótt en hershöfðinginn er persóna úr gamalli þjóðsögu. Fyrir langa löngu var keisarinn veikur og lét tvo hershöfðingja standa vörð við útidyrnar til að halda vondum öndum frá. Þetta tókst svo vel að keisarinn varð frískur. Almenningur hafði ekki efni á hershöfðingjum og máluðu myndir af þeim á dyrnar í staðinn og þetta varð síðar að hefð.“

Margt í kofanum minnir á Kína enda skipuleggur Unnur ferðir til landsins með Kínaklúbbi Unnar. Hún þekkir vel til í Kína enda hefur hún farið þangað rúmlega tuttugu sinnum, en í fyrsta sinn dvaldist hin lærða dansmær þar í þrjá mánuði árið 1983. Í apríl heldur hún utan með 24. hópinn sinn og leitar uppi skemmtilega staði sem fæstir ferðamenn fá augum að líta enda vill Unnur leyfa fólki að sjá hið raunverulega Kína.

Ef fólk vill fræðast nánar um ferðir Unnar er bent á vefsíðuna www.simnet.is/kinaklubbur

*solveig@frettabladid.is*



Krúttlegi kofinn er ekki stór en mjög notalegur. Upprunalega var þetta bátaskýli sem byggt var ofan á. Unnur geymir rauðan bát á neðri hæðinni, sem hún nefnir Karfa, og rær stundum út á vatnið.



Drykkjarhornin hefur Unnur keypt víða um heim og nýtast vel í hinum fjölmörgu boðum sem haldin eru í bústaðnum smáa.



Unnur skreytir húsið og garðinn með munum frá Kína.



Kamínan er mikið notuð í kofanum enda eina uppspretta hita.



# Afar vönduð borðstofuhúsgögn

skovby®
Excellent Dining Rooms



Hönnuður: Per Hansbæk

Stækkanlegt borð f.20 manns











Komdu núna og gerðu frábær kaup

Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
**Opið** Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16




Zzz Zzz Zzz
AMERÍSKUR LÚXUS MEÐ TILHEYRANDI ÞÆGINDUM
20% KYNNINGARAFSLÁTTUR
Á SÓFUM, TUNGUSÓFUM, STÓLUM, HORNSÓFUM OG SVEFNSÓFUM



TEKK COMPANY
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS



Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur
Tekk - Kirsuberja - Hlynur
Hringið og biðjið um mynda- og verðlista
HEIMILISPRÝÐI
HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400


1


2


3


4

# Ekki meira sósusull


5

Þegar góða veislu gjöra skal er gott að eiga veglega sósuskál. Hjá mörgum

**1. Sniðug sósuskál** úr málmi er hönnuð af Bent Falk fyrir merkið Menu. Hana má nota jafnt sem sósuskál og fondúpott enda er sprittkerti undir sem heldur hita á innihaldinu. Með þessu fylgir bæði ausa og lítill þeytari. Skálin fæst hjá Tékk Kristal í Kringlunni og kostar 4.760 kr.

**2. Blá stór sósukanna** sem fæst í nokkrum litum. Ílát og áhöld sem nota má á margan hátt eru skemmtileg enda þarf ekki að einskorða þessa könnu við sósu. Kannan fæst í nokkrum litum og fæst hjá Duka á 3.900 kr.

**3. Glerskál** sem stendur á járngrind er hituð með sprittkerti til að halda hita á sósunni. Sósuskeiðin fylgir með en allt kostar þetta 3.690 krónur hjá Tékk Kristal.

**4. Stálkanna með loki** sem tekur um hálfan lítra af sósu er bæði smekkleg og hagkvæm. Fæst hjá Duka í Kringlunni á 3.900 kr.

**5. Fondúpotturinn** getur öðlast nýtt hlutverk sem sósuskál. Hann rúmar mikið magn af sósu, hægt er að halda henni heitri og maður losnar við leiðinda kekki sem geta komið þegar sósan kólnar. Þennan fondúpott má fá í Duka í Kringlunni á 6.900 kr. Vegleg ausan er á 1.590 kr.

**BLÓM** eru ekki aðeins fyrir sérstök tilefni. Þau lífga líka upp á hversdaginn og skemmtilegt getur verið að hafa borðskreytingu á stofuborðinu alla daga. Það gleður þreytt augað eftir langan vinnudag.

Sumum finnst sjálfsagt dýrt og hálfgert bruðl að viðhalda slíku punti. Þeir geta þó andað léttar enda eru til prýðis silkiblóm, sem varla er hægt að greina að séu úr gerviefni, en gera sama gagn. Þau fást til dæmis í Soldis á Laugavegi og í Blómavali.



# MOSFELL

Vakin er athygli á því að Trésmiðjan Mosfell ehf., er flutt úr Mosfellsbæ. Skrifstofa fyrirtækisins er nú að Miðhrauni 14, 210 Garðabæ og trésmiðjan að Norðurgarði 8 í Sandgerði.

# KERTO LÍMTRÉ



## KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.

KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.

KERTO LÍMTRÉ er mikið notað sem burðarbitar, einnig í milligólf og þaksperrur þar sem venjulegar sperrur duga ekki.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.



*Æfingasvæði NK á Seltjarnarnesi*



*Iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði*



TM MOSFELL EHF • MIÐHRAUNI 14 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619 • MOSFELL@MOSFELL.IS

# Gleði & fjör við matarborðið

Líkt og „frúin hlær í betri bíl frá Bílasölu Guðfinns" hafa börnin oft meira gaman af matnum ef hann er skemmtilega framreiddur. Það má að sjálfsögðu gera með matreiðslunni sjálfri en einnig er hægt að verða sér úti um fallegan og sniðugan borðbúnað og bitabox. Við fórum á stúfana og fundum nokkra sniðuga hluti í eldhús barnanna. Mikið er til af skrautlegum bitaboxum með ýmsum skemmtilegum smáatriðum eins og til dæmis litlum hólfum og smellum. Svo má fá box eða poka sem halda heitu og köldu. Hin japönsku bento-box eru mjög sniðug en þau skiptast niður í lítil hólf sem taka má úr að vild og því er hægt að raða snyrtilega í bitaboxin og hafa margréttað.

**1. Borðbúnaðarsett með dýramyndum** sem er ofan í skemmtilegu boxi sem er til margra hluta nytsamlegt. Til dæmis gæti það nýst sem nestisbox. Fæst í Þorsteini Bergmann á Skólavörðustígnum og kostar 2.380 kr.

**2. Bento-box frá Hello Kitty.** Fæst í Frú fiðrildi og kostar 1.290 kr.

**3. Áldós með böngsum í lautarferð.** Klassískt og skemmtilegt box sem nýst getur sem kökudunkur, bitabox eða leikfangageymsla. Fæst í Þorsteini Bergmann og kostar 770 kr.

**4. Hnífapör sem hægt er að púsla saman.** Kosta 880 krónur og fást í Þorsteini Bergmann.

**5. Skemmtilegur sessunautur.** Tiny Terry dúkka frá My-Toy, „picnic"-týpan og því ekki úr vegi að kippa henni með sér í lautarferð. Þetta er í raun safngripur þar sem dúkkan er af gömlum lager frá sjötta áratugnum. Fæst í Þorsteini Bergmann og kostar 680 kr.






**DÝRAHEIMUR** STENDUR NÚ FYRIR

# LJÓSMYNDA- OG MYNDBANDASAMKEPPNI

ÞAR SEM AÐALVIÐFANGSEFNIÐ ER GÆLUDÝR



KEPPNINNI LÝKUR **1. APRÍL** NÆSTKOMANDI OG VEITT ERU **VEGLEG** VERÐLAUN FYRIR BESTU **LJÓSMYNDINA** SEM OG BESTA **MYNDBANDIÐ.**



SENDIÐ EFNIÐ Á:
**KEPPNI@DYRAHEIMUR.IS**
EÐA
**DÝRAHEIMUR**
**KRÓKHÁLSI 4**
**110 REYKJAVÍK**

DÝRAHEIMUR

www.dyraheimur.is

# Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU®



Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is

Ekkert viðhald

Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is

E.Backman auglýsingastofa





pgv

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is



VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU



**Allar gerðir af kerrum**
Allir hlutir til kerrusmíða

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is


● **HITAPLATTAR** geta tekið óþægilega mikið pláss í eldhúsinu. Það er ekki hægt að segja um þennan hérna sem er frá menu og fæst hjá Tékk Kristal. Hann er hannaður af Jakob Wagner, er úr einhvers konar gúmmíi og eins og sést er hægt að leggja hann saman þannig að lítið fer fyrir honum. Til dæmis passar hann þá vel ofan í hnífaparaskúffuna.





**Svart og hvítt er vinsælt. Íbenholt er svartasti náttúruviður sem til er.**



**Höldulausar innréttingar með álgripi á skúffunum eru vinsælar. Ekki spillir þegar þær eru hvítar með háglansáferð og svartri plötu.**



**Frönsk hnota er í þessari innréttingu. Hún hefur þá eiginleika að halda nánast alveg óbreyttum lit.**

# Hannað og smíðað hér heima

● Íslenskar innréttingar úr eðalviði eru aðalsmerki fyrirtækisins GKS á Funahöfða 19.

Í nýjum sýningarsal GKS ber mest á eldhúsinnréttingum. Sumar eru úr næstum svörtum náttúruviði sem nefnist íbenholt, aðrar ljósari, allt upp í hvítan háglans. Allar stílhreinar og vandaðar. Að sögn Arnar Aðalgeirssonar framkvæmdastjóra eru innréttingarnar búnar til á staðnum. „Þetta er allt íslensk vara, hönnuð hér heima og smíðuð hér heima,“ segir hann festulega. Hann tekur fram að þótt við blasi einkum eldhúsbúnaður í sýningarsalnum þá þjónusti GKS innréttingamarkaðinn allan og taki að sér sérsmíði hvers konar fyrir stofnanir, fyrirtæki og heimili. „Við sérsmíðum til dæmis eldhúsinnréttingar sem við hönnum í samráði við okkar viðskiptavini og finnum með þeim bestu uppröðun og lausnir,“ segir hann og tekur fram að fyrirtækið kappkosti að nota vandað efni og bestu íhluti sem fáanlegir séu. Aðspurður segir hann efnið einkum koma frá Þýskalandi.

GKS varð til fyrir nokkrum árum með samruna fyrirtækjanna Kristjáns Siggeirssonar, Gamla kompanísins og Trésmiðjunnar eldhús og bað. Starfsmenn eru þrjátíu og Arnar segir þar mikla reynslu samankomna. „Við erum með stóra verksmiðju á íslenskan mælikvarða og hagkvæma framleiðslu þar sem við höfum yfir að ráða fullkomnustu tækni sem hægt er að fá, tölvustýrðar vélar sem tryggja hámarksnákvæmni og hagræðingu í vinnslu.“ Þess má geta að hægt er að sjá framleiðsluna á vefnum www.gks.is

*gun@frettabladid.is*



**Mikið er til af skilrúmum og alls kyns bökkum í skúffurnar hjá GKS.**



**Andy Warhol gerði drottningunni góð skil í verkum sínum.**

# Áttundi áratugurinn og Warhol

Andi listamannsins Andys Warhol hefur heldur betur verið endurvakinn með kvikmyndinni The Factory Girl. Því er kominn tími til að dusta rykið af verkum listamannsins sem gerði Campbell's-súpudósina fræga. Andy Warhol var einn af frumkvöðlum popplistarinnar í Bandaríkjunum. Hann fæddist árið 1928 og hét með réttu Andrew Warhola og var af tékkneskum ættum. Warhol gerði neyslusamfélagið að sínu helsta viðfangsefni og eru staflar af handmáluðum Brillókössum listamannsins af mörgum taldir tímamótaverk í listasögunni.

Á vefnum er hægt að nálgast afprentanir af verkum meistarans, eins og myndirnar ódauðlegu af Marilyn Monroe og Englandsdrottningu. Sjá fulcrumgallery.com.

● **UPPLÝSTAR MÖLFLUGUR** Pakkinn utan af ljósinu er lampinn sjálfur og honum fylgja límmiðar af mölfiðrildum sem hægt er að líma á vegginn. Skemmtileg hönnun sem við fundum á netinu, slóðin á vefsíðuna er: www.designinit.org.uk .







**Fermingargjöf frá okkur:**
Við gefum 5.000 kr.
upp í fermingarrúm.
RÚM

Svíf þú inn í svefninn



**Úrval fylgihluta:**
Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, dýnuhlífar, náttborð og fleira.

**Eftir þínu höfði:**
RB-rúmin og gaflar eru sérsmíðuð eftir þínum óskum. Þú ræður lengd, breidd, hæð, fótum og lit á gafli og botni.
RB-rúm er í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðsamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun springdýna.

**Opið alla virka daga frá 8–18 og á laugardögum frá kl. 10–14.**
RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RÚM
Stofnað 1943



Nýjar vörur
póstsendum
verðlistinn við Laugalæk • sími 553 3755

# Tunglið og ungfrú Blanche

Japanski hönnuðurinn Shiro Kuramata (1934-1991) er einn merkasti hönnuður Japana á tuttugustu öld. Kuramata var þekktastur fyrir að nota efni úr iðnaði líkt og stálmöskvanet til að móta húsgögn og innanstokksmuni.

Eitt af hans þekktustu verkum og það sem vakti mikla athygli þegar hann kynnti það árið 1986 var stóllinn „How High the Moon“. Talið er að stóllinn endurspegli kraft og vaxandi sköpunargáfu Japans eftirstríðsáranna.

Árið 1990 veittu frönsk yfirvöld Kuramata hin virtu verðlaun Ordre des Arts et des Lettres, fyrir framlag sitt til lista og hönnunar.



How High the Moon.



Miss Blanche

Þess má geta að árið 1997 seldist „Miss Blanche“-stóll úr smiðju Kuramata á 86 þúsund Bandaríkjadali hjá uppboðshúsinu Christie‘s í London. Tveggja sæta „How High the Moon“-stóll seldist á 24 þúsund dali hjá Bonhams í London ári síðar. Kuramata er meðal eftirsóttustu listamanna og hönnuða tuttugustu aldarinnar.



















# Aftur til fortíðar

● Mörgum finnst fátt notalegra en að rifja upp æskuna í eldhúsinu hjá ömmu, þegar kringlu var dýft í sykrað mjólkurkaffi og Fjórtán fóstbræður eða söngvar Savannatríósins hljómuðu frá einu útvarpsrásinni sem var í boði. Þeir sem kunna vel að meta slíkar minningar ættu að gera sér ferð í Byggt og búið því þar er að finna töluvert úrval af skemmtilegum munum sem færa andann aftur til fortíðar.

**1. Fallegur teketill** á 4.999 kr.

**2. Kitchen Aid hrærivél** er draumur margra húsmæðra (og útivinnandi húsmæðra). Hvað með að fá sér eina bleika og styrkja um leið baráttuna gegn brjóstakrabbameini? Vélin kostar 42.900 kr. en hluti af þeirri upphæð rennur til rannsókna á brjóstakrabbameini.

**3. Morgunhaninn.** Sígild vekjaraklukka sem ætti að henda öllum svefnpurkum fram á gólf með hressandi bjölluhringingu. Kostar 1.749 kr.

**4. Hæna sem mælir suðutíma**, eða hvaða tíma sem er. 382 kr.

**5. Litrík og sæt glös** sem myndu henta vel fyrir mjólk og kringlu. Kosta 249 kr. stykkið.



NEW CONCEPTS
Hönnun: Lodovico Acerbis, 1999

ACERBIS

# NÝ HUGSUN





feguròin býr
í smáatriðunum

Þú upplifir sönn nútímaþægindi með NEW CONCEPTS línunni frá Acerbis.
Í baki skápanna er 10 sm breið rauf með innbyggðri lýsingu sem skapar notalega stemningu auk þess að fela allar tilheyrandi snúrur.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opið í dag frá kl. 11-16.

PIPAR • SÍA • 70266



Daníel hannar ekki bara húsgögn, hér er sushi-sett úr smiðju hans.



Rúmið Garmur er allsérstætt í útliti.
MYNDIR/GUÐMUNDUR INGÓLFSSON



Stóllinn Hex sem hægt er að hækka og lækka.

# Frá buffhamri í húsgagnahönnun

Myndlistarmaðurinn Daníel Magnússon smíðar og hannar húsgögn í aukavinnu.



Parabola heitir þessi stóll en Daníel notar jöfnur fyrir fullkomið burðarþol til að smíða fætur stóla sinna og gerir þá þannig endingarbetri.

Hann situr í notalegu horni á kaffihúsinu Gráa kettinum á spjalli við nokkra kunningja þegar blaðamann ber að garði. Myndlistarmaðurinn og húsgagnasmiðurinn Daníel Magnússon er hér heimavanur enda fastagestur.

„Mamma lagaði allt heima hjá mér með buffhamri og ég fékk að hjálpa til þegar þurfti," segir Daníel og útskýrir þannig grunn sinn í húsgagnasmíðinni. „Svo eignaðist ég verkfæri á fermingaraldri og fór að smíða mér hluti. Á þessum tíma fékk ég gamalt búr til að búa í og fékk að innrétta það sjálfur, lagaði gólfið og smíðaði mér rúm og stóla. Þetta var svona fyrsta „projectið" mitt," segir Daníel og glottir. „Ég bjó í þessu herbergi í tvö, þrjú ár og svo tók bróðir minn við og þessar mublur dugðu vel," segir Daníel en segja má að þarna hafi strax verið farið að mótast það sjónarmið sem hann miðar við í dag við húsgagnahönnun sína. „Ending er ákveðið sjónarmið hjá mér, en þó ekki á kostnað fagurfræðinnar. Það er númer eitt, tvö og þrjú að hlutir séu ekki búnir til úr vondu „materíali" eða illa samsettir," segir Daníel en á húsgögnum hans er svo gott sem lífstíðarábyrgð þar sem hann lagar þau ávallt strax ef þau bila. „Þetta er nokkurs konar „statement" gegn þessari fjöldaframleiðslu sem við eigum kost á að eignast í dag. Ég vil að hægt verði að finna húsgögnin mín í Góða hirðinum eftir 200 ár og þá í góðu lagi," segir hann og hlær.

Daníel segir húsgögn sín selja sig sjálf. „Þar sem þau hafa lent hafa þau smitað út frá sér," segir Daníel, sem hefur smíðað húsgögn frá árinu 1994. Ekki hefur þó verið mikið að gera fyrr en núna síðustu mánuði.

Daníel selur munina sjálfur, hann prófaði að vera með þá í verslun um tíma en fannst það ekki henta þar sem álagningin er svo mikil og við það verði hlutirnir of dýrir.

Inntur eftir því hvort allt á heimili hans sé eftir hann sjálfan svarar Daníel: „Ég á húsgögnin mín voðalega stutt, ef einhvern vantar eitthvað í gjöf eða annað tek ég hann út af heimilinu mínu. Í dag á ég tvo stóla og það getur vel verið að þeir þurfi að fara að heiman einhvern daginn," segir Daníel kíminn og bætir við að hann hafi meira að segja einu sinni selt undan sér rúmið sitt. „Ég hef bara ekki efni á sjálfum mér," útskýrir hann glottandi.

solveig@frettabladid.is





Daníel með stól sem hann hannaði og smíðaði sjálfur. „Þessi er kallaður Lazy-girl og er hannaður út frá fullkomnu burðarþoli," segir Daníel um stólinn, sem þjónar gestum Gráa kattarins í Hverfisgötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


30%
LOKADAGAR









30% afsláttur af rúmum
rafstillanleg og hefðbundin.
Nýtt kortatímabil

Baðsloppar
20% afsláttur
Handklæði
30% afsláttur
Rúmteppasett
20-40% afsláttur
Sængurfatnaður
20% afsláttur

Útsala
20-50% afsláttur

rúmco
Langholtsvegi 111, 104 Rvk. Sími 568 7900
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-16







## KNUD HOLSCHER/d line

PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Indstriel Design (Iðnhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtiþilin fyrir almenningssalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



d line
Heimsklassa hönnun

ASETA
BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI
Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is





# LÚR
BETRI HVÍLD

Komdu við í verslun okkar í Smáranum.
Við erum staðsett rétt fyrir ofan Smáralindina á horni Hlíðasmára og Smárahvammsvegs.



## Opnunartímar:
mán–fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

LÚR - BETRI HVÍLD • HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100 • WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

# Ótrúleg tilboð í gangi

á rúmum, rúmgöflum, svefnsófum og náttborðum



Þú sefur betur í rúmi frá Lúr

hönnun: www.origami-art.net




nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

*Nú er lag að gera góð kaup og spara, því verðið hefur aldrei verið hagstæðara*

innréttingar í öll herbergi heimilisins

*Eldhúsinnréttingar · Baðinnréttingar · Þvottahússinnréttingar · Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum*

# Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!

## 20% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum til 12. mars.

***Þitt er valið!***
*Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.*

***Við hönnum og teiknum fyrir þig!***
*Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.*

***20% afsláttur af raftækjum!***
*Á tilboðsdögum veitum við a.m.k. 20% afslátt af ELBA og Snaigé raftækjum, þegar þau eru keypt með eldhúsinnréttingu.*




Velkomin í Friform, þar sem þú færð meira fyrir peningana

Virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 10-16

# Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500




FABRIKAN

# Zzz Zzz Zzz

AMERÍSKUR LÚXUS MEÐ TILHEYRANDI ÞÆGINDUM

## 20% KYNNINGARAFSLÁTTUR

Á SÓFUM, TUNGUSÓFUM, STÓLUM, HORNSÓFUM OG SVEFNSÓFUM

TEKK COMPANY

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

### Bónstöð Jobba
Óskum eftir rösku starfsfólki til starfa sem fyrst. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 568 0230 & 898 7930.

### Erótískar ljósmyndir óskast
Rauða Torgið vill kaupa fallegar, erótískar ljósmyndir kvenna, 20 ára og eldri. Frekari upplýsingar á www.raudatorgid.is

### Meirapróf!
Óska eftir lestunarmanni í framtíðarstarf á flutningastöð með meirapróf. Uppl. í s. 893 5444.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
**í eftirtalin störf :**
**Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan.**
**Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**

Tek að mér ræstingu á litlum fyrirtækjum og sameignum seinnip. dags og á kvöldin. S. 695 9442.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



22.02.2007 www.johanng.is Vertu velkomin(n)!

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál

Subaru Legacy stw '98, 2,2. Ekinn 149þ. Tilboð óskast. S. 891 7355.

Fleetwood Cheyenne 10" fellihýsi árg. 2004 til sölu. Vel útbúið. Verð 1.320 þús. Uppl. í s. 664 1062.

Opel Astra 1600 árgerð 2002. Ekinn 84 þ. km. Fæst með yfirtöku á láni, 700 þ., afborgun 22 þ. á mánuði. Upplýsingar í síma 663 5941.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



RE/MAX MJÓDD







MASA INTERNATIONAL

## SPÁNN
Skoðunarferð 15.500-
KYNNING SUNNUDAG KL. 14-17

RE/MAX Mjódd og MASA kynna : Til sölu mikið úrval af fasteignum á frábærum svæðum í kringum Alicante á Spáni, nálægð við strönd, golfvelli og alla þjónustu. Kynning í húsakynnum RE/MAX Mjódd að Þönglabakka 1 í Mjóddinni Sunnudaginn 25. febrúar kl. : 14:00 – 17:00 Komdu, kynntu þér úrvalið og fáðu frekari upplýsingar. Aðgengilegir bæklingar með upplýsingum um íbúðir og hús af ýmsum gerðum og stærðum, verð frá kr. 8.500.000.- Það hefur aldrei verið auðveldara að eignast draumahúsið á Spáni. Við bjóðum uppá skoðunarferðir til Spánar fyrir aðeins kr. 15.500.- Gisting og góð þjónusta í boði fyrir áhugasama kaupendur. Einnig er hægt að hafa samband við Jón Bjarna í síma 896-1067 og/eða senda póst á netfang : jonbjarni@remax.is

Jónas Örn Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550

Jón Bjarni
Sölufulltrúi
**896 1067**
jonbjarni@remax.is







RE/MAX HEIMILI OG SKIP

## Mávatjörn 10
Njarðvík

**Verð: 24.900.000**
Stærð: 156
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2007
Bílskúr: já

Um er að ræða nýtt parhús 116 fm auk 40 fm bílskúr, alls 156 fm Húsið skilast fullbúið að utan með marmarasalla, lóð fullfrágenginn með snóbræðsla og stimpluðu plani ( bominite ) búið að jarðvegsskipta fyrir sólpall. Að innan skilast húsið tilbúið undir tréverk þ.e.a.s allir milliveggir komnir upp og búið að gera ráð fyri innbyggðum halogen ljósum í loftum., rafmagn frágengið frá töflu í samtengidósir. Gólfhiti er fullklár með með floti og allur stýribúnaður fylgir,

Anna Linda Bjarnadóttir hdl.
lögg. fasteignasali

Gunnar
Sölufulltrúi
**844 0040**
gbb@remax.is

Sigurður
Sölufulltrúi
**693 2080**
siggi@remax.is



RE/MAX HEIMILI OG SKIP

## Sjónarhóll 9-13
Sandgerði
Fyrstir koma fyrstir fá

**Verð: 14.800.000**
Stærð: 157
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2007
Bílskúr: já

NÝ 157 fm 4 herb. einbýlishús m/bílskúr, í Sandgerði Húsið skiptist í anddyri, þvottahús, hol, stofu, bað, eldhús og 3 svefnherbergi ásamt fataherbergi Húsið er með timburgrind reist á staðsteyptum sökkli. Húsið er klætt með ljósgrárri álklæðningu og mahony kringum anddyri, þakkantur hvítur að framan, hvítar rennur og niðurföll, hvítir timburgluggar með tvöföldu gleri, hvítar hurðir.

Anna Linda Bjarnadóttir hdl.
lögg. fasteignasali

Gunnar
Sölufulltrúi
**844 0040**
gbb@remax.is

Sigurður
Sölufulltrúi
**693 2080**
siggi@remax.is







RE/MAX HEIMILI OG SKIP

## Svölutjörn 73
Njarðvík
Opið hús Sunnudag milli 14.00-14.30

**Verð: 27.500.000**
Stærð: 157
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2006
Bílskúr: já/nei

Komið er inn í rúmgott anddyri með góðum fataskápum og flísum á gólfi. Inn af anddyri er gengið inn í þvottahús og þaðan svo inn í bílskúr, bílskúrnum hefur verið breytt og er að hluta til geymsla og að hluta til herbergi,Herbergin eru öll mjög rúmgóð með góðum þreföldum fataskápum. Í hjónaherbergi er gott fataherbergi. Baðherbergið er mjög falleg með einstaklega fallegu baðkari sem er mun breiðara en tíðkast, og einnig díóða lýsing. Eldhúsið er mjög rúmgott og góð innréttingu

Anna Linda Bjarnadóttir hdl.
lögg. fasteignasali

Gunnar
Sölufulltrúi
**844 0040**
gbb@remax.is

Sigurður
Sölufulltrúi
**693 2080**
siggi@remax.is







RE/MAX HEIMILI OG SKIP

## Heiðarholt
Keflavík
Góð eign á rólegum stað.

**Verð: 17,9**
Stærð: 124
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1989
Brunabótamat: 16,4
Bílskúr: já

Góð 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í fjórbýli ásamt bílskúr. Íbúðin er 96fm og bílskúrinn 28fm samtals: 124fm. Íbúðin skiptist í tvö herbergi, eldhús opið við borðstofu, setustofa, baðherbergi með sturtu og baðkari, þvottahús/geymsla inní íbúð. Góð eign innst í botnlanga og nálægt heiðarskóla.

Anna Linda Bjarnadóttir hdl.
lögg. fasteignasali

Sigurður
Sölufulltrúi
**693 2080**
siggi@remax.is

Gunnar
Sölufulltrúi
**844 0040**
gbb@remax.is

Fjöldi starfa í boði
www.radning.is
RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN
Persónuleg og fagleg þjónusta
Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700

# NÝTT: ÞRIÐJA KYNSLÓÐ LEIKJATÖLVU SONY

## *Fyrstu eintök PS3 komin í verslanir*

Risaslagur er fram undan. Nintendo Wii með eróbikkfjarstýringuna sína, Xbox 360 með öflugustu netspilunina og nú PlayStation 3 með besta vélbúnaðinn.

Mikið bras hefur verið á Sony að koma PS3 út. Illa gekk með Blue-Ray drif í tölvunum, flókið er að búa til leiki fyrir vélina, og eitthvað í framleiðsluferlinu gerði það að verkum að vélinni seinkaði og þegar hún loksins kom, kom hún í allt of fáum eintökum.

Leikjaþyrstir áhugamenn geta nú kæst því loksins sér fyrir endann á vandræðunum. Nokkrar prufuvélar eru komnar til landsins og hægt er að prófa þær t.d. í BT í Smáralind, en vélarnar verða ekki fáanlegar í almennri sölu fyrr en 24. mars.



FRÁ VINSTRI: XBOX, PS3 OG NINTENDO WII.

KOLAPORTIÐ
Það er ekkert mál að selja í Kolaportinu

1 Þú pantar sölubás
2 Þú greiðir básinn
3 Þú velur básinn
4 Þú selur
Pantaðu bás núna kolaportid.is
OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17

## PERSÓNAN



# Faðir impress-ionismans

Oscar-Claude Monet fæddist í París árið 1840. Faðir hans var grænmetiskaupmaður og móðirin söngkona, en þau fluttu með drenginn þegar hann var tveggja ára til Le Havre í Normandí. Þrátt fyrir óskir föður síns um að hann tæki við fjölskyldufyrirtækinu vildi Monet fátt annað en að verða listamaður og því eyddi hann ómældum tíma á strönd Normandí þar sem hann æfði sig í að teikna með kolum.

Á uppvaxtarárunum lærði Monet í listaskólanum á staðnum. Hann náði strax ágætis árangri og gat selt kolateikningar sínar á 20 franka stykkið. Allt breyttist þó er móðir hans dó, en þá var Monet 16 ára gamall. Hann flosnaði upp úr skóla og fljótlega flutti hann til Parísar þar sem hann málaði og safnaði að sér vinum sem deildu með honum ástinni á impressionisma.

Árið 1861, þá 21 árs gamall, gekk Monet til liðs við franska herinn, nánar tiltekið Afríkudeildina sem staðsett var í Alsír. Þar átti hann að þjóna í sjö ár en vegna veikinda urðu árin aðeins tvö. Lausn hans var þó skilyrðum háð en Monet þurfti að skrá sig í háskóla og það gerði hann, þótt honum væri afar illa við þá hugmyndafræði sem þar var við lýði.

Árið 1866 varð Monet þekktur fyrir málverk sitt Konan í græna kjólnum. Fyrirsætan var Camille Doncieux sem síðar varð kona hans og móðir tveggja barna hans. Þrátt fyrir frægðina gekk honum illa að láta enda ná saman og eins og hverflyndum listamönnum hættir til reyndi Monet sjálfsmorð 1868 með því að henda sér út í Signu.

Monet lifði af, flutti í skamman tíma til Englands vegna stríðsástands heima fyrir. Hann hélt áfram að mála, flutti aftur heim en árið 1879 dó kona hans. Hann tók saman við Alice Hoschedé í kjölfarið en sambúðin virðist fyrst og fremst hafa verið fyrir börn beggja af fyrra hjónabandi. Þau giftu sig reyndar seintog um síðir, en það tók þau tæplega tíu ár að komast að þeirri niðurstöðu.

Monet lést 86 ára gamall árið 1926. Hann skildi eftir sig arfleifð impressionismans, sem í stuttu máli gengur út á að mála upplifunina af því sem fyrir augu ber. Verk hans eru í dag gríðarlega verðmæt og seldist eitt þeirra fyrir 1,4 milljarða íslenskra króna á síðasta ári.

*Heimildir: Wikipedia*


Zzz Zzz Zzz
AMERÍSKUR LÚXUS MEÐ TILHEYRANDI ÞÆGINDUM
20% KYNNINGARAFSLÁTTUR
Á SÓFUM, TUNGUSÓFUM, STÓLUM, HORNSÓFUM OG SVEFNSÓFUM
TEKK COMPANY
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 13-16
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 50
(Bláu húsin við Faxafen)
Sími: 513-4300
Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

**Seljavegur 33 - 107 Reykjavík**
**Opið hús laugard. 24. feb. kl. 17:00-17:30**



Frum

Ný standsett 4ra herb. 81 fm íbúð. Eignin skiptist í tvö herbergi, tvær stofur, eldhús, gang og baðherbergi. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf, sturta með sturtubotni. Eldhús er með nýrri eikar innréttingu frá Innex, flísalagt með náttúru steinflísum, flísalögn á milli efri og neðri skápa, lagt fyrir uppþvottavél, blástursofn burstað stál. Þetta er mikið endurnýjuð eign í góðu standi. **Verð 19.900.000.**

**Kolbeinn gsm 694 9100 tekur á móti gestum.**

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 50
(Bláu húsin við Faxafen)
Sími: 513-4300
Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

**Perlukór 1a, 203 Kópavogur**
**Opið hús laugard. 24. feb. kl. 15:00-15:30**



Frum

**Verð 24.900.000 kr.**
Glæsileg 98,8 fm 3ja herb. endaíbúð á jarðhæð í vönduðu tveggja hæða fjölbýli. Suður verönd með skjólveggum og sérinngangur. Eignin er fullbúin án gólfefna, nema þvottahús og baðherbergi eru flísalögð. Innréttingar í eldhúsi eru úr eik og ná upp í loft. Tvö svefnherbergi sem eru með eikarskápa sem ná upp í loft. Lagt fyrir síma og sjónvarp í hvert herbergi. Ísteyptar dósir fyrir halogenlýsingu á ýmsum stöðum. Baðherbergi er með hvítri innréttingu, upphengt wc, baðkar, flísalagt í hólf og gólf. Stutt í náttúruperlur eins og Heiðmörk, Elliðaárdal og Vífilsstaðavatn.

**Kolbeinn gsm. 694 9100 tekur á móti gestum.**

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

**OPIÐ HÚS LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI KL. 13-15**
**Veghús 27 - 112 Reykjavík**



Frum

Mjög glæsileg og sérstaklega rúmgóð 140,3fm penthouse íbúð á 3. og 4. hæð í góðu fjölbýli. Íbúðin er á tveimur hæðum og er neðri hæðin með forstofu, stofu, borðstofu, eldhúsi, gestasnyrtingu, geymslu og góðum ca. 20 fm suðursvölum. Gólfefni á neðri hæð er sérlega vandað gegnheilt Curupay parket. Á efri hæð eru 3 stór svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús / geymsla. Gólfefni er gegnheilt Curupay parket og Hlynur. Sérsniðin gluggatjöld eru fyrir öllum gluggum. Mjög opin og skemmtileg eign. Verð : 30,9millj. (4894)

***Þór og Hulda taka vel á móti ykkur í dag milli kl. 13-15.***

*Sigtryggur Jónsson Löggildur fasteignasali.*

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 50
(Bláu húsin við Faxafen)
Sími: 513-4300
Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

**Vegghamrar 47, 112 Reykjavík**
**Opið hús laugard. 24. feb. kl. 16:00-16:30**



Frum

**Verð 24.000.000 kr.**
Falleg 4ra herb. 100,3 fm sérhæð í vinsælu hverfi í Grafarvogi. Sérinngangur og afgirt hellulögð verönd. Þrjú svefnherbergi með parketi á gólfum. Hvít eldhúsinnrétting, vönduð tæki úr burstuðu stáli, tengi fyrir uppþvottavél, flísar á milli skápa, parket á gólfi og borðkrókur. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf og er einstaklega skemmtilegt með nýlegu nuddbaðkari og veggsalerni. Stofa er góð með parket á gólfum, flísalögð sólstofa út úr stofu. Sérmerkt bílastæði. Falleg eign í góðu hverfi og stutt í skóla og leikskóla.

**Kolbeinn gsm. 694 9100 tekur á móti gestum.**

Kjöreign ehf
**Fasteignasala** • Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
**Opið mán.–fim. frá kl. 9–18, fös. frá kl. 9–17**

# – SÖLUSÝNING –
## SUNNUDAG KL. 14-16
## GLÆSILEGAR SÉRHÆÐIR MEÐ ÚTSÝNI YFIR ELLIÐAVATN
## KLAPPAKÓR 1 - 203 KÓPAVOGI

**Ármúla 21 • Reykjavík    Netfang: kjoreign@kjoreign.is • S. 533 4040**

# – SÖLUSÝNING SUNNUDAG –
## KLAPPAKÓR 1 - 203 KÓPAVOGI



Frum

**UM ER AÐ RÆÐA SÉRLEGA VÖNDUÐ OG VEL STAÐSETT HÚS Á FRÁBÆRUM ÚTSÝNISSTAÐ**

Húsin eru alls fimm og eru tvær til fjórar íbúðir í húsi. Tíu íbúðanna eru 3ja herbergja 84,5 fm og sjö íbúðir eru fimm herbergja 149,0 fm. Að auki fylgir íbúðunum sérmerkt stæði og sérgeymsla í lokuðu bílastæðahúsi. Íbúðirnar eru til afhendingar fljótlega tilbúnar án gólfefna. Þó eru baðherbergi flísalögð á vandaðan hátt í hólf og gólf. Lofthæð íbúðanna er meiri en venja er og hurðirnar eru í yfirstærð.

- ✔ Vandaðar innréttingar og innihurðir með sérvöldum eikarspón
- ✔ Staðsetning húsanna er frábær og útsýni stórbrotið
- ✔ Fullbúnar sýningaríbúðir
- ✔ Góð lánakjör í boði
- ✔ Sölumenn Kjöreignar verða á staðnum um helgina

*— TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA —*

## Hreinsun - vorið nálgast

Vorhreinsun er hafin í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Kópavogskirkjugarði og Hólavallagarði við Suðurgötu. Þeir aðstandendur, sem settu jólaskraut á leiði eru hvattir til að koma í garðana og huga að leiðum ástvina sinna. Fjarlægja jólaskraut af leiðum og létta undir með starfsmönnum Kirkjugarðanna og koma í veg fyrir að eigulegt skraut lendi í glatkistunni.

**Tökum öll höndum saman!**
**Garðyrkjudeild Kirkjugarðanna**

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

# Stjórnarkjör

Skv 34. grein félagsins skal tveim mánuðum fyrir aðalfund ár hvert auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstörf samkvæmt 23. gr. og 24. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi, auk þess fjórir menn til vara. Einnig skal kjósa þrjá menn í trúnaðarráð og þrjá til vara. Einnig tvo endurskoðendur og einn til vara og tvo menn í kjörstjórn.

**Til að bera fram lista eða tillögu til stjórnarkjörs, trúnaðarráðs eða annarra trúnaðarstarfa, þarf skriflega staðfestingu þeirra sem á listanum eru. Komi aðeins fram einn listi eða tillaga um menn í trúnaðarstörf, þarf kosning ekki að fara fram.**

**Umsóknarfrestur er til 12.mars 2007**

Umsóknum skal skila til skrifstofu félagsins Stórhöfða 31, 110 R. merkt Stjórnarkjör FÍS

***Stjórn Félags Ísl.Símamanna***

Akureyri

## Akureyrarbær auglýsir niðurstöðu á breytingu deiliskipulags Verksmiðjusvæðisins á Gleráreyrum .

Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti þann 20. febrúar 2007, í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og 2. mgr. kafla 6. 3. 3. í skipulagsgerð, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Verksmiðjusvæðisins á Gleráreyrum, sem afmarkast af Borgarbraut, Glerárgötu, Þórunnarstræti, Byggðavegi og gamla þjóðveginum sem liggur nú að byggðinni við Klettaborg.

Sex athugasemdir bárust á kynningartímanum og hefur skipulagsnefnd afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem þær gerðu umsögn sína. Vegna athugasemda hefur verið fallið frá breytingum á umferðatengingum frá Borgarbraut að Gleráreyrum að sinni. Unnið verður að endurbótum hvað varðar vegtengingar frá Borgarbraut í samráði við Vegagerðina og aðra hlutaðeigandi og stefnt að breytingum síðar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til athugunar. Deiliskipulagsbreytingin hlýtur gildi við auglýsingu í B - deild Stjórnartíðinda.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulags- og byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar, Geislagötu 9. Frekari upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.Akureyri.is

**Skipulags- og byggingarfulltrúi**

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.


Nýtt tákn um gæði
Kaffi og kleinur í dag
Frumsýning
Opið frá 12 til 16
Komdu í Brimborg
Reykjavík, Akureyri
S-MAX
CAR OF THE YEAR 2007
Dómur Bílablaðs Morgunblaðsins
„Bíll sem fólk kaupir vegna þess að því langar í hann, ekki bara vegna þess að það þarf 7 sæta bíl.“
brimborg
Öruggur staður til að vera á



**LÁTA TIL SKARAR SKRÍÐA** Barnagirnd getur verið ásköpuð en oftar er hún áunnin. Ákveðnar fantasíur fara í gang og óhófleg notkun á klámefni getur örvað og haft slæm áhrif á þróunina. Einstaklingar sem ekki njóta heilbrigðs uppeldis, umhyggju, athygli, örvunar og hvatningar geta einangrast í fantasíum. Að lokum geta þeir látið til skarar skríða gegn börnum, ekki síst í sínu nánasta umhverfi.

## MEÐFERÐ Í FANGELSI

Minnst fjórir sálfræðingar sérhæfa sig í að veita barnaníðingum meðferð. Þetta eru þau Þórarinn V. Hjaltason og Anna Kristín Newton, sálfræðingar á Fangelsismálastofnun, Jón Friðrik Sigurðsson, sálfræðingur hjá LSH, og Ólafur Örn Bragason, sálfræðingur hjá Ríkislögreglustjóraembættinu.

Meðferðin felst í hugrænni atferlismeðferð sem beitt er með reglubundnum viðtölum. Misjafnt er hversu löng meðferðin er. Hugarvillur eru leiðréttar og mönnunum kennt að forðast rangar hugsanir og aðstæður sem geta leitt til brota.

## HVERNIG Á AÐ BREGÐAST VIÐ?

Kynferðisbrotamenn verða alltaf til úti í samfélaginu, bæði fyrir og eftir dóm. Því er mikilvægt að foreldrar ræði við börn sín til að fyrirbyggja að þau verði fyrir misnotkun og til að kenna þeim að þekkja og láta vita ef þau verða fyrir slíku.

## Á ÍSLANDI

Barnaníðingar eru dæmdir í fangelsi og fá þar meðferð ef þeir vilja. Áhættumat skal vinna áður en föngum er sleppt í reynslulausn. Fangar eru ekki dæmdir í eftirlit eftir að afplánun lýkur og fara ekki í vönun nema þeir óski eftir því sjálfir. Vönun getur gefið falskt öryggi en lyfið getur slegið á kynferðislegar hugsanir og þráhyggju gagnvart börnum.

## ERLENDIS

Lyf til vönunar eru gefin barnaníðingum erlendis, til dæmis í Danmörku, Bretlandi og ýmsum ríkjum Bandaríkjanna. Reynslan erlendis sýnir að alvarlega sjúkir barnaníðingar geta verið svo uppteknir af kynferðislegum hugsunum og fantasíum að þeir svara ekki meðferð.

Erlendis eru menn stundum dæmdir til eftirlits eftir að afplánun lýkur og fá jafnvel GPS staðsetningartæki um fótinn þannig að hægt sé að fylgjast með ferðum þeirra.

## SKIPTIST Í TVENNT

Barnaníðingar skiptast í tvo hópa, þá sem haldnir eru barnagirnd á háu stigi. Kynhneigð þeirra beinist eingöngu að börnum. Þessir menn eru oft síbrotamenn og skilgreindir samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni sem sjúkir menn enda eru þeir haldnir afbrigðilegri kynhneigð sem er skaðleg fyrir fórnarlömbin.

Hinn hópurinn er mun fjölmennari. Þetta eru einstaklingar sem hneigjast til barna en líka til annarra og misnota ýmsa, ekki bara börn. Börnin eru hins vegar auðveld fórnarlömb og verða gjarnan fyrir barðinu á þeim. Þessir menn eiga við flókin sálræn vandamál að stríða en eru líklegri til að taka meðferð en fyrri hópurinn.

# *Útskúfunin er hættulegust*

Kynferðisofbeldi gagnvart börnum er falið vandamál og lítið um það vitað. Ljóst er þó að barnaníðingar eru undir sérstöku eftirliti hjá Fangelsismálastofnun. Í viðtölum hjá sálfræðingum stofnunarinnar kemur stundum fram að barnaníðingar telji sig saklausa. „Þeir skilja ekki að þeir hafi gert rangt,“ segir **Þórarinn V. Hjaltason**, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun. ***Guðrún Helga Sigurðardóttir*** ræddi við hann og **Braga Guðbrandsson**, forstjóra Barnaverndarstofu.



**KOMA Í VEG FYRIR HRÖSUN** Þórarinn V. Hjaltason, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, segir meðferðina fyrst og fremst beinast að því að fræða um kynferðislega misnotkun, beina áhuga einstaklinganna í heilbrigða átt og kenna þeim að þekkja og varast ákveðnar aðstæður.



**HAFA ENGU AÐ TAPA** Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir rannsóknir sýna að minni líkur séu á því að barnaníðingur brjóti af sér aftur ef hann fái góðan stuðning, öruggt húsnæði, atvinnu, ráðgjöf og meðferð.

Hér á landi felst meðferð barnaníðinga nánast eingöngu í hugrænni atferlismeðferð í fangelsi og stundum eftir fangavist þar sem menn læra að þjálfa hugsun sína og stjórna betur gjörðum sínum. Þórarinn V. Hjaltason, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, segir að þessi meðferð hafi skilað bestum árangri. Markmiðið sé að koma í veg fyrir ítrekun brota en ekki endilega að breyta kynhneigð þar sem kynhneigðin sé þegar orðin fastmótuð hjá fullorðnu fólki.

„Hjá okkur beinist meðferðin fyrst og fremst að því að fræða um kynferðislega misnotkun, beina áhuga einstaklinganna í heilbrigða átt og kenna þeim að þekkja og varast ákveðnar aðstæður, bera kennsl á hugsanir og aðstæður sem fela í sér aukna hættu og fara í þær hugrænu villur sem einstaklingarnir eru haldnir til að koma í veg fyrir að þeir hrasi á ný,“ segir Þórarinn.

Misjafnt er hversu mikla meðferð menn þurfa og er það vegið og metið. Sumir þurfa bara tíu til fimmtán viðtalstíma með verkefnum inni á milli. Aðrir þurfa mun lengri tíma.

### Einmanaleiki er algengur

Margir einstaklingar telja sig ekki hafa gert neitt rangt þó að þeir hafi hlotið dóm. „Maður reynir yfirleitt að benda þessum mönnum á þær hugarvillur sem þeir eru haldnir til að athuga hvort hljóðið í þeim breytist. Það getur tekið nokkur viðtöl að fá einstaklinginn til að vilja gera eitthvað í sínum málum,“ segir Þórarinn, „og stundum eru menn alveg klárir á því að þeir hafi verið dæmdir saklausir og þá er lítið hægt að gera því að þeir viðurkenna ekki brot. Ef þeir hafa hlotið dóm þá þurfa þeir að haga sér með ákveðnum hætti til að ekki falli skuggi á þá eftir að þeir koma út þannig að ekki sé hægt að klína neinu á þá og þá reynir maður að nálgast það þannig.“

Hugarvilla getur falist í því að mennirnir mistúlka þörf barna eftir athygli eða snertingu og telja að eitthvað kynferðislegt sé þar að baki. Þetta segir Þórarinn að sé mjög breytilegt milli einstaklinga. „Maður þarf líka stundum að fara í önnur vandamál sem tengjast kynferðisbrotinu. Einmanaleiki er mjög algengur og tilfinningaleg samsvörun við börn. Oft eru þessir menn aftarlega á merinni hvað félagsþroska varðar þannig að maður þarf að hjálpa þeim að vinna með það, samskipti við jafnaldra og þess háttar,“ segir hann.

Talsvert stór hópur manna viðurkennir hins vegar brot sín og vill gjarnan vinna í sínum málum. Rannsóknir sýna að minni líkur eru á því að barnaníðingar brjóti af sér aftur ef þeir fá góðan stuðning, öruggt húsnæði, atvinnu, ráðgjöf og meðferð eftir fangelsisvist.

### Hafa engu að tapa

Erlendis hefur vöktun eftir afplánun verið að ryðja sér til rúms. Vöktunin er þá fólgin í því að barnaníðingnum er gert að tilkynna heimilisfang sitt og fer þá í gang ákveðið kerfi sem felst í reglubundnum heimsóknum og viðtölum. Í sumum löndum fá barnaníðingar líka staðsetningartæki um ökkla á reynslulausnartíma.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, álítur að vöktunarkerfi með stuðningi, reglubundinni meðferð og stuðningsviðtölum sé langlíklegast til að bera árangur. „Hættulegast er að mönnum sé útskúfað úr samfélaginu, þá hafa þeir engu að tapa og sjá engan tilgang í að halda aftur af sér,“ segir hann.

„Þegar þessir einstaklingar eru hundeltir og þeim gert ófært að búa og lifa í samfélaginu þá er næsta víst að þeir brjóta aftur af sér. Menn hafa engu að tapa og ekki að neinu að keppa. Þeir fagna því jafnvel að vera settir í fangelsi þar sem þeim líður betur og þeir fá húsnæði og mat,“ segir Bragi.

### Lyfjavönun sjaldgæf

Vönun með lyfjum er stundum notuð erlendis, til dæmis í Bretlandi og á Írlandi og í sumum ríkjum Bandaríkjanna, en lyfjameðferð er sjaldan notuð á Íslandi nema einstaklingar óski eftir því og er það þá gert í samráði við lækni. Lyfjameðferðin hefur ekki gefið neitt sérstaklega góða raun erlendis, að mati Þórarins. Alltaf óska þó einhverjir einstaklingar eftir efnafræðilegri vönun til að ná tökum á hneigð sinni því að lyfin draga úr kynhvötinni.

„Allir eru meðvitaðir um að þessi meðferð er oft á tíðum mjög varhugaverð vegna aukaverkana, í mörgum tilfellum virkar hún ekki og veitir því falskt öryggi. Í mörgum tilfellum getur hún leitt til aukinnar árásarhneigðar einstaklinganna. Þeir hafa oft brotið af sér þrátt fyrir lyf auk þess sem auðvelt er að blekkja og taka ekki inn lyfin. Þessir einstaklingar geta því verið gangandi tímasprengjur. Það er samt ekki útilokað að beita henni með samþykki og einlægum vilja þess sem í hlut á,“ segir Bragi.

Lyfjameðferð þykir mjög niðurlægjandi meðferð ef hún er ekki gerð í samvinnu við viðkomandi og getur haft öfug áhrif þannig að hann vilji hefna sín með frekari brotum. Aðrar leiðir þykja jafn árangursríkar ef ekki árangursríkari. Kynferðisbrot eru í eðli sínu ofbeldisbrot. Vinna með kynhneigð leysir því ekki allan vandann. Það þarf því að vinna með aðra þætti líka.

### Barnagirnd er áunnin

Bragi segir að barnagirnd geti verið ásköpuð en oftar sé hún áunnin. Ákveðnar fantasíur fari í gang og óhófleg notkun á klámefni geti örvað og haft slæm áhrif á þróunina. Einstaklingar sem ekki njóta heilbrigðs uppeldis, umhyggju, athygli, örvunar og hvatningar geti einangrast í fantasíum. Þeir láti að lokum til skarar skríða.

Þórarinn segir að það sé mjög á reiki hvort ofbeldismennirnir hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi sjálfir. Sumar rannsóknir sýni að tæplega þriðjungur og allt upp í áttatíu prósent unglinga, sem beita kynferðisofbeldi, hafi orðið fyrir því sjálfir. Stærstur hluti þeirra endurtekur ekki brot sitt.

Skiptar skoðanir eru um það hversu mikinn árangur það beri að veita barnaníðingum meðferð. Árangur meðal unglinga er mjög góður þar sem þetta hegðunar- og hugsanamunstur er ekki orðið fastmótað hjá þeim. Meðal fullorðinna er árangurinn síðri en telst þó nokkuð góður. Um tuttugu prósent endurtaka brot sín. Til þessa hóps teljast þeir sem haldnir eru barnagirnd á háu stigi og hafa ekki tekið meðferð. Hinir endurtaka síður brot sín eftir því sem vitað er.

Þó hópurinn sem haldinn er barnagirnd á háu stigi sé hættulegasta tegundin af kynferðisbrotamönnum þá fremja þeir mikinn minnihluta af brotunum. „Langflest brot eiga sér stað innan veggja heimilisins og eru ekki framin af einstaklingum með barnagirnd á háu stigi. Þetta eru frekar einstaklingar með alvarlega persónuleikaröskun og siðblindu, fyrst og fremst einstaklingar sem hafa tilhneigingu til að misnota og þá ekki bara börn,“ segir Bragi.

### Snemmbær íhlutun forðar mörgum

Rannsóknir sýna að ungir gerendur, einstaklingar yngri en 18 ára, eru ábyrgir fyrir um þriðjungi kynferðisbrota sem koma í Barnahús. Rannsóknir hafa leitt í ljós að meirihluti fullorðinna kynferðisbrotamanna byrjar að brjóta af sér á barnsaldri. Bragi telur að hægt sé að ná árangri í fyrirbyggjandi starfi með því að einbeita sér að ungu mönnunum. „Ekki síst vegna þess að meðferðarárangur er betri því fyrr sem við grípum inn í. Með snemmbærri íhlutun getum við líka forðað mörgum fórnarlömbum frá að lenda í klónum á þessum mönnum. Rétt er þó að hafa í huga að flest börn og unglingar sem brjóta af sér á þessu sviði gera það bara einu sinni en lítill hluti er hins vegar líklegur til að endurtaka brot sín. Það er sá hópur sem við þurfum að uppgötva með áhættumati og greiningu til að veita viðeigandi meðferð,“ segir hann.

Þórarinn segir að kynferðisbrot gagnvart börnum séu mjög falin en samt hafi hann á tilfinningunni að einstaklingum sem dæmir eru fyrir kynferðisbrot og þá sérstaklega brot gagnvart börnum fari fjölgandi. Hann bendir á að í Kanada hafi rannsókn sýnt að dæmdum einstaklingum hafi fjölgað en ákærum ekki. „Maður verður meira var við þessi brot, þau eru líka meira í umræðunni þannig að maður horfir kannski meira á þau en maður hefur svo sem alltaf gert það, allavega frá því ég byrjaði að vinna hérna. Það er meira af þessum einstaklingum að koma í meðferð.“

Það eru ekki bara karlmenn sem fremja kynferðisbrot gagnvart börnum, konur gera það líka. Það er þó mjög falið vandamál. Erlendis hafa komið upp dæmi um slíkt, til dæmis í Bandaríkjunum þar sem kvenkyns kennarar hafa orðið uppvísir að kynferðisofbeldi gagnvart börnum. Kynferðisbrot kvenna gagnvart börnum hafa ekki komið til dóms hér á landi eftir því sem best er vitað.

# MAX

**10stk**

## Frábær tækjakaup

# Landsins mesta úrval þvottavéla og þurrkara á lágMAXverði



**24.999 kr.**

**Beko WMD26120T**
- 1200 snúninga og 6kg þvottavél
- Hitastillir 30-90°
- Hurðaropnun 30sm
- Ullarkerfi, Skolstopp, Aukaskol og Hraðkerfi
- Þvotthæfni A
- Orkunýtni A
- Vinduhæfni B
- Stærð í sm (bxhxd): 60x85x54

Fullt verð ~~44.999~~

**10stk**



**19.999 kr.**

Fullt verð ~~29.999~~

**United UDR4447**
- Tvíátta Þurrkari með barka
- Tekur 6kg í þurrkun
- 2 hitastig
- Krumpuvörn
- Barki fylgir með
- Orkunýting C

**25stk**



**44.999 kr.**

Fullt verð ~~59.999~~

**Whirlpool AWOD4520**
- 1200 snúninga og 5kg þvottavél
- Rafeinda/Mekanískur kerfisveljari
- Hitastillir 30-95°
- Ullarvagga
- Silkiþvottakerfi
- Hraðkerfi 30 mín.
- Þvotthæfni A, vinduhæfni B
- Orkunýting A

**69.999 kr.**

Fullt verð ~~84.999~~



**Siemens WM14E470**
- 1400 snúninga og 6kg þvottavél
- Rafeinda/Mekanískur kerfisveljari
- Hámarksvinda 1400 snúningar
- Tekur 6kg af þurrum þvotti
- Ullarvagga
- Hraðkerfi
- Þvotthæfni A
- Orkunýting A
- Vinduhæfni B



**49.999 kr.**

Fullt verð ~~59.999~~

**Indesit WIL145**
- 1400 snúninga og 5kg þvottavél
- Rafeinda/Mekanískur kerfisveljari
- Ullarvagga/Handþvottur
- Time4You, 4 hraðkerfi
- Sportkerfi fyrir skó og íþróttaföt
- Hitastillir 0-90°
- Þvotthæfni A
- Orkunýting A+
- Vinduhæfni B



**59.999 kr.**

Fullt verð ~~74.999~~

**Indesit WIDL126**
- Sambyggð 1200 snúninga, 5kg þvottavél og 4kg þurrkari
- Hámarksvinda 1200 snúningar
- Innri og ytri belgur úr ryðfríu stáli
- Ullarkerfi
- Þvotthæfni A
- Vinduhæfni B
- Orkunýting B

**15stk**

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Við erum beint á móti IKEA**

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# Vítamín í baráttu fyrir bættum kjörum aldraðra

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

**Um fjögur hundruð eldri borgarar bíða eftir hjúkrunarrými og um þúsund þurfa að deila herbergi á stofnunum með öðrum. Staðan er algerlega óforsvaranleg og úr henni þarf að bæta. Stjórnmálamenn hafa þó hingað til aðeins lofað og þeir sem barist hafa fyrir úrbótum hafa þurft að bíða án þess að eygja von um að tekið sé almennilega á málunum. Þetta segir Reynir Ingibjartsson, formaður AFA – aðstandendafélags aldraðra.**




**SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS AFHENT** Aðstandendafélagi aldraðra voru veitt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins en félagið þykir hafa sýnt elju og dug í baráttu fyrir bættum kjörum aldraðra. Formaður félagsins segir viðurkenninguna ómetanlega hvatningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reynir hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins sem afhent voru í fyrradag en markmið þeirra er að draga fram nokkur af þeim kærleiksverkum sem unnin eru í samfélaginu. Vinna AFA þykir hafa átt stóran þátt í því að vekja athygli á málefnum og stöðu eldri borgara í samfélaginu. Helstu baráttumál félagsins eru að þrýsta á stjórnvöld um úrbætur á kjörum og húsnæði aldraðra.

### Hugmyndin kviknar á Hafnarfjarðarvegi

Reynir segir hugmyndina að samtökunum hafa kviknað þegar hann var að koma úr heimsókn frá móður sinni sem þá lá á spítala. „Mig langaði að virkja fleiri aðstandendur þannig að við gætum barist saman í stað þess að hver og einn væri að berjast í sínu horni," segir Reynir.

Hugmyndin, sem fæddist á Hafnarfjarðarveginum eftir heimsóknina, varð svo að alvöru í desember 2005 þegar hann og Margrét Guðmundsdóttir, myndlistar- og stjórnarmaður í 60+ í Hafnarfirði, stóðu fyrir undirbúningsfundi að stofnun félagsins.

Haustið 2005 hafði Margrét haft frumkvæði að húsnæðiskönnun meðal eldri borgara þar sem óskir þeirra og framtíðarsýn í búsetumálum voru kannaðar. Niðurstöðurnar þóttu athyglisverðar og leiða skýrt í ljós að fólk vildi gjörbreyttar áherslur.

### Fé sem nota á í uppbyggingu dvalarheimila notað í annað

Undirbúningsfundurinn var vel sóttur og undirtektirnar það góðar að ljóst þótti að góður grundvöllur var fyrir því að stofna félag. Kosinn var undirbúningshópur til að stofna formlegt félag. Afrakstur vinnu hópsins leit svo dagsins ljós 26. mars í fyrra.

„Þann dag árið 1968 var fyrsta styrktarfélag aldraðra stofnað sem síðar var breytt í Félag eldri borgara. Dagurinn var því vel við hæfi," segir Reynir.

Fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar hélt hópurinn svo fjölmennan fund í Háskólabíói í samstarfi við eldri borgara. Annar fundur var svo haldinn í nóvember þar sem Reynir segir að athygli hafi verið vakin á því að nær helmingur fjármuna Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem ætlað er að standa straum að kostnaði við uppbyggingu dvalarheimila, rann í önnur verkefni.

### Næg loforð um að eitthvað komi seinna

„Það verður að bæta stöðuna í þessum málum og loforð um það höfum við fengið hjá stjórnmálamönnum. Hins vegar höfum við ekki séð krónu bætast við umfram það sem kemur úr Framkvæmdasjóði aldraðra og fjárlögum ríkisins fyrir árið 2007. Loforðin um að eitthvað komi seinna eru næg hjá ríkisstjórninni en bráðlega verður komið nýtt Alþingi og ný ríkisstjórn," segir Reynir, sem nefnir einnig að hann myndi vilja sjá mun fleiri aðstandendur ganga til liðs við félagið.

### Ómetanlegt vítamín í baráttunni

„Stundum hefur okkur fundist sem hópurinn næði ekki nægilegri athygli. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins sannfærðu okkur þó um að það er tekið eftir okkur. Það er ómetanlegt vítamín í baráttunni.

Í kosningunum í vor vona ég að kosið verði um þessi mál og að næsta ríkisstjórn taki mark á því sem lagt hefur verið á borð í þessum málum.

Við höfum lagt fram okkar stefnu og tillögur og væntum þess að stjórnmálaflokkarnir geri þær að sínum í næstu kosningum."

karen@frettabladid.is

# Fáfræði er engin afsökun

**Freyja Haraldsdóttir hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir verkefni sitt „Það eru forréttindi að lifa með fötlun". Með verkefninu veitir hún framhaldsskólanemum sýn inn í reynsluheim fatlaðra og er því verðugur handhafi Samfélagsverðlaunanna í flokknum „Til atlögu gegn fordómum".**

Freyja hefur frá fæðingu glímt við alvarlega líkamlega fötlun sem lýsir sér þannig að bein hennar eru stökk og brotna auðveldlega. Hún er bundin við hjólastól en er þó fær í flestan sjó og lætur fötlun sína ekki stöðva sig. Árið 2005 útskrifaðist hún sem stúdent frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og gerði sér lítið fyrir og dúxaði. Nú heimsækir hún hvern framhaldsskólann á fætur öðrum og flytur fyrirlestur sinn „Það eru forréttindi að vera með fötlun".

„Þetta byrjaði allt saman þegar ég var í sálfræði í FG," útskýrir Freyja þegar blaðamaður spyr hvernig hugmyndin að verkefninu hafi kviknað. „Við fengum það verkefni að fjalla um einhvern minnihlutahóp og ég ákvað að skrifa um minn málaflokk, þ.e. málefni fatlaðra. Það var erfitt og allt í einu var ég komin með fyrirlestur sem var ekkert fræðilegur heldur bara mín persónulega reynsla. Ég flutti fyrirlesturinn og fékk góð viðbrögð. Hægt og rólega fóru hjólin að snúast og ég fann að ég vildi gera eitthvað meira úr þessu," segir Freyja, sem fór þá af stað með verkefnið sitt. Nú hefur hún heimsótt fjölmarga framhaldsskóla og haldið þar fyrirlestra fyrir fjölmennan hóp kennara og nemenda. „Viðtökurnar hafa verið rosalega góðar og það hefur verið ánægjulegt að sjá hvernig nemendur opna sig og brjóta sína múra gagnvart mér. Það tel ég skref í rétta átt," segir Freyja.

Freyja telur að allir hafi einhverja fordóma og sjálf segist hún hafa orðið vör við fordóma gagnvart fötluðum. „Ég upplifi þá sem fáfræði. Ekki sem persónulega árás á mig heldur frekar sem fordóma gagnvart hópi fatlaðs fólks. Það er ekki talið eðlilegt að við fáum að lifa innihaldsríku og gefandi lífi. Það er eins og við eigum alltaf að sætta okkur við eitthvað




**BARÁTTUKONA** Freyja segir að samfélagið verði ekki heilt fyrr en litið sé á fatlaða sem fullgilda þegna í þjóðfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

minna út af því að það kostar svo mikinn pening að gera hlutina vel," segir Freyja. „Ég horfi á þetta þannig að við séum öll sömul öflugir einstaklingar. Ef fatlaðir eru sýnilegir og fá að taka þátt skila þeir miklu til samfélagsins. Þess vegna vil ég sjá okkur fá að lifa því lífi sem við viljum lifa, úti í samfélaginu en ekki inni á stofnunum. Meðan fólk með fötlun er ekki hluti af samfélaginu þá er samfélagið ekki heilt," segir Freyja.

Þótt verkefni Freyju ljúki formlega í apríl ætlar hún að halda ótrauð áfram. Heimasíða verkefnisins verður áfram opin og Freyja vonast til þess að síðan geti orðið vettvangur fræðslu um þessi málefni. „Við erum mjög gjörn á að afsaka fordóma með fáfræði. Ég spyr þá á móti hvort við berum ekki ábyrgð á því að uppfræða fólk. Upplýsingarnar þurfa að vera aðgengilegar og það þarf að hvetja fólk til þess að nýta sér þær," segir Freyja.

Freyja var að vonum ánægð með viðurkenningu Fréttablaðsins og sagði Samfélagsverðlaunin góðan vettvang til þess að minna á allt það jákvæða sem á sér stað í samfélaginu. „Þetta er mikill heiður fyrir mig og staðfesting á því að ég sé á réttri braut," segir Freyja.

# PANASONIC DVD UPPTÖKUTÆKI MEÐ HÖRÐUM DISKI

BT

1. Pásaðu fréttirnar eða leikinn með TimeSlip
2. Taktu upp án þess að leita að tómri spólu eða diski
3. Láttu tækið sjálfvirkt taka upp uppáhalds þátt-öinn þinn í hverri viku
4. Færðu upptökur af VHS eða Hi8 yfir á DVD án þess að kveikja á tölvunni
5. Skoðaðu ljósmyndir úr myndavélinni með SD kortalesara
6. Divx afspilun

Panasonic

AS SEEN ON TV






**Panasonic**

DMRES15
DVD upptökutæki

2.999 Raðgreiðslur 12 mán.

29.999 Staðgreitt



**Panasonic**

DMREH55
160GB
Allt að 254 klst. upptaka

5.399 Raðgreiðslur 12 mán.

54.999 Staðgreitt



**Panasonic**

DMREH65
250GB
Allt að 443 klst. upptaka

5.799 Raðgreiðslur 12 mán.

69.999 Staðgreitt

# 32" LCD VEGGSJÓNVARP



32"

**HD ready**
Upplausn fyrir næstu kynslóðir Blueray eða HD-DVD

**HDMI tengi**
Stafrænt tengi fyrir næstu kynslóðar Blueray og HD-DVD spilara

**Analog & DVB móttakari**
Veldu á milli stafræns eða analog útsendingar

**Svartími 8ms**
Myndin flöktir ekki og íþróttir komast vel til skila

**VGA tengi**
Notaðu sjónvarpið serm 32" tölvuskjá

SONY
KDL32U2000
32" Sony LCD veggsjónvarp

Frábært tæki á frábæru verði

3.873**

44.000 VERÐLÆKKUN

3.873 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.

99.999 Staðgreitt

# Erum nirðir þegar kemur að Íslendingasögunum

Þessi verðlaun eru mjög mikilvæg fyrir mig og skipta miklu meira máli en leiklistarverðlaun," segir Benedikt Erlingsson, sem hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins sem uppfræðari ársins fyrir leiksýninguna Mr. Skallagrímsson. Í því verki gefst áhorfendum kostur á að kynnast Agli sjálfum í Landnámssetrinu í Borgarnesi en Benedikt semur og flytur verkið.

„Ef verðlaun eiga áfram að vera í tísku og ef menn vilja sýna að þau eru mikilvæg þá er grundvallaratriði að þau séu alvöru verðlaun en ekki bara klapp á bakið með engu innihaldi. Mér finnst þetta því mjög gleðilegt þar sem í mínu tilfelli fæ ég flugmiða og svo eru Samfélagsverðlaunin sjálf ein milljón. Leiklistarverðlaunin eru oftar en ekki sjálfs-hátíð en þarna eru verðlaunin veitt af samfélaginu sem gerir þau svo mikilvæg," segir Benedikt og segist kannski vera undir áhrifum frá Agli sjálfum, sem hefði eflaust þegið silfrið og fundist það skipta öllu máli.

Langa sagan af tilurð verkefnisins tengist Benedikt sjálfum, æsku hans og fyrri verkum á leiksviðinu. Stutta sagan er sú að verkið var pantað af Kjartani Ragnarssyni leikstjóra og eiginkonu hans, Sigríði Margréti Guðmundsdóttur, en han segir að þau hafi snúið upp á handlegg hans og fengið hann til að glíma við verkefnið. „Og oft kemur eitthvað gott úr úr slíku, samanber Mozart og Beethoven sem voru jú oft pantaðir í tónskriftir. Annars finnst mér ég eiginlega ekki verðskulda það að hljóta verðlaun sem uppfræðari því ég er að vinna með gamalt skemmtiefni, flytja það og endursegja. Ég hugsa að sögumenn þessa tíma hafi örugglega haft lykilorð danska sjónvarpsins í forgrunni: Að skemmta fyrst og mennta svo. En maður menntar jú í gegnum það að skemmta."

Vinsældir verksins komu Benedikt þónokkuð á óvart. „Mér datt ekki í hug að svona stór hluti




**ALLIR ELSKA EGIL** Benedikt Erlingsson segir að þjóðin finni sjálfa sig í Agli Skallagrímssyni.

þjóðarinnar hefði þennan Íslendingasagnanörd í sér. En það eru ótrúlega margir sem eru heillaðir af sögnunum og þekkja til þeirra. Það er einhver hvíld í því og einhver galdur sem leysist úr læðingi við það að geta farið inn í annan heim án þess að þar sé einhver leikhúsleg tilgerð í gangi. Þarna er ekki logið að neinum með ljósum, búningum eða öðrum stælum. Þetta er frumleikhúsið eins og það gerist best." Sýningar hefjast aftur 3. mars og verða nokkrar í þeim mánuði og næsta á eftir. En af hverju á Egill Skallagrímsson svo stóran sess í hjörtum Íslendinga? „Jú, það er nokkuð skrítið því Egill er mikið skemmdur maður og varla hægt að kalla hann hetju. Hann er síður en svo alltaf góður og mjög breyskur. Þar kemur á móti að hann er mannlegur, elskar konu sína, bróður og syni, sem hann svo missir, mjög heitt. Í honum er mikil mótsögn og því held ég að hann eigi þennan sess. Maðurinn er gangandi sprengiefni."



**STOLTIR STARFSMENN SJÓNARHÓLS** Jarþrúður Þórhallsdóttir, Guðríður Hlíf Aðalsteinsdóttir, Hrefna Haraldsdóttir og Guðbjörg Andrésdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Með hagsmuni foreldra að leiðarljósi

Hjá ráðgjafamiðstöðinni Sjónarhóli eru sérstök börn í fyrirrúmi. Samtökin eru eins konar umboðsmenn foreldra barna með sérþarfir og því verðugur viðtakandi samfélagsverðlaunanna fyrir framlag til æskulýðsmála.

Samtökin Sjónarhóll voru stofnuð fyrir tæpum þremur árum. Að samtökunum standa: ADHD samtökin, Landssamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum. Aðstandendum þessara félaga hafði lengi þótt skorta faglega og óháða ráðgjöf fyrir aðstandendur barna með sérþarfir. Viðtökurnar hafa verið góðar og ánægja með starf Sjónarhóls skilaði sér í fjölda tilnefninga til samfélagsverðlaunanna. Ragna Marinósdóttir, sem situr í stjórn Sjónarhóls, og Guðríður Hlíf Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Sjónarhóls, voru að vonum ánægðar með viðurkenninguna.

„Fyrir það fyrsta þá hefur þessi viðurkenning heilmikið gildi fyrir skjólstæðinga okkar. Þetta er viðurkenning á því að okkar starf sé gott og verðlaunin hvetja okkur til þess að halda áfram á sömu braut. Það var lítill hópur með miklar hugsjónir sem lagði af stað með þetta verkefni og fyrir okkur er þetta ákaflega þýðingarmikið," segir Ragna.

Sjónarhóll sérhæfir sig í ráðgjöf fyrir aðstandendur barna með sérþarfir. Greining þarf ekki að liggja fyrir áður en leitað er til Sjónarhóls og þar er veitt endurgjaldslaus þjónusta. Ragna og Guðríður segja að það sé mikil þörf á því að leiða foreldra í gegnum þann frumskóg sem kerfið er og því sé starfsemi Sjónarhóls ákaflega fjölbreytt.

„Við lítum á okkur sem umboðsmenn foreldranna," útskýrir Guðríður. „Það er alltaf erfitt að eiga barn með sérþarfir og ofan á það bætist að foreldrar vita oft ekki hvert þeir eiga að snúa sér. Það eru margir aðilar sem koma að hverju barni og við gerum mikið af því að halda fundi með öllum þessum stóra hópi. Foreldrar eru oft á þeytingi milli sérfræðinga, skólastofnana og annarra aðila en við leiðum þetta fólk saman og höldum fundi þar sem foreldrar geta farið yfir stöðu mála með öllum aðilum sem hlut eiga að máli," segir Guðríður og bætir því við að þar sem Sjónarhóll sé engum háður sé auðvelt að kalla fólk í viðtöl og hingað til hafi enginn sagt nei við því að koma á fund. „Við hugsum fyrst og fremst um hagsmuni foreldra. Það er erfitt fyrir foreldra að hafa yfirsýn yfir málefni barnsins og það er flókið að halda utan um alla þessa þræði. Það er því ákveðinn léttir þegar óháður aðili, eins og við, kemur inn í ferlið og aðstoðar," segir Guðríður. „Margir þurfa líka bara að hafa einhvern til að tala við," skýtur Ragna inn í. „Fólk er oft úrræðalaust og ringlað".

Starfsemi Sjónarhóls fer vaxandi enda verkefnin mörg. „Við sjáum fram á að þurfa að ráða nýjan ráðgjafa á næstunni því við önnum varla eftirspurninni," segir Guðríður og bætir því við að ráðgjafar Sjónarhóls sinni einnig verkefnum á landsbyggðinni foreldrum að kostnaðarlausu. Ragna bætir því við að hjá Sjónarhóli sé lögð áhersla á að láta fólk ekki bíða lengi eftir aðstoð. „Foreldrar langveikra barna tala oft um hvað biðin sé erfið og oft eru foreldrir langþreyttir þegar þeir koma til okkar," segir Ragna. „Nú orðið vita flestir sem vinna með börnum af okkur og ýmsir sérfræðingar eru duglegir að beina foreldrum til okkar. Þetta spyrst líka út og tilnefningarnar núna sýna að samfélagið veit af okkur," segir Ragna sem er sannfærð um að samfélagsverðlaunin verði Sjónarhóli hvatning til að gera enn betur í framtíðinni. „Við erum greinilega á réttri leið," segir Ragna.

# Frekari rannsókna er þörf

Þau eru orðin átján árin sem Ævar Jóhannesson hefur helgað starf sitt krabbameinssjúkum og það í sjálfboðavinnu. Úr lúpínu og öðrum jurtum hefur hann útbúið seyði sem orðið hefur mörgum Íslendingum að miklu liði í baráttu sinni við sjúkdóminn og gefið það til þeirra án endurgjalds. Ævar er Hvunndagshetja Fréttablaðsins.

Segja má að Ævar hafi látið gagnrýni læknastéttarinnar sem vind um eyru þjóta. Hann fór á eftirlaun fyrir sex árum en hann var starfsmaður Raunvísindastofnunar í tuttugu ár, fyrst sem tæknimaður en síðar vann hann við rannsóknir. Og þessi gamli starfsmaður Raunvísindastofnunar hefur verið kallaður ýmsum nöfnum, þar á meðal skottulæknir, í útvarpi. „Það er ákveðinn þröskuldur fyrir mig að hljóta þessa viðurkenningu því ég hef ekki fengið mikið af þeim í gegnum tíðina," segir Ævar. „Auðvitað hef ég fengið viðurkenningar á öðrum sviðum en mér þykir vænt um þessa," bætir hann við.

Jurtaseyðið er sem fyrr segir unnið úr lúpínu og fimm öðrum jurtum og segir Ævar að útkoman hafi fyrst litið dagsins ljós í árslok 1989. Síðan þá hefur hann helgað sig framleiðslu þess og segist nánast geta talið þá daga sem hann hefur misst úr vinnu sinni við þróun seyðisins og heldur nákvæmt bókhald yfir þá sjúklinga sem hafa notfært sér það. „Ég hef ekki lagt það á mig að telja þá en ég gæti giskað á að þeir væru á milli fimm og sex þúsund. Fyrstu sjúklingarnir sýndu mikla og góða svörun og einn þeirra sem var haldinn banvænu krabbameini á lokastigi læknaðist furðufljótt og var kominn á gott ról eftir mánaðarneyslu. Var hreinlega bara farinn að vinna," útskýrir Ævar en segist þó gera sér fulla grein fyrir því að jurtaseyðið sé ekkert kraftaverkalyf í bókstaflegri merkingu. „Auðvitað hafa ekki allir læknast og sumir dáið en þeir eru fleiri sem hafa notið góðs af þessu seyði en ekki," bætir hann við.

Ævar segist vonast til þess að meiri og nánari rannsóknir verði gerðar á lúpínunni því fátt sé í raun vitað hvað það er nákvæmlega sem hefur þennan lækningarmátt. „Þær eru hins vegar bæði dýrar og umfangsmiklar og í raun þyrti heila rannsóknarstofu undir slíkar rannsóknir." Hann lætur sig einnig dreyma um að einhvern tímann muni augu læknastéttarinnar opnast fyrir jurtalækningum en bætir þó við að ekki sitji allir læknar fastir við sinn keip gagnvart þeim. „Mestu þakka ég þó Sigmundi Guðbjarnarsyni, fyrrum háskólarektor, sem hefur sýnt mér ótrúlega mikinn stuðning. Hann var einn örfárra sem höfðu dug og kjark til að afla þessu brautargengis."




**ÓKEYPIS KRAFTAVERKALYF** Ævar Guðmundsson segir læknastéttina hafa lítinn skilning á starfi sínu.
















VELKOMIN HEIM
EGG er með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt

EGG
SMÁRATORGI

*Verð miðast við innréttingu og sökkul

## BÍÓ Í TÖLUM

- Á tíu ára tímabili frá 1995-2005 fækkaði kvikmyndahúsum hér á landi um níu og sýningarsölum um þrjá. Á sama tíma stóð gestafjöldi kvikmyndahúsanna nokkurn veginn í stað. Árið 2005 sóttu 1.444.739 bíógestir íslensk kvikmyndahús.
- Hlutfall bandarískra kvikmynda í fullri lengd sem frumsýndar voru árið 2000 var 81% en árið 2005 var hlutfall þeirra 76%. Ef á hinn boginn er miðað við aðsóknartölur kvikmyndahúsanna en ekki frumsýndar myndir sést að 83% kvikmynda sem bíógestir sáu árið 2000 voru bandarísk og hlutfallið árið 2005 var 84%.
- Hlutfall íslenskra mynda af heildaraðsóknartölum kvikmyndahúsanna er á bilinu 2-11% á árabilinu 1996-2005 þar sem árið 2000 sker sig sérstaklega úr en þá voru sýndar átta íslenskar myndir og áhorfendafjöldi þeirra fór yfir 170.000.
- Aðsókn á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu hefur minnkað úr 7,6 bíóferðum niður í 6,7 ferðir á tímabilinu 1995-2005.
- Árið 2005 voru meðaltali 658 kvikmyndasýningar á höfuðborgarsvæðinu í viku hverri.

*Heimildir: Vefur Hagstofu Íslands, uppfærður 01.02.2007*




## Á ÖÐRUM TJÖLDUM

- Kvikmyndaklúbburinn Fjalakötturinn hefur sýningar sínar í Tjarnarbíói annað kvöld. Sýnt verður á sunnudags- og mánudagskvöldum en dagskrána má nálgast á síðunni www.filmfest.is.
- Kvikmyndasafn Íslands sýnir fjölbreyttar myndir frá ólíkum tímaskeiðum í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Sýnt er á þriðjudagskvöldum og á laugardögum.
- Félagið MÍR, menningartengsl Íslands og Rússlands sýnir sovéskar og rússneskar myndir húsakynnum sínum á Hverfisgötu 105 á sunnudögum.
- Goethe-stofnunin skipuleggur kvikmyndasýningar og fyrirlestrahald annað hvert þriðjudagskvöld og sýnir nýjar þýskar myndir, heimildarmyndir og annað efni sem tengist þýsku menningarlífi. Einnig er úrval þarlendra mynda til útláns hjá Bókasafni Hafnarfjarðar.
- Nýstofnað félag áhugafólks um heimildarmyndir, Reykjavík Documentary Workshop, skipuleggur mánaðarlegar heimildarmyndasýningar í Tjarnarbíói og einnig heimsóknir fagfólks í þeim geira.
- Vefritið Get Reykjavík skipuleggur 9-bíósýningar á skemmtistaðnum Barnum á Laugavegi 22. Sýningar eru á sunnudag- eða mánudagskvöldum kl. 21.

# *Batnandi bíómenning á Íslandi?*

Eru íslensk bíóhús bara ofvaxnar sjoppur eða býr hér bíóþjóð? Að undanförnu hefur verið rætt nokkuð um áherslur íslenskra kvikmyndahúsa en horfur eru á að fjölbreytni myndefnis sé að aukast, til dæmis með tilkomu kvikmyndaklúbbsins Fjalakattarins, sem hefur starfsemi sína á morgun. ***Kristrún Heiða Hauksdóttir*** heyrði hljóðið í þremur hagsmunaaðilum og forvitnaðist um hvort bíómenningin væri að batna.

## MÓTSAGNIR Í MENNINGU

Ásgrímur Sverrison, ritstjóri Lands og sona - málgagns Íslensku sjónvarps- og kvikmyndaakademíunnar, segir að margt bendi til þess að íslensk bíómenning fari batnandi og telur þar til þrjú atriði; eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar, þróun Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar sem hefur fest sig í sessi og vaxið með árunum og framtak Kvikmyndaklúbbsins Fjalakattarins annars vegar og Græna ljóssins hins vegar. „Flóran er að skána en það ber að hafa í huga að hér höfum við búið við mjög einhæft og takmarkað bíóúrval um árabil. Ég tel að það sé verið að svíkja okkur um stóran hluta af kvikmyndamenningu með því að halda að okkur einhæfu úrvali – það er verið að gera mun fjölbreyttari myndir en þær sem Hollywood stendur að. Það er ekki nema sjálfsagt að við fáum að vera hluti af því, okkar menning verður ríkari fyrir vikið.“


ÁSGRÍMUR SVERRISSON

Ásgrímur segir að uppi séu margar vísbendingar um að hér sé markaður fyrir fjölbreyttari myndir. „Fólk þyrstir í fjölbreyttara efni en þennan áhuga þarf að rækta, það þarf að hlúa að og stækka þennan hóp. Myndefni verður sífellt stærri hluti af okkar menningu og þess vegna er mikilvægt að hér sé fjölbreytt efni á boðstólum.“ Hann áréttar að bíómenning hér á landi sé mjög mótsagnakennd. „Við erum ein mesta bíóþjóð í heimi og það vita framleiðendur í Hollywood mæta vel enda fáum við hingað nýjustu myndinar frá þeim. Á hinn bóginn er mjög lítil kvikmyndamenning hér á landi, lítil umræða og rannsóknir á kvikmyndinni sem list- og tjáningarformi. Áhugi á slíku virðist mjög takmarkaður en það skýrist meðal annars af fábreyttu úrvali mynda síðustu áratugina.“ Ásgrímur útskýrir að þróun kvikmyndamenningar hér fylgi alþjóðlegri breytingu í kvikmyndaiðnaðinum og vísar til þess að staða miðilsins í vestrænni menningi hafi breyst upp úr 1980. „Hún breytist úr því að vera almennt viðurkennt listform líkt og hún hafði verið síðustu 20-30 árin á undan yfir í að verða meira popp- og fjöldamenning líkt og hún var í upphafi. Það sem gerist hér endurspeglar þessa almennu þróun en gallinn er sá að hér urðu áherslurnar ýktari, þessar listrænu áherslur hurfu næstum. Í öðrum löndum hafði fólk enn aðgang að „listrænum myndum“, þar voru starfrækt bíó sem sérhæfðu sig í slíkum myndum.“

Ásgrímur fagnar framtaki Græna ljóssins og þá sér í lagi því að nú sé farið að markaðssetja „listrænni“ kvikmyndir. „Ég hef lengi hvatt til þess að þær væru markaðssettar af sömu ákefð og „Hollywood-myndir“ og nú virðist það vera að gerast. En það verður að gefa þessu tíma. Fólk hefur enn takmarkaðan smekk fyrir framsæknum myndum en hann má byggja upp ef menn halda því til streitu og trúa á þetta framtak. Það er mjög mikilvægt að menn gefist ekki upp þó það gangi hægt til að byrja með.“

## MIKILVÆGI ÞESS AÐ BRÚA BILIÐ

Björn Ægir Norðfjörð, aðjúnkt í kvikmyndafræði við Háskóla Íslands, er bjartsýnn á framtíð íslenskrar bíómenningar og lýsir yfir ánægju sinni með þá grósku sem merkja má meðal áhugafólks um kvikmyndir, til dæmis framtaksemi Fjalakattarins og dreifingafyrirtækisins Græna ljóssins. „Það veltur hins vegar á áhorfendum hvort þessar tilraunir takast,“ segir hann. „Aðrar myndir en „Hollywood-myndirnar“ nutu mun meiri vinsælda hér áður fyrr en þær gera í dag því raunar er búið að spilla fyrir kvikmyndaviðtökum hérlendis á undanförnum árum – hugmyndir íslenskra áhorfenda eru svo bundnar við Hollywood að það er erfitt að brúa það bil. Nú er margt að gerast og ég vona að áhorfendur taki við sér, opni augun fyrir öðru en nýjustu „Hollywood-myndunum“ og nýti sér aðrar sýningar og miðla – það þýðir ekki að fólk þurfi að hætti við að sjá nýjustu Bond-myndina heldur má reyna að krydda hlutina aðeins.“


BJÖRN ÆGIR NORÐFJÖRÐ

Hann útskýrir að hér á landi hafi verið kappkostað að gera kvikmyndahúsin sem fullkomnust, til dæmis varðandi hljóð og þægileg sæti en inntakið hafi setið á hakanum og kvikmyndaúrvalið sé fábreytt.

Björn segir að fjöldi bíógesta miðað við höfðatölu hafi lítið að segja um hversu rík kvikmyndamenning sé hér á landi, til dæmis í ljósi þess hversu einhæft úrvalið er. Tölur sem þessar geti á hinn bóginn verið til vitnis um að hér á landi sé lítið hægt að gera annað en að fara í bíó.

Björn útskýrir að námið sem nýhafið er í HÍ þar sem nemendur geta lært kvikmyndafræði sem aukagrein til BA-prófs sé ákveðin staðfesting á því að kvikmyndamiðillinn sé nú tekinn alvarlega. „Við höfum enga fordóma gagnvart Hollywood-myndum hér og sýnum þær eins og aðrar myndir því markmiðið er að víkka út hugmyndir nemenda um kvikmyndir og kenna þeim að horfa á myndir sem hafa fleiri markmið en að selja popp og kók.“

## BÆTT ÞJÓNUSTA VIÐ BÍÓGESTI

Guðmundur Breiðfjörð, markaðsstjóri kvikmyndadeildar Senu, segist tvímælalaust taka undir að íslensk bíómenning hafi batnað á undanförnum árum og tilgreinir þar meðal annars bætta þjónustu við bíógesti sem felst meðal annars í betri sýningaraðstöðu og aukinni tækni. Aukinheldur nefnir hann að nýjar myndir skili sér æ hraðar hingað til lands og fjölmargar myndir séu heimsfrumsýndar hér á landi.


GUÐMUNDUR BREIÐFJÖRÐ

Iðnustu bíógestirnir eru ungt fólk en Guðmundur áréttar að aldursbilið fari stækkandi. „Menn héldu að ungir strákar væru allra duglegustu bíógestirnir en þegar allt er talið kemur í ljós að kynjahlutfallið er mjög jafnt, til dæmis eru konur mjög duglegar að mæta á rómantískar gamanmyndir. Markhópurinn hefur verið sterkastur á aldrinum 16-24 ára en undanfarin ár hefur bilið verið að aukast og nú myndi ég segja að helsti markhópurinn væri 18-39 ára. Ástæða þess er til dæmis hversu vel kvikmyndahátíðirnar hafa gengið og nú með tilkomu Græna ljóssins verður meira af klassískum myndum sem ná mögulega að draga eldri gesti inn í bíóin sem annars myndu ekki mæta vegna þess að það eru hlé eða of mikið af poppkornsmyndum.“

Hann útskýrir að íslenskar myndir geti hækkað aðsóknartölur kvikmyndahúsanna gífurlega og þá komi oft gestir sem annars séu sjaldséðir í kvikmyndahúsunum. Í ljósi þess að aðsókn landsmanna í kvikmyndahús hefur dregist saman á undanförnum árum segir Guðmundur að framboð á afþreyingarefni hafi aukist gífurlega og því sé samkeppnin harðari. „Ég held að aðsóknin nú sé orðin tiltölulega stöðug en árið í fyrra var algjört metár hjá okkur en Mýrin er stór hluti af þeirri velgengni. Auðvitað er það sveiflukennt eftir því hvar stórmyndir lenda og hvort það er stór íslensk mynd á almanaksárinu. Miðað við þær aðsóknartölur að Íslendingar fari að meðaltali rúmlega fimm sinnum í bíó ári verður að segjast að hér er mjög heilbrigður og hraustur markaður sem ekki hefur undan neinu að kvarta.“

Sena er nýtekin við rekstri Háskólabíós og Guðmundur segir að þar verði ráðist í gagngerar endurbætur á næstunni, auk þess sem þá verði sérhæfing milli kvikmyndahúsa þeirra mögulega aukin, Græna ljósið fái inni í Regnboganum, íslensku myndirnar í Háskólabíói og stórmyndirnar í Smárabíói.

Hann segir að samkeppni í dreifingu og sýningu kvikmynda sé töluverð en hún skili sér til neytenda í bættri þjónustu. Þegar talið berst að fleiri aðilum, til dæmis Fjalakettinum og sýningum Kvikmyndasafnins, sem nú standi að skipulögðum kvikmyndasýningum segist Guðmundur fagna fjölbreytninni. „Það er ákveðinn jaðar sem alltaf hefur verið til staðar og mun ávallt verða. Við höfum komið til móts við þennan hóp með kvikmyndahátíðum og sýningum Græna ljóssins. Við viljum að sjálfsögðu vinna með þessu fólki því það eykur flóruna og hjálpar öllum iðnaðinum.“ Guðmundur segir þó að fyrrgreindar sýningar muni ekki hafa áhrif á sýningarstefnu Senu.

# 12 milljónir í fyrsta vinning

# Það væri ekki dónalegt að vinna!

**Taktu Lottó í áskrift á lotto.is eða náðu þér í lottómiða á næsta sölustað.**

Lottó

ENNEMM / SÍA / NM26212

# Páskar í Prag

6.-12. apríl

Frá kr. 39.990

6 daga páskaferð

- síðustu sætin

kr. 39.990

Flugsæti með sköttum. Netverð á mann.

kr. 59.990

Flug, skattar og gisting í tvíbýli með morgunverði í 6 nætur á Hotel ILF. Netverð á mann.

Prag er einn ástsælasti áfangastaður Íslendinga. Vorið í Prag er einstaklega fagurt og veðrið milt og landið heillandi, allur gróður í blóma og landið skartar sínu fegursta. Heimsferðir bjóða nú ferð til þessarar frábæru borgar um páskana á einstökum kjörum. Í boði eru góð 3 og 4 stjörnu hótel og spennandi kynnisferðir með fararstjórum okkar sem eru þaulkunnugir borginni.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ








FERMINGARFÖT Á FLOTTA STRÁKA

TOPMAN


## STUÐ MILLI STRÍÐA Sorry hey Jude, but you ain't no Vigdís

**TRYGGVI GUNNARSSON** HEILSAR ALLTAF FRÆGA FÓLKINU



Hinn ómótstæðilegi hey Jude Law kom til Íslands, fór í sund, fannst það frábært, hitti Höllu, hún fór í Sun og hann heim. Köttur úti í mýri...

Skipuleggjanda ferðar hey Jude fannst frábært að hann var að mestu látinn í friði, af öllum nema Höllu auðvitað, og sagði það mikilvægt fyrir stórstjörnur að upplifa frið og ró á friðsæla Íslandi. Hann fékk að spranga um á sundskýlunni í Laugardalnum án þess að nokkur pirraði hann. Svo afskiptalaus var hann að klippa þurfti mynd af honum inn á aðra mynd úr Laugardalslaug til að fréttin gerði sig í Fréttablaðinu. Margir hafa eflaust spurt sig hvað í ósköpunum hann var að gera með þessa kylfu á myndinni, hvort hún væri til að berja frá æsta aðdáendur, eða hvort hann væri með Gumma í Byrginu í einhverjum sadó-masó-leik?

Ég efast um að ég myndi þekkja hey Jude í pottinum. Kannski myndi ég segja sæll og takk fyrir síðast því ég væri viss um að ég þekkti hann en myndi ekki hvaðan. Það gerði ég að minnsta kosti þegar Julia Stiles gekk framhjá mér á Laugaveginum og horfði á mig með „enn einn geðveikur aðdáandi“ augunum þegar ég kastaði kveðju á hana.

Það er bara ein fræg manneskja sem fyllir mig lotningu þegar ég hitti hana og engin hætta er á að ég taki ekki eftir henni. Ég verð algjörlega stjörnuminn og er tilbúinn að hleypa henni fram fyrir í röðinni, lít í kringum mig hvort einhver sé að gera sig líklegan til að ógna henni, og er tilbúinn að deyja hetjulegum, og um leið Hollywood-legum, dauðdaga fyrir hana. Það er ókrýnd eilífðardrottning Íslands: Vigdís Finnbogadóttir. Fyrirgefðu Óli, þú ert fínn en það er bara ein Vigdís.

Að lokum langar mig að varpa fram smá hugleiðingu. Hvar voru börnin hans hey Jude þegar hann var að dansa við hina síbrosandi Höllu? Voru þau bara heima á 101 hóteli að horfa á Stundina okkar? Fékk hann Helgu Steff eða Afa til að passa í eigin persónu, eða kannski íþróttaálfinn? Svör óskast í næsta hefti af Séðu og heyrðu.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SKÍFAN LÆKKAR
# STRAX!

**ÞANN 1. MARS LÆKKAR VIRÐISAUKASKATTURINN Á TÓNLIST ÚR 24,5% NIÐUR Í 7%**




~~2.199~~ **1.890**

Söngvakeppni
Sjónvarpsins 2007



~~2.199~~ **1.890**

Norah Jones
Not too late




~~2.199~~ **1.890**

Lay Low
Please Donn't Hate Me




~~2.199~~ **1.890**

Amy Winehouse
Back To Black




~~2.199~~ **1.890**

Laddi 2CD
Hver er sinnar kæfu smiður




~~2.199~~ **1.890**

Van Morrison
At The Movies



~~2.199~~ **1.890**

Bloc Party
A Weekend In The City




~~2.199~~ **1.890**

Rhythms Del Mundo
Rhythms Del Mundo Cuba

**TILBOÐ GILDIR AF ALLRI TÓNLIST Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

S·K·Í·F·A·N

**KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI**

TILBOÐ GILDIR TIL 1. MARS EN ÞÁ TEKUR GILDI ALMENN VSK. LÆKKUN

# Tyra og Paris rasa út í Reykjavík

Haft er á orði að sumum berist daglega fleiri fréttir af stórstjörnum á borð við Paris Hilton og Tyru Banks en af fjölskyldumeðlimum og vinum. Þessar drósir eru að sönnu góðkunningjar margra af sjónvarpsskjám og síðum blaða en færri vita þó að í borginni Reykjavík má kynnast nýjum hliðum á þessum stjarnfræðilega frægu snótum.

Nýlega var efnt til fyrstu ferðarinnar um Ísmericu en fyrrgreind kvendi eru fylgismeyjar í harla óvenjulegri leiksýningu sem ber þann titil. Að baki því uppátæki standa tvær ungar leikkonur, Aðalbjörg Árnadóttir og Magnea Björk Valdimarsdóttir, sem eru félagar í hinu nýstofnaða Gleðileikhúsi. „Þetta er óvissu- og ævintýraleikhús,“ útskýrir Magnea og harðneitar að gefa meira upp um framvindu þessarar óvenjulegu sýningar. Sýningin eða ferðalagið hefst við Kramhúsið í Bergstaðastræti en svo verður að koma í ljós hvar ævintýrið endar. Magnea áréttar að lygilegir hlutir eigi sér stað enda vart annað hægt með aðrar eins persónur í farteskinu.

Hér á landi er ekki rík hefð fyrir leikhúsformi sem þessu en Magnea útskýrir að enginn þurfi að óttast að markmið sýningarinnar sé að hrella fólk. „Þetta er vitanlega nýtt og spennandi form en markmið Gleðileikhússins er fyrst og fremst að gleðja fólk í skammdeginu,“ segir leikkonan hughreystandi og útskýrir að sýningin hafi þegar mælst vel fyrir hjá leikhúsgestum, sem hafi fagnað kynnum sínum af Ísmeriku. Upplýsingar um sýninguna má nálgast í síma 551-0343. - khh



**SVAÐALEGA FRÆGAR** Lygilegir hlutir eiga sér stað hjá Gleðileikhúsinu en þar er skyggnst um í öngstrætum Ísmericu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Listir allra álfa

Heimsdegi barna verður fagnað í þriðja sinn í dag en þá geta börn og unglingar komist í kynni við framandi menningu frá öllum heimsálfum í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og félagsmiðstöðinni Miðbergi. Heimsdagur barna er liður í Vetrarhátíð í Reykjavík sem er samvinnuverkefni Höfuðborgarstofu, Alþjóðahússins, Kramhússins og fyrrgreindra aðila.

Þar verða skipulagðar fjölbreyttar og spennandi listasmiðjur sem verða opnar milli 14 og 17 en að þeim loknum verður afraksturinn til sýnis í samkomusal hússins.

Á staðnum geta forvitnir ungir gestir til dæmis kynnt sér uppruna hljóðfærisins didgeridoo, lært um rapp og rímur, fræðst um mörgæsir og Bollywood-myndir og arabíska skrift auk þess sem boðið verður upp á kennslu í krumpdansi sem er með afbrigðum forvitnilegur dansstíll.

Auk smiðjanna verða ýmsar uppákomur í anddyri Gerðubergs og eitthvað að gerast í hverju einasta skúmaskoti húsanna en nánari upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðunni www.gerduberg.is.



**TRUMBUR SLEGNAR** Ungir og áhugasamir listunnendur geta kynnt sér framandi menningu í Breiðholtinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ÞJÓÐLÖG, LJÓÐAFLOKKAR OG ARÍUR** Fjölbreyttir söngtónleikar verða haldnir í Salnum á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fagrir hljómar

Söngkonurnar Xu Wen og Natalía Chow halda söngtónleika í Salnum í Kópavogi á morgun. Með þeim leikur Anna Guðný Guðmundsdóttir á píanó en á efnisskránni eru ljóðaflokkur eftir Mahler og frumflutningur á ljóðaflokki eftir Julian Hewlett, auk íslenskra og erlendra sönglaga og aría.

Xu Wen nam ung að árum kínverskan óperusöng, leiklist, dans og skylmingar við Huangmei-óperuskólann í Anhui-fylki í Kína. Hún hefur sungið aðalhlutverk í fjölmörgum kínverskum óperum og unnið til verðlauna fyrir söng sinn. Hún fluttist til Íslands árið 1989, hóf nám hjá Elísabetu Erlingsdóttur við söngdeild Tónlistarskólans í Reykjavík og stundaði síðar framhaldsnám í London. Xu Wen hefur haldið fjölda einsöngstónleika og sungið víða á opinberum vettvangi og starfar nú jafnframt sem söngkennari við Domus Vox.

Natalía Chow Hewlett ólst upp í Hong Kong og lærði snemma á píanó. Hún lauk 8. stig í píanóleik og einsöng í Hong Kong og hélt síðar til framhaldsnáms í Bretlandi. Að námi loknu var Natalía ráðin sem lektor við Hong Kong International Institute of Music þar sem hún sá um menntun verðandi tónmenntakennara. Á sama tíma stundaði hún framhaldsnám í söng. Natalía fluttist til Íslands árið 1992 og hefur starfað sem söngkona, söngkennari, organisti og kórstjóri, fyrst á Húsavík og síðan á höfuðborgarsvæðinu. Hún hefur til að mynda staðið að stofnun fjögurra kóra, þar á meðal Regnbogakvennakórsins sem er fyrir konur af erlendum uppruna.

Tónleikarnir á morgun hefjast kl. 16.


Flagari í framsókn – The Rake's Progress – IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
sun. 25. feb. - fös. 2. mars - SÝNINGAR HEFJAST KL. 20
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ - Kynningin hefst kl. 19.15
GULLÖLD GÍTARSINS
HÁDEGISTÓNLEIKAR - ÞRIÐJUD. 27. FEB. KL. 12.15
Pierre Laniau - gítarleikari POURQUOI PAS?
Miðaverð kr. 1.000
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
Landsvirkjun
ÍSLENSKA ÓPERAN ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ABBABABB! eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
sun. 25. feb. kl. 17.00
sun. 4. mars kl. 17.00
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Stóra sviðið kl. 20:00

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Í kvöld lau. 24/2 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun 4/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 11/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 18/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/4 kl. 14:00 nokkur sæti laus. sun. 15/4 kl. 14:00, sun. 22/4 kl. 14:00. Sýningum lýkur í apríl!

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar fim. 1/3 örfá sæti laus, fös. 2/3 örfá sæti laus og lau. 3/3 örfá sæti laus. Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 örfá sæti laus, 3. sýn. lau. 10/3 örfá sæti laus, 4. sýn. mið. 14/3 örfá sæti laus, 5. sýn. fim. 15/3 örfá sæti laus, 6. sýn. fös. 16/3 örfá sæti laus, 7. sýn. lau. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 24/3 nokkur sæti laus.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Í kvöld lau. 24/2 örfá sæti laus, þri. 27/2 kl. 16:00 örfá sæti laus, fim. 1/3 kl. 13:00 uppselt, þri. 6/3 kl. 17:00 uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.

Kúlan

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.
Í dag lau. 24/2 kl. 13:30 uppselt, kl.15:00 uppselt og kl. 17:00 uppselt, sun. 25/2 kl. 13:30 uppselt og 15:00 uppselt, lau. 3/3 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00 uppselt, sun. 4/3 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00 uppselt.
Aukasýningar: lau. 10/3 kl. 13:30 og 15:00, sun. 11/3 kl. 13:30 og 15:00, lau. 17/3 kl. 13:30 og 15:00, sun. 18/3 kl. 13:30 og 15:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“ DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Fim 1/3 kl. 20 Fös 9/3 kl. 20
Síðustu sýningar

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 2/3 kl. 20 Lau 10/3 kl. 20
Lau 17/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20

MEIN KAMPF
Í kvöld kl. 20 AUKAS.
Mið 28/2 kl. 20 AUKAS.
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 25/2 kl. 20 UPPS. Sun 4/3 kl. 20
Sun 11/3 kl. 20 Sun 18/3 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Í kvöld kl. 20 UPPS. Í kvöld kl. 22:30 UPPS.
Lau 3/3 kl. 20 UPPS. Lau 3/3 kl. 22:30 UPPS.
Fim 8/3 kl. 21 UPPS. Fös 16/3 kl. 21 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS.
Mið 28/2 kl. 20 UPPS. Lau 10/3 kl. 14 AUKAS.
Fim 15/3 kl. 20 AUKAS. Fös 16/3 kl. 21 UPPS.

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fös 2/3 kl. 20 AUKAS.
Þri 13/3 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Mán 5/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Þri 6/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Mið 7/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Lau 10/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Sun 11/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20

DAGUR VONAR
Sun 25/2 kl. 20 UPPS. Fim 1/3 kl. 20 UPPS.
Lau 3/3 kl. 20 UPPS. Sun 4/3 kl. 20 UPPS.
Fim 8/3 kl. 20 UPPS. Fös 9/3 kl. 20 UPPS.
Fim 15/3 kl. 20 Fös 16/3 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 25/2 kl. 14 Sun 4/3 kl. 14
Sun 11/3 kl. 14 Sun 18/3 kl. 14
Sun 25/3 kl. 14 Síðustu sýningar

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 1/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 3/3 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 25/2 kl. 13,14,15, Sun 4/3 kl. 13,14, 15,
Sun 11/3 kl.13, 14, 15, Sun 18/3 kl. 13, 14, 15,
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15, Sun 1/4 kl. 13, 14, 15,
Sun 15/4 kl. 13,14,15 Uppselt á þessar sýningar!
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

FEBRÚARSÝNING Íd
Sun 25/2 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 4/3 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Sun 11/3 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 18/3 kl. 20 5.sýning Blá kort

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

GERÐUBERG
Viðburður á Vetrarhátíð!
HEIMSDAGUR BARNA
Allar heimsálfur á einum stað!
Laugardaginn 24. febrúar kl. 13-18
í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og félagsmiðstöðinni Miðbergi
Hvernig hljómar Didgerido og hvaðan er það upprunnið?
Hvað eiga rapp og rímur sameiginlegt?
Hvernig skylmast alvöru víkingar?
Kanntu að dansa í anda Bollywood-myndanna?
Langar þig að læra að breyta melónu í listilega borðskreytingu?
Viltu fræðast um mörgæsirnar á Suðurskautslandinu?
Kanntu að skrifa nafnið þitt á arabísku?
Hvað er Krump?
>>> Svörin við þessum forvitnilegu spurningum finnur þú á Heimsdegi barna!
>>> Boðið verður upp á fjölda listsmiðja fyrir börn og unglinga og eitthvað að gerast í hverju einasta skúmaskoti!
>>> Heimsdagur barna er samstarfsverkefni Vetrarhátíðar, Alþjóðahússins, Kramhússins, Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs og félagsmiðstöðvarinnar Miðbergs.
Sýning Rúríar „Tími - Afstæði - Gildi“ verður opin í dag frá 13-18 og sunnudag frá 13-16.
Gerðuberg • sími 575 7700 • Sjá dagskrá á www.gerduberg.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

21 22 23 **24** 25 26 27

### Laugardagur

#### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Hljómsveitin Sign** er á tónleikaferðalagi um landið og heldur tvenna tónleika á skemmtistaðnum **Café Amsterdam.** Fyrri tónleikarnir eru leyfðir fyrir alla aldurshópa en þeir síðari, sem hefjast á miðnætti, eru ætlaðir eldri aldurhópum.

☐ 22.00 Köntrýsveitin **Baggalútur** heldur tónleika á **Græna hattinum** á **Akureyri**. Á dagskrá eru lög af tímamótahljómdisknum **Pabbi þarf að vinna og** verðlaunagullskífunni **Aparnir í Eden**. Húsið opnað kl. 21.

☐ 23.00 Kvartett **Hauks Gröndal** leikur á **Café Rósenberg**. Sveitina skipa **Haukur Gröndal** á tenórsaxófón, **Ásgeir Ásgeirsson** á gítar, **Þorgrímur Jónsson** á kontrabassa og **Erik Qvick** á trommur. Efnisskráin er samansett af djassslögurum frá 4. og 5. áratug síðustu aldar og sveiflan verður sannarlega í fyrirrúmi. Aðgangseyrir 500 kr.

#### OPNANIR

☐ 14.00 Sýning á verkum **Ragnars G. Einarsonar** og **Guðlaugar Friðriksdóttur** verður opnuð í **Listasal Mosfellsbæjar**. Sýningin ber yfirskriftina **Listbókbandssýning - Bóklist á vegg og myndlist á bók.**

#### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 11.00 Sýning á verkum **Kristins E. Hrafnssonar** stendur yfir í **gallerí i8** á **Klapparstíg** til 24. febrúar. Opið er þri-fös. kl. 11-17 og lau. kl. 13-17.

☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í Listasafni Íslands geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**. Sýningunni lýkur á morguni.

#### VETRARHÁTÍÐ

☐ 13.30 Skammdegissöngur á **Vetrarhátíð**. Opið hús og röð einsöngstónleika í **Snorrabúð**, tónleikasal **Söngskólans** í Reykjavík við Snorrabraut. Nemendur skólans koma fram auk þess sem boðið verður upp á fjöldasöng, dans og léttar veitingar. Garðar Cortes og Sibylle Köll stýra dagskránni.

☐ 14.00 Sýningarnar **Ólátagarður** og **Dýrið í mér** verða opnaðar í **Kartöflugeymslunum** í **Ártúnsbrekku** en þar verður aukinheldur lífleg menningardagskrá langt fram á kvöld. Kl. 20 leika **Flís Tríóið** og **Steintryggur** og þá verður einnig haldið upp á afmæli **Dansleikhúss með Ekka.**

☐ 17.00 Söngkonan **Guðrún Ingimarsdóttir** kemur fram á tónleikum í **Iðnó** ásamt **Alexander Auer** flautuleikara og **Kurt Kopecky** píanóleikara. Á efnisskránni eru verk eftir Delibes, Adams, Rossini og Donizetti en tónleikarnir eru liður í **Vetrarhátíð í Reykjavík**.

☐ 17.00 Danshópurinn **La Guardia Flamenca** frá Belgíu dansar í Listasafni Reykjavíku, **Hafnarhúsi**. Stöllur þær blanda saman ástríðufullum flamengódansi og heraga majorettanna.

☐ 22.00 Franska hljómsveitin **Dionysos** leikur í tilefni af franskri menningarkynningu á Íslandi. Tónleikarnir fara fram í **Hafnarhúsinu** og er aðgangur að þeim ókeypis.

#### SÝNINGAR

☐ 12.00 Í **Listasafni Akureyrar** standa yfir tvær sýningar, annars vegar á verkum **Jóns Óskars** en sýning hans ber yfirskriftina Les Yeux de L'ombre Jaune og hinsvegar sýning **Adam Batemans** - Tyrfingar. Safnið er opið milli 12-17 alla daga nema mánudaga.

☐ 13.00 **Erlingur Jón Valgarðsson** sýnir í **Jónas Viðar Gallery** í **Kaupvangsstræti** 12 í Listagilinu á Akureyri. Sýningin stendur yfir til 25. febrúar en galleríið er opin milli 13-18 föstudaga og laugardaga.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.
















> Við mælum með...

... innkaupapokum úr taui í verslunarferðina. Miklu smartara en plast og pappír... og vistvænna!



útlit

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN: HELGA LILJA MAGNÚSDÓTTIR, FATAHÖNNUÐUR

# *Veikust fyrir prjónafötum*

**Spáir þú mikið í tískuna?** Tjahhh, kannski ekki þannig, ég skoða ekki beint Vogue í hverjum mánuði en ég hef gaman af straumunum.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?/Hvernig myndu vinir þínir gera það?** Afslappaður? Ég klæðist að minnsta kosti aldrei neinu sem mér finnst óþægilegt.

**Uppáhaldsfatahönnuður/Fatamerki:** Í augnablikinu eru það Bernhard Willhelm og Henrik Vibskov.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Ha, ha. Nei, það á ég ekki, eiga það margir?

**Litirnir þínir:** Svartur, grár og dökkblár... „dead boring".
**Hverju ertu veikust fyrir?** Prjóni, þunn prjónaefni ná mér alltaf!

**Hvað er heitast hjá þér í augnablikinu?** Það sama, prjón... ég myndi kaupa gubb ef það væri úr fallegu prjónaefni.

**Bannað:** Nnono nononono nononono nono there´s no limit!

**Uppáhaldsverslun:** Trilogia, Nakti apinn og eBay!

**Hvaða áratugur finnst þér hafa haft flottustu tískuna ?** Þriðji áratugurinn. Æðislegt þegar tískan er svo ákveðin að allir verða eins, meira að segja hárið á öllum virðist hafa verið eins á litinn.
**Þrjár uppáhaldsflíkur/ Af hverju eru þær uppáhalds?** F-Troupe skórnir mínir, þeir passa við allar flíkur og öll tækifæri. Henrik Vibskov bolurinn minn því að hann gerir allt fínt og svo Dr. Denim buxurnar mínar því að ég á engar aðrar sem ég fíla.

**Hvað þyrfti að hreinsa út úr fataskápnum fyrir vorið?** Allt sem maður hefur ekki gengið í í hálft ár... nenginn tilgangur að geyma það lengur, kaupa nýtt!!

**Hvert færir þú í verslunarferð með fullt af peningum OG þú fengir að ferðast í tímavél?** Til NY og bara núna!! Af hverju að vilja alltaf eitthvað annað en maður getur fengið, ég lifi núna ekki þá, takk fyrir!





## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Elsa María Blöndal**

# *Vorið góða grænt og hlýtt...???*

Nei, það er heldur betur ekki hlýtt hérna á Íslandinu okkar, ekki núna að minnsta kosti þó maður sjái það alltaf fyrir sér sem hlýtt..!. Og grænt er það nú sannarlega ekki á göngupöllum tískuhúsanna ytra. Hvort sem litið er til Parísar eða New York, London eða Mílanó þá ráða ríkjum í tískuhúsunum framtíðarlegir málmar, plast og silfurlitaðir mini-kjólar svo fátt eitt sé nefnt. Þannig leit framtíðarsýn Nicolas Ghesquiere út þegar hann kynnti fatalínu sína fyrir vor/sumar 2007 hjá Balenciaga. Sú allra töffaralegasta sem litið hefur dagsins ljós síðustu ár. Svartir, glansandi jakkar, buxur úr málmi, kjólar gerðir eingöngu úr koparvír og til að toppa útlitið var hár módelanna sleikt aftur og augun römmuð inn í risastór, vísindaleg skyggnisólgleraugu. Þær litu mekanískt út, líkt og þær myndu hrökkva úr hnélið þá og þegar og útbúnaðurinn svo þétt sniðinn að þær gengu með hnykkjum um pallinn í þvinguðum og kynlausum róbótastíl.

Kannski er það vegna aukinnar hræðslu við framtíðina, kannski vegna aukinna hryðjuverkaógna og heimsstríða en á síðastliðnum árum hafa tískuhönnuðir helst leitað huggunar í rómantík og sjarma liðinna tíma. Nú eru tímarnir aðrir. Líf okkar snýst meir og meir um nýja tækni, gervihnattaútsendingar, internet-tækni, sjónhimnuskanna...

Hussein Chalayan markaði tímamót með einstökum hætti í sýningu sinni „One Hundred And Eleven" (fyrir vor/sumar '07) þar sem hann tók fyrir hætti í klæðaburði og síbreytilega tískusilúettuna allt frá árinu 1895 og upp úr (hundraðogellefu ár). Chalayan réði til sín tæknilega sérfræðinga sem fengu það verkefni að breyta fimm kjólum í „lifandi" flíkur sem virtust anda. Þessu takmarki var náð með þar til gerðum agnarlitlum víravirkjum og mótorum sem voru saumaðir í pilsfald og korselett. Agnarlítil mistök og vélaverkið hefði stöðvast.

Hvernig sjá tískuhönnuðir fyrir sér raunverulega tísku í framtíðinni? Að mati Husseins Chalayan snýst framtíðin um möguleika. „Á þessu stigi málsins getum við aðeins fengið nýjar hugmyndir út frá vísindum og tækni." Hönnuðurinn Alber Ebaz er hins vegar ekki tilbúinn til að líta málefnið svo björtum augum: „Það er ekkert sem kemur í kjölfar framtíðarstefnunnar. Hvert fer maður þegar maður maður hefur náð til tunglsins?"

Já, því má velta fyrir sér endalaust. Ég sé ekki betur en að spennandi verði að fylgjast með þróuninni í tískuheiminum á komandi árum. Og vorið sem kannski er ekki alltaf grænt og hlýtt verður þó alltaf gott. Vorið góða...



**SNIÐLAUSIR SKOKKAR** „Baby-doll"-sniðið sást alls staðar fyrir vor/sumar 2007. Hér er einn svakasætur frá Chloé.



**KVARTERMAR** Svartur skokkur með einhvers konar persnesku munstri, tekinn saman í háls, Top Shop.



**SILKIFERNINGUR** Svartur ermalaus, næstum sniðlaus með gráum ramma og mynd af fiðrildi.



**MUNSTRAÐUR** Dimmgrár stuttermaskokkur með svörtu blómamunstri, Top Shop.



**HIPPY CHIC** Mosagrænn hippaskokkur rykktur saman fyrir ofan olnboga og á brjóstum.



**ÞÆGILEGUR** Ljósgrár kvartermaskokkur með vösum, frá Top Shop.




# Raulað og skokkað

**Einstaka sinnum kemst eitthvað í tísku sem gerir líf okkar svo mikið þægilegra...**

En hvað getur maður kallað þessa æðislega sætu kjóla sem svo þægilegt er að smeygja sér í?

Kyrtla? Skokka? Mussur? Ég held það gildi allt saman ágætlega, við getum kallað þá raul þess vegna. Aðalatriðið er að rúmgóður og fallegur skokkur getur bæði falið ýmsar af okkar syndum og í leiðinni undirstrikað það sem við eigum að undirstrika. Það fallegasta við þessa litlu kjóla er að maður getur verið í þeim við næstum ALLT. Gallabuxur, svartar og litaðar leggings, rifflaðar sokkabuxur...

Og maður vaknar bara á morgnana, smeygir þeim yfir höfuðið og þarf ekki að spá í neitt frekar allan daginn. Dásamlegt. Hér eru nokkrir ofsa sætir sem þið dömur ættuð að gefa auga ...

**elsablom@yahoo.com**



**GLEÐIGJAFI** Himinblár stuttermaskokkur með vösum, frá Top Shop.

**RÖNDÓTTUR** Svart- og gráröndóttur kvarterma-raulari með hnöppum á öxlum.




**SONY**

KDL46W2000

Besta LCD tæki ársins
-What HIFI

200.000,-
Verðlækkun

399.950,-
verð áður 599.950-

# 48 TÍMA TILBOÐ Á SONY BRAVIA VERÐLAUNA VEGGSJÓNVÖRPUM




**SONY**

KDL46V2000

Best buy
-What Video & Widescreen tv

5 stjörnur
- What HIFI

170.000,-
verðlækkun

329.950,-
verð áður 499.950-




**SONY**

KDL40S2000

Editor's Choice
-What Home Cinema

70.000,-
Verðlækkun

249.950,-
verð áður 319.950-



Sony ALPHA D-SLR myndavél
DSLRA100KB
10 megapixlar
18-70mm linsa fylgir
Hristi og rykvörn á myndflögu
EISA verðlaunahafi

20.000,-
Lækkun

79.950,-
verð áður 99.950-



TAVL1 - ESPRIT

Smart tæki með
yfirburða hljóm,
heimabíóið er innbyggt.

160.000,-
Lækkun

339.950,-
verð áður 499.950-

**Sony Center Kringlunni**

**www.sonycenter.is sími: 588 7669**








## FRÉTTIR AF FÓLKI



Skilnaður kynbombunnar og leikkonunnar **Carmen Electra** og rokkarans **Daves Navarro** er genginn í gegn. Sjö mánuðir eru síðan þau hættu saman vegna óásættanlegs ágreinings. Electra og Navarro giftust árið 2003. Voru þau á sama tíma stjörnur raunveruleikaþáttarins ´Til Death Do Us Part: Carmen & Dave sem fjallaði um aðdraganda brúðkaupsins. Electra, sem er 34 ára, sló í gegn í sjónvarpsþáttunum Baywatch. Hún var gift körfuboltamanninum **Dennis Rodman** um skamma hríð árið 1998.








# Allt er þá þrennt er

Britney Spears er komin í meðferð aftur. Söngkonan innritaði sig að þessu sinni á meðferðarheimili í Malibu eftir að fyrrverandi eigin-maður hennar, Kevin Federline, hótaði að svipta hana forræðinu yfir strákunum þeirra tveim, þeim Jayden James og Sean Preston.

Samkvæmt bandarískum fjölmiðlum óskaði Federline eftir skyndiréttarhöldum hjá barnadómstól í Los Angeles eftir að söngkonan hafði sýnt vægast sagt undarlega hegðun, skráð sig tvívegis í meðferð á einni viku en á milli þess rakað af sér hárið og látið húðflúra sig með tilþrifum. Talsmaður dómstólsins, Allan Parachini, lýsti því hins vegar yfir á fimmtudaginn að þeim hefði verið frestað af lögfræðingi K-Fed og er talið að eiginmaðurinn fyrrverandi hafi ákveðið að gefa Britney lokatækifæri til að bæta sitt ráð.

Frásögn breska blaðsins The Sun er ögn dramatískari en þar er sagt frá því að Britney hafi keyrt heim til Kevins og heimtað að fá syni sína. Þegar Federline kom ekki til dyra hafi söngkonan látið skapið hlaupa með sig í gönur og látið höggin dynja á ljósmyndara sem var í grenndinni. Að sögn sjónarvotta skakkaði Kevin leikinn og sagði við Britney: „Ef þú ferð í meðferð hætti ég við að fara til dómstóla.“ Britney ku hafa látið segjast og haft sig á brott og skráð sig í kjölfarið á meðferðarheimilið.



**SKILIN** Kevin Federline lítur út fyrir að vera ábyrgt foreldri, annað en fyrrverandi eiginkona hans, Britney Spears.

# Dionysos lýkur Vetrarhátíðinni í kvöld

Franska rokksveitin Dionysos heldur tónleika í Hafnarhúsinu í kvöld. Tónleikarnir eru lokahnykkur Vetrarhátíðar í Reykjavík. Dionysos er frá Valence í Frakklandi og leit fyrst dagsins ljós fyrir tíu árum. Frægðarsól hennar hefur risið hægt og sígandi og nýtur hún í dag töluverðra vinsælda í heimalandi sínu.

Tónlist hennar er sérstök blanda af poppi og þjóðlagarokki, full orku og koma áhrifin víða að. Að mati margra franskra tónlistartímarita er Dionysos ein af bestu frönsku hljómsveitum samtímans og sögð lifandi sönnun þess að frönsk sköpunargáfa lifir enn góðu lífi. Þykir sveitin jafnframt sérstaklega öflug á tónleikum.

Dionysos hefur gefið út fimm plötur og heitir sú nýjasta Monsters In Love og er að hluta til á ensku. Var hún tekin upp í apríl árið 2005 af John Parish, sem hefur áður unnið með Goldfrapp, PJ Harvey og Tracy Champan. Þess má geta að Dionysos vann með upptökustjóranum Steve Albini að metsöluplötu sinni Western sous la neige. Albini er m.a. þekktur fyrir samstarf sitt með Nirvana og Pixies.

Ókeypis er á tónleika Dionysos í Hafnarhúsinu og hefjast þeir klukkan 22.



**DIONYSOS** Franska rokksveitin spilar í Hafnarhúsinu í kvöld klukkan 22.

BYRJAÐU DAGINN Á BÍÓFERÐ › SPARBÍÓ 450kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu á laugardögum og sunnudögum




**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BREAKING AND ENTERING | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | BLOOD DIAMOND | kl. 9:30 | B.i.16 |
| LETTERS FROM IWO JIMA | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.16 | BABEL | kl. 10:40 | B.i.16 |
| PERFUME | kl. 6 - 9 | B.i.12 | FORELDRAR | kl. 6 - 7:50 | Leyfð |
| DREAMGIRLS | kl. 5:30 - 8 | B.i.7 | | | |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BREAKING AND ENTERING | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | BABEL | kl. 8 - 10:40 | B.i.16 |
| BREAKING AND ENTERING VIP | kl. 8 - 10:30 | | VEFURINN HENN... M/- Ísl tal | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| THE BRIDGE TO TERA... | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | Leyfð | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 1:30 - 3:40 | Leyfð |
| HANNIBAL RISING | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 1:30 - 3:40 | Leyfð |
| ALPHA DOG | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.16 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 1:30 | Leyfð |
| PERFUME | kl. 5:20 | B.i.12 | FORELDRAR | kl. 3:40 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 - 10:40 | B.i.16 | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| GHOST RIDER | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.12 | |
| THE BRIDGE TO... | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | Leyfð | |
| HANNIBAL RISING | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.16 | |
| ALPHA DOG | kl. 10:10 | B.i.16 | |
| VEFURINN HENN... M/- Ísl tal | kl. 1:30 - 3:40 | Leyfð | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 1:30 | Leyfð | DIGITAL |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| BRIDGE TO TERABITHIA | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| MAN OF THE YEAR | kl. 8 - 10:20 | B.i. 7 |
| VEFUR KARLOTTU m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - -5:50 | Leyfð |
| ROCKY BALBOA | kl. 8 | B.i. 12 |
| PERFUME | kl. 10:10 | B.i. 16 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BREAKING AND ENTERING | kl 8 - 10 | B.i.12 |
| THE BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| ALPHA DOG | kl 8 | B.i.16 |
| HANNIBAL RISING | kl 10 | B.i.16 |
| VEFURINN HENNAR... Ísl tal | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is


# Jarðsett hjá Daniel



Fjölmiðlafárið í kringum andlát Önnu Nicole Smith virðist seint ætla að fjara út. Miklar deilur standa yfir um hvar eigi að grafa fyrirsætuna og hver eigi að hafa forræðið yfir stúlkubarninu Danniel-ynn.

Dómarinn Larry Seidlin úrskurðaði á fimmtudaginn að lík Önnu Nicole skyldi vera grafið við hlið sonar hennar, Daniel, á Bahama-eyjum. Þeir Howard Stern og Larry Birkhead, sem berjast um forræðið yfir Dannielynn, lýstu báðir yfir að þeir væru samþykkir þessari ákvörðun. „Ég er mjög ánægður með að dómstóllinn skuli virða óskir Önnu," sagði Stern fyrir utan dómhúsið í Florida. Birkhead tók undir þau orð en móðir Önnu Nicole, Virgie Arthur, hefur lýst því yfir að hún muni áfrýja þessari ákvörðun. Dóttir hennar eigi að vera grafin í heimaríki sínu Texas. Afþreyingarþátturinn Insider greindi hins vegar nýlega frá því að Anna Nicole hefði ekkert viljað af móður sinni vita og lýst því yfir að hún fengi aldrei að snerta barnabörnin sín.

**ANNA NICOLE** Jarðsett við hlið sonar síns.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söng- og leikkonan **Jennifer Lopez** kemur fram í sjónvarpsþættinum American Idol hinn 11. apríl. Fetar hún þar með í fótspor þekktra tónlistarmanna á borð við **Prince**, **Mary J. Blige**, **Diana Ross**, **Tony Bennett** og **Gwen Stefani**. Svo gæti farið að eiginmaður Lopez, söngvarinn **Marc Anthony**, kæmi einnig fram í þættinum. Lopez sést næst á hvíta tjaldinu í myndinni Bordertown þar sem hún leikur á móti hjartaknúsaranum **Antonio Banderas**.









## > Valsstúlkur vantar barnapíur

Handboltastelpurnar í Val deyja ekki ráðalausar þó að þær eigi börn sem gerir þeim erfitt fyrir með að komast á æfingar. Þær hafa nú brugðið á það ráð að auglýsa eftir barnapíum á heimasíðu Vals. Okkur er það ljúft að koma þeirri auglýsingu á framfæri hér. Valsstelpur vantar pössun á fimmtudögum á milli 17.00-18.30 en þá æfir liðið í Laugardalshöll. Alls þarf að passa á bilinu fjögur til átta börn og því er þetta tilvalið verk fyrir vinkonur sem vilja næla sér í aukapening. Áhugasamir geta haft samband við Sigríði Jónu í síma 895 9223 eða sent tölvupóst til siggajona@gmail.com



# sport

sport@frettabladid.is

INDÍANA SÓLVEIG MARQUEZ: DÆMDI Í FYRSTA SINN MEÐ KONU KOMIN 18 VIKUR Á LEIÐ

# *Kannski leyndist einn strákur á vellinum*

Körfuboltadómararnir Indíana Sólveig Marquez og Georgía Olga Kristiansen halda áfram að endurskrifa sögu íslenskra körfuboltans því í fyrrakvöld urðu þær fyrstu konurnar sem dæma saman leik þegar þær dæmdu leik bikarmeistara Hauka og Breiðabliks í Iceland Express-deild kvenna. „Ég var mjög ánægð með þetta og það var æðislegt að fá að dæma með Georgíu. Það voru allir mjög ánægðir og það var ekkert tuð í neinum. Allir einbeittu sér að leiknum og þetta var líka mjög hraður og skemmtilegur leikur," sagði Indíana Sólveig Marquez spurð um leikinn.

Indíana játar því þó að þetta hafi verið aðeins öðruvísi en vanalega. „Það var mjög einkennilegt að labba inn á gólfið með annan kvendómara sér við hlið en það var ekkert öðruvísi að dæma leikinn með konu," segir Indíana.

Þeir sem héldu því fram að aðeins konur hefðu verið á vellinum í leiknum gætu þurft að endurskoða þá fullyrðingu. „Ég er komin 18 vikur á leið en ég ætla ekki að fá að vita hvort kynið barnið er. Ég sá að í einni fréttinni stóð að það hefðu bara verið konur á vellinum en það gæti hugsanlega hafa leynst einn strákur þarna með," sagði Indíana hlæjandi en hún býst við að taka sér nú hvíld frá dómgæslunni. „Ég ætla að fara að slaka á. Það er ekkert að mér líkamlega en ég er bara þreytt daginn eftir að ég vinn heilan vinnudag og dæmi síðan leik um kvöldið," segir Indíana sem ætlar að fara að öllu með gát nú þegar hún gengur með sitt fyrsta barn. „Þetta er fyrsta barnið og maður þorir ekki að taka einhverja áhættu," bætir Indíana við. „Ég býst við því að koma sem fyrst aftur inn en það fer bara eftir því hvernig allt saman gengur hvenær það verður," segir Indíana og hver veit að þegar hún snýr aftur þá verði kvenkynsdómararnir orðnir fleiri en tveir.



# Óárennileg Njarðvíkurvörn í æsispennandi leik

**Njarðvíkingar unnu 13 stiga útisigur á nágrönnum sínum í Keflavík í gær og endurheimtu toppsætið. Tony Harris skoraði 15 stig í sínum fyrsta leik fyrir Keflavík.**

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar eru aftur komnir á toppinn í Iceland Express-deild karla eftir 13 stiga sigur á Keflavík, 70-83, í gær. Njarðvíkingar héldu Keflavík í 70 stigum og 33% skotnýtingu á heimavelli og enn ný var það hin óárennilega Njarðvíkurvörn sem reynist andstæðingum þeirra óyfirstíganleg.

Brenton Birmingham fór fyrir jöfnu liði Njarðvíkur og var með 17 stig, 9 fráköst og 5 stoðsendingar. „Það er alltaf frábært að vinna Keflavík sama hver staðan er. Þessi sigur var mjög mikilvægur fyrir okkur í baráttunni um fyrsta sætið og nýtist okkur sem veganesti inn í leikinn á móti KR á mánudaginn," segir Brenton sem liggur ekki á svari spurður um helsta styrk Njarðvíkurliðsins. „Við spilum saman sem lið og það eru allir í okkar liði sem geta klárað leikina. Við treystum á hver annan og enginn þarf að vera stjarnan," segir Brenton og varnarleikurinn spilar þar stórt hlutverk. „Við lokuðum á Snæfell og ætluðum líka að gera það hér í Keflavík og við kláruðum það verkefni," sagði Brenton sem sjálfur hélt Magnúsi Þór Gunnarssyni í þremur stigum. „Ég hef tekið mitt varnarhlutverk mjög alvarlega í vetur og í síðustu leikjum hef ég fengið stór verkefni í vörninni. Magnús er frábær leikmaður og getur hitnað hvenær sem er en ég einbeitti mér að því að gefa honum ekkert," sagði Brenton en Magnús klikkaði á 8 af 9 skotum sínum og var óþekkjanlegur í leiknum.



**FRÁBÆR LEIKUR** Brenton Birmingham skoraði 17 stig úr 9 skotum og hélt Magnúsi Þór Gunnarssyni í 3 stigum. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Brenton var líka ánægður með hvernig gekk að eiga við nýja manninn í Keflavíkurliðinu, Tony Harris. „Við spiluðum góða vörn á hann og gerðum honum erfitt fyrir að fá sín skot," sagði Brenton um Harris sem var með 15 stig en hitti aðeins úr 1 af 6 þriggja stiga skotum. Það má segja að Sebastian Hermanier hafi stolið af honum sviðsljósinu en Hermanier var langbesti maður Keflavíkurliðsins með 32 stig og 11 fráköst.

Auk Brentons voru þeir jeb Ivey (15 stig, 5 stosðendingar), Igor Beljanski (13 stig, 8 fráköst) og Friðrik Stefánsson (12 stig, 11 fráköst, 4 stosðendingar) allir traustir og ungu strákarnir, Guðmundur Jónsson og Jóhann þór Ólafsson, skiluðu báðir 9 stigum, frábærri vörn og miklum baráttuanda til liðsins. ooj@frettabladid.is



**UPP UM 209 SÆTI** Ragna var í 260. sæti á heimslistanum fyrir aðeins fimm mánuðum og er komin upp í 51. sætið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Heimslistinn í badminton:

## Ragna hækkar sig enn

**BADMINTON** Íslandsmeistarinn í badminton kvenna, Ragna Ingólfsdóttir, heldur áfram að hækka sig á heimslistanum í einliðaleik kvenna en nýr listi er kominn út hjá Alþjóðabadmintonsambandinu. Ragna er komin upp í 51. sætið á listanum, hún fór upp um fjögur sæti frá síðasta lista og hefur alls hækkað sig um 19 sæti frá áramótum. Ragna byrjaði tímabilið í 260. sæti og hefur því hækkað sig um 209 sæti á síðustu fimm mánuðum. Þessi góða frammistaða ætti að tryggja Rögnu sæti á Ólympíuleikunum í Peking takist henni að vera meðal fimmtíu bestu spilara heims. - óój

Alexey Kuzmins:

## Enn frá vegna meiðsla

**HANDBOLTI Miðjumaðurinn Alexey Kuzmins hjá Akureyri er enn meiddur og mun ekki geta leikið með Akureyringum í leiknum mikilvæga gegn HK um helgina. Þetta kemur fram á heimasíðu norðanmanna.**

**Kuzmins meiddist á olnboga fyrir um tveim vikum síðan og er ekki vitað hvenær hann verður til í slaginn en það er lágmark vika í endurkomu Lettans.** - hbg



**FYRSTA STÓRMÓTIÐ** Hinn 17 ára gamli Sveinn Elías Elíasson er á leið á sitt fyrsta stórmót. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HM innanhúss í Birmingham:

## Fjórir Íslendingar keppa

**FRJÁLSAR** Frjálsíþróttasamband Íslands hefur valið fjóra keppendur sem keppa fyrir Íslands hönd á Evrópumeistaramótinu innanhúss sem fer fram í Birmingham í Englandi 2. til 4. mars næstkomandi. Þetta eru þeir Björn Margeirsson og Óðinn Björn Þorsteinsson úr FH, Kári Steinn Karlsson úr Breiðabliki og Sveinn Elías Elíasson úr Fjölni. Björn keppir í 1.500 metra hlaupi, Óðinn í kúluvarpi, Kári í 3.000 metra hlauði og Sveinn í 400 metra hlaupi. Þjálfarar verða Eggert Bogason og Stefán Jóhannsson og fararstjóri er Egill Eiðsson. - óój

Ottó Sigurðsson:

## Gekk illa í Portúgal

**GOLF Atvinnukylfingurinn úr GKG, Ottó Sigurðsson, reið ekki feitum hesti frá alþjóðlegu móti í Portúgal.**

**Ottó hafnaði í 39. sæti af 53 keppendum en lokahringurinn hjá honum var mjög slakur en þá kom hann í hús á fimm höggum yfir pari. Ottó lék hringina þrjá á mótinu á 8 höggum yfir pari.** - hbg

Sex félög keppa um nýjan bikar FRÍ í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal í dag:

## Fyrsta bikarkeppnin innanhúss

**FRJÁLSAR** Það verður spennandi keppni í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal í dag þegar fyrsta Bikarkeppni FRÍ innanhúss fer fram. Sex lið taka þátt í keppninni en þau eru sameiginlegt lið Ármanns og Fjölnis, Breiðablik, FH, HSK, HSÞ og ÍR. Það verður keppt um þrjá bikarmeistaratitla, í karla- og kvennaflokki sem og samanlagt í báðum flokkum. Alls verður keppt í ellefu greinum og stigagjöfin er þannig að fyrsta sæti gefur 6 stig, 2. sætið gefur 5 stig og svo framvegis. Það reynir á breiddina í bikarnum því hver keppandi má aðeins taka þátt í tveimur keppnisgreinum, auk boðhlaups. Það er því erfitt að spá um hvaða lið hampar bikurunum. - óój






Tímabilið í uppnámi hjá Wade og Miami Heat:

## Wade frá út tímabilið?

**KÖRFUBOLTI** Hinn frábæri bakvörður NBA-meistara Miami Heat, Dwyane Wade, íhugar þessa dagana að leggjast undir hnífinn til þess að fá varanlegan bata á meiðslum í öxl en hann fór úr axlarlið í vikunni.

Að öllu eðlilegu yrði Wade aðeins frá í sex vikur vegna meiðslanna en hann íhugar nú að fara í aðgerð sem sér til þess að hann mæti sterkari og alveg laus við öll meiðsli næsta tímabil.

Ef Wade fer í aðgerðina er ljóst að Miami ver ekki NBA-titil sinn en liðinu hefur ekki gengið sem skyldi í vetur og er enn í baráttu um að komast í úrslitakeppnina. - hbg



**DWYANE WADE** Hugsanlega á leið undir hnífinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**AÐ FITNA** Það stafar ekki sama ógn af Ronaldinho og áður. NORDIC PHOTOS/GETTY

Spænska blaðið AS:

## Ronaldinho hefur fitnað

**FÓTBOLTI** Brasilíski knattspyrnumaðurinn Ronaldinho hefur fengið mikla gagnrýni eftir 1-2 tap Barcelona á heimavelli gegn Liverpool í Meistaradeildinni og þá hafa spjót spænsku blaðanna einkum beinst að líkamlegu atgervi og formi kappans.

Spænska blaðið AS gekk lengst og birti tvær myndir af Ronaldinho, aðra frá nóvember 2003 og hina frá því eftir leikinn á móti Liverpool. Þar sést mikill munur á Brasilíumanninum sem ætti að rökstyðja þær kenningar að ljúfa lífið utan vallar sé farið að hafa áhrif á leik hans. Sprengikrafturinn og hraðinn eru á undanhaldi og við því má Barcelona-liðið ekki. Læknalið Barcelona hefur ekkert viljað tjá sig um í hvernig formi hann er en myndirnar umræddu segja meira en mörg orð. - óój

John Terry:

## Verður klár um næstu helgi

**FÓTBOLTI Fyrirliði Chelsea og enska landsliðsins, John Terry, verður ekki með Chelsea gegn Arsenal í úrslitum deildarbikarsins á morgun vegna meiðsla.**

**Óttast var í fyrstu að hann yrði frá í nokkrar vikur vegna ökklameiðslanna sem hann hlaut gegn Porto en nú er ljóst að hann verður að öllum líkindum klár í slaginn gegn Portsmouth um næstu helgi.**

**„Ég held að hann muni spila gegn Portsmouth. Ég geng út frá því," sagði Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea. - hbg**



**LOKSINS** Antonio Cassano fær líklega að spreyta sig í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Capello þjálfari Real Madrid:

## Cassano inn úr kuldanum

**FÓTBOLTI** Fabio Capello, þjálfari spænska stórliðsins Real Madrid, stundar það þessa dagana að kalla inn leikmenn sem hann hefur haft út í kuldanum í vetur. Um síðustu helgi tók hann inn David Beckham með góðum árangri og nú er ítalski framherjinn Antonio Cassano kominn inn í hópinn fyrir leikinn á móti Atletico Madrid í kvöld.

Capello lét hafa eftir sér að Cassano væri líkt og Beckham búinn að æfa vel og hefði auk þess misst nokkur kíló. Cassano hefur ekki spilað með liðinu síðan í tapleik á móti Getafe í október. - óój

Gríðarleg spenna er að myndast fyrir botnslag West Ham og Charlton sem fram fer í dag:

# Pardew neitar að rífast við Eggert

**FÓTBOLTI** Það er mikið undir í dag þegar tvö af neðstu liðum ensku úrvalsdeildarinnar, West Ham og Charlton, mætast. Leikurinn er mjög áhugaverður fyrir margra hluta sakir.

Stjóri West Ham er Alan Curbishley, sem gerði hreint ótrúlega hluti fyrir Charlton á sínum tíma en eftir að hann yfirgaf félagið hefur hvorki gengið né rekið hjá því. Stjóri Charlton í dag er svo Alan Pardew, sem var stjóri hjá West Ham þegar Björgólfur Guðmundsson keypti félagið og gerði Eggert Magnússon að stjórnarformanni.

Eggert lýsti yfir miklum stuðningi við Pardew er hann kom til félagsins en rak hann skömmu síðar og réð Curbishley í hans stað. Eggert hefur alveg óumbeðinn hraunað yfir Pardew í bresku blöðunum upp á síðkastið og sagði meðal annars að Pardew hefði misst stuðning leikmanna liðsins. Pardew hefur lítinn áhuga á að rífast við Eggert.

„Ef ég rekst á herra Magnússon þá mun ég vera mjög kurteis. Það þýðir samt ekki að ég sé sammála ákvörðun hans um að reka mig á sínum tíma," sagði Pardew við breska blaðið Mirror. „Ég var ekki sammála þá og verð það aldrei. Engu að síður ber ég engan kala til Eggerts."

Pardew segir að það verði ekki skrítið að ganga til leiks gegn sínu gamla félagi. Hann sé stjóri Charlton í dag og þess vegna hugsi hann um lítið annað. - hbg



**FÉLAGAR** Það fór vel á með Eggerti og Pardew á sínum tíma en Eggert var fljótur að losa sig við stjórann og vinskapurinn því ekki mikill í dag.









HAUKAR

Bikarmeistarar kvenna 2007

ÍR

Bikarmeistarar karla 2007

Lýsing óskar liðsmönnum kvennaliðs Hauka og karlaliðs ÍR til hamingju með stórglæsilega sigra í úrslitaleikjum Lýsingarbikarsins, bikarkeppni KKÍ.
Þar skipti sterk liðsheild og óbilandi sigurvilji sköpum.

**Til hamingju!**

01 · 9586

LÝSINGAR BIKARINN

LÝSING

Fyrri leikirnir í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar í handbolta klárast í dag:

# Tvö Íslendingalið í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar í handbolta

**HANDBOLTI** Átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu hófust í gærkvöldi þegar þýska félagið Flensburg tók á móti spænska liðinu Barcelona. Hinir þrír fyrri leikirnir í átta liða úrslitunum fara síðan fram í dag. Þar eru tvö Íslendingalið á ferðinni.

Ólafur Stefánsson og félagar í Ciudad Real hafa titil að verja og þeir mæta liðinu sem þeir mættu í úrslitum í fyrra - Portland San Antonio. Ciudad fór frekar illa með Portland í úrslitunum í fyrra og Portland, með Ivano Balic í broddi fylkingar, ætlar sér örugglega að hefna. Þessi leikur er í beinni útsendingu á Sýn kl 15.

Ungverska liðið Veszprém tekur síðan á móti þýska liðinu Kiel og að lokum fer fram áhugaverður slagur á Spáni þar sem Valladolid tekur á móti Alfreð Gíslasyni og lærisveinum hans hjá Gummersbach.

„Það er fín stemning í hópnum og við mætum fullir sjáfstrausts til leiks," sagði Guðjón Valur Sigurðsson, fyrirliði Gummersbach, við Fréttablaðið í gær. Hann sat þá í rútu á leið til Valladolid en liðið flaug frá Köln til Madrid og keyrði síðan áfram.

„Þó það hafi verið lítil hvíld eftir HM þá er okkar lið í ágætis standi enda tók Alfreð þá ákvörðun að gefa okkur frí nánast frá lokum HM fram að fyrsta leik. Það var góður leikur enda veitti okkur ekki af fríinu. Við erum ferskari núna fyrir vikið. Stefnan er að ná hagstæðum úrslitum á þessum erfiða útivelli en síðari leikurinn fer fram í Kölnarena þar sem verður stemning," sagði Guðjón Valur. - hbg



**HRESSIR** Þeir Róbert Gunnarsson og Daniel Narcisse verða í eldlínunni með Gummersbach gegn Valladolid í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS





## Gömlu kartöflugeymslurnar öðlast nýtt líf

**Gömlu kartöflugeymslurnar í Ártúnsbrekkunni breytast í sannkallaða listasmiðju á Vetrarhátíð 2007. En þar verður boðið upp á mjög fjölbreytta dagskrá fyrir unga jafnt sem aldna á föstudag og laugardag.**

### Föstudaginn 23. febrúar

17:00 **Ólátagarður.** Samsýning 10 listamanna sem er innblásin af Hip hop menningunni. Sýnd eru verk á striga, fatnað, skúlptúra, videolistaverk og fleira. Lifandi tónlist.

### Laugardaginn 24. febrúar

14:00 - 21:00 **Dýrið í mér.** Samsýning 6 listamanna sem búsettir eru á Héraði og hefur hver og einn listamaður unnið að sérstöku verki sem túlkar titil sýningarinnar. Verkin á sýningunni eru margvísleg, málverk, innsetningar og ljósmyndir.
**Ólátagarður**, samsýningin heldur áfram.

14:00 - 22:00 **Reykjavík 1944.** Árið 1944 tók Loftur Guðmundsson kvikmyndir í Reykjavík. Hann lauk aldrei við verkið og verður afurðin sýnd á Vetrarhátíð á vatnstjaldi.

14:00 **Listræn andlitsmálun og Blöðrufígúrulist.** Ungt fólk frá "Fjölskyldan líknarfélag" verður með listræna andlitsmálun og kynna listgreinina Blöðrufígúrulist sem er nýjung hérlendis.

20:00 **Tíu ára afmæli Dansleikhúss með ekka.**
Um þessar mundir heldur Dansleikhús með Ekka upp á 10 ára afmæli sitt. Á Vetrarhátíð ætlar Ekka að bjóða áhorfendum á uppákomu tengda afmælinu. Margt hefur gerst í þessum geira á síðastliðnum tíu árum og gefin verður innsýn í innviði og sögu leikhússins. Meðal þeirra sem fram koma eru: Kolbrún Anna Björnsdóttir, Aino Freyja, Karen María Jónsdóttir o.fl.

20:00 - 22:00 **Tónleikar - Flís Tríó og Steintryggur.** Flís tríóið leikur spunakennda tónlist sem ber lit af jafn ólíkum stefnum og reggae dub, djassi, afrópoppi og elektrónísku barrokki. Steintryggur er samstarfsverkefni þeirra slagverksmanna Sigtryggs Baldurssonar og Steingríms Guðmundssonar en þeir hafa nú fengið til liðs við sig Ástralann Ben Frost. Búist er við rytmískum áflogum.

POURQUOI PAS? FRANSKT VOR Á ÍSLANDI Reykjavíkurborg spron Orkuveita Reykjavíkur

zetor

Kynntu þér dagskrána á **www.vetrarhatid.is**




**CHRISTIAN SCHWARZER** Ekki dauður úr öllum æðum.

Christian Schwarzer:

## Fer til Kronau Östringen

**HANDBOLTI** Línumaðurinn sterki Christian Schwarzer ætlar ekki að leggja skóna á hilluna þó hann fái ekki nýjan samning hjá Lemgo líkt og félagi hans í landsliðinu, Markus Baur.

Þessi 37 ára gamli kappi hefur ákveðið að ganga í raðir Kronau Östringen næsta tímabil.

Schwarzer er gríðarlega virtur handboltamaður í Þýskalandi og honum er að stóru leyti þakkaður heimsmeistaratitillinn á dögunum enda varð allt endanlega vitlaust í Þýskalandi þegar hann ákvað að snúa aftur í landsliðið í upphafi móts. - hbg

Pavel Nedved:

## Neitaði risaboði frá Chelsea

**FÓTBOLTI Tékkneski miðjumaðurinn Pavel Nedved greindi frá því í gær að hann hefði hafnað risatilboði frá Chelsea síðasta sumar. Hann ákvað þess í stað að leika áfram með Juventus í ítölsku B-deildinni.**

**„Þetta er satt. Ég hefði grætt verulega en eitthvað sagði mér að fara ekki. Ég sé ekki eftir því að hafa verið áfram í Tórínó. Þvert á móti hefði ég aldrei fyrirgefið mér hefði ég yfirgefið skipið," sagði Nedved.**

**Miðjumaðurinn snjalli er orðinn 34 ára og ætlar að spila með Juve í Serie A næsta tímabil en leggur skóna væntanlega á hilluna í kjölfarið. - hbg**



**EKKI EFTIRSÓTT** Ferill Marion Jones hefur legið niður á við í mörg ár. NORDIC PHOTOS/GETTY

Marion Jones aftur ófrísk:

## Hætt að hlaupa

**FRJÁLSAR** Bandaríska hlaupadrottningin Marion Jones hefur lagt hlaupaskóna á hilluna og ætlar að snúa að sér að frekari barneignum. Jones hefur mátt þola orðsporsmissi vegna tengsla sinna við ýmis umdeild lyfjamál og í framhaldinu hefur hún ekki fengið inni á evrópsku mótaröðinni í sumar. Jones vann þrjú gull og tvö bronsverðlaun á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000 en hefur síðan gengið illa að halda sér á toppnum. Í sumar féll hún á lyfjaprófi en það var dregið til baka þegar b-sýnið greindist neikvætt. - óój



**SÚR OG SVEKKTUR** Brasilíumaðurinn Juninho getur sparkað boltanum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Meistaradeildin í fótbolta:

## Frönsk lið fá enga virðingu

**FÓTBOLTI** Juninho Pernambucano, miðjumaður franska liðsins Lyon, kom fram með þá samsæriskenningu að markvisst væri unnið gegn frönsku liðunum í Evrópukeppninni. Juninho var ekki sáttur við enska dómarann Mike Riley, sem dæmdi markalausan leik Roma og Lyon í Róm. Sólarhring áður varð allt vitlaust þegar Ryan Giggs tryggði Manchester United 1-0 sigur á Lille með því að taka aukaspyrnu áður en Lillemenn voru tilbúnir.

„Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með dómarana í leiknum hjá Lille og eftir leikinn okkar sá ég að frönsk lið fá enga virðingu í Evrópukeppninni. Frönsk lið fá bara ekki sömu meðhöndlun og liðin frá Englandi, Spáni eða Ítalíu,“ sagði Brasilíumaðurinn. Juninho var ekki hættur því hann sakaði einnig Philippe Mexes hjá Roma um að reyna viljandi að meiða sig á lokakafla leiksins. - óój

# KR var í besta forminu

Teitur Þórðarson, þjálfari KR, var ánægður með frammistöðu liðsins á æfingamótinu á La Manga en KR tapaði 0-1 fyrir Rosenborg í lokaleiknum í gær.

**FÓTBOLTI** KR-ingar léku síðasta leik sinn á æfingamótinu á La Manga gegn Noregsmeisturum Rosenborgar í gær og urðu að sætta sig við 0-1 tap í góðum leik. Sigurmarkið kom strax á þriðju mínútu en eftir erfiðar upphafsmínútur sótti vesturbæjarliðið í sig veðrið og var nokkrum sinnum nálægt því að jafna leikinn.

„Þetta var þrusugóður leikur hjá okkur. Við vorum bara óheppnir, fáum á okkur klaufalegt mark í upphafi leiks, fáum ekki dæmt víti sem við áttum að fá og nýtum svo ekki algjört dauðafæri í lokin,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, eftir leik en hann sagði liðið hafa verið að spila eins vel og í 4-0 sigrinum á Brann.

„Ég er ofboðslega ánægður með mótið því við erum búnir að standa okkur svakalega vel. Í fyrra mættum við liðunum sem voru í sætum 5 til 8 en nú vorum við að spila við fjögur efstu liðin. Fyrsti leikurinn var mjög góður þar sem við töpum 1-0 fyrir Vålerenga, sem er eitt besta liðið í Noregi. Síðan kemur leikurinn við Lilleström þar sem úrslitin eru miklu verri en leikurinn. Við vinnum síðan Brann 4-0 og töpum síðan naumt á móti Rosenborg. Það er mjög gott,“ sagði Teitur og það besta við ferðina er að hún þjappaði saman liðinu fyrir átök sumarsins.



**Í GÓÐU FORMI** Teitur Þórðarson er búinn að koma sínum mönnum í gott form. Það sýndi sig vel á æfingamótinu á La Manga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þessi ferð skilar okkur miklu. Liðið er að standa sig gífurlega vel og þetta hefur verið frábær ferð til að keyra saman mannskapinn. Ég er sáttur við mjög margt en sérstaklega með móralinn og baráttuviljann í liðinu í síðustu tveimur leikjum. Þeir eiga hrós skilið fyrir það strákarnir,“ segir Teitur, sem segir KR-liðið í betra formi en norsku liðin.

„Við erum að spila þrælvel og höfum verið að taka þessi lið á úthaldinu. Við höfum lent í smá basli með tempóið í byrjun leikjanna en þegar hraðinn minnkar tökum við nánast yfir leikina. Það þýðir bara að við erum í góðu formi og erum með góða grunnþjálfun,“ sagði Teitur, sem er athyglisvert ekki síst þar sem það er styttra í mót hjá norsku liðunum auk þess að þar fara atvinnumenn sem gera ekkert annað en að æfa fótbolta.

KR-ingar koma heim til Íslands seint annað kvöld og spila sinn fyrsta leik í Lengjubikarnum viku síðar. Sá leikur er gegn Þrótti í Egilshöllinni sunnudaginn 4. mars.

ooj@frettabladid.is



**RÍKUR** Michael Jordan á nóg af peningum eftir farsælan feril. NORDIC PHOTOS/GETTY

NBA-körfuboltinn:

## Jordan ætlar að eyða í Bobcats

**KÖRFUBOLTI** Michael Jordan er einn af eigendum NBA-liðsins Charlotte Bobcats og hann gaf það út á dögunum að hann ætlaði að eyða því sem til þyrfti til þess að fá sterka leikmenn til liðsins. Jordan sendi ársmiðahöfum bréf þar sem hann fór yfir framtíðarplönin. Charlotte hefur aðeins unnið 19 af 51 leik í vetur og er í 12. sæti af 15 liðum í austurdeildinni.

„Ef þið þekkið mig þá vitið þið að ég þoli ekki að tapa. Það er ætlun okkar að eyða þeim pening sem þarf til að fá réttu leikmennina til okkar. Við ætlum að bæta við okkur góðum mönnum í nýliðavalinu og næla okkur síðan í leikmenn með lausa samninga,“ sagði Jordan í bréfinu en eins og er borgar Bobcats lægstu launin í deildinni. Það gæti breyst fyrr en varir. - óój

GRÆJUDAGAR
Í HÁTÆKNI

Tilboð á
öllum vörum
Aðeins um helgina

PIPAR • SÍA • 70350

• Flatsjónvörp með allt að 30% afslætti
• Magnarar með allt að 50% afslætti
• Nokia farsímar með allt að 40% afslætti

Hátækni

Tilboðum skolað niður með Coca-Cola

Opnunartími þessa helgi 11 - 18

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

## > SIGOURNEY WEAVER



Susan Alexandra Weaver, betur þekkt sem Sigourney Weaver, fæddist 8. október 1949 í New York. Faðir hennar var sjónvarpsþáttaframleiðandi og móðir hennar bresk leikkona sem fórnaði ferli sínum fyrir fjölskylduna. Sigourney var flutt í einkaskóla vegna eineltis sem hún varð fyrir vegna þess hve óvenjulega hávaxin hún var miðað við aldur. Hún átti ekki langt að sækja leiklistarhæfileikana og hefur hún átt farsælan feril í kvikmyndum, þekktust þó fyrir hlutverk sitt í Aliens. Sigourney Weaver leikur í Tadpole sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR ER UGGANDI UM PRIVATE BLUE RÁSINA SÍNA

# Moral Panic

Hvað næst? Á síðkvöldum skrolla ég stundum á fjarstýringunni en hef, sem tæknijólasveinn, ekki enn fundið út hvernig ég aflæsi Private Blue rásinni sem má finna á Fjölvarpinu. Það skal hafast.
Ég hugsa að hún leiki þar Sandra Cage sem var næstum komin til landsins í heimsókn. Já, ef huglausir stjórnmálamenn, sem vilja vera sjálfum sér samkvæmir í vitleysunni, verða ekki búnir að loka fyrir þá ágætu stöð.
Til er hugtak sem heitir á ensku „Moral Panic“ og lýsir viðbrögðum, til dæmis stjórnmálamanna eða kaupmanna, við upphlaupum háværs minnihlutahóps. Ýkt hrópin, sem oft byggja á rangfærslum, beinast að einhverju tilteknu fyrirbæri eða hópi fólks sem samfélaginu á að stafa mikil hætta af. „Moral Panic“ er ólíkt hugtakinu „Mass Hysteria“ (þegar lýðurinn tryllist) því óttinn sem grípur um sig er ekki almennur heldur bundinn við þröngan hóp sem telur hagsmunum sínum ógnað.
Frétt vikunnar er sú þegar siðprúðir bændur meinuðu hópi erlendra ferðamanna, sem fæst við löglega framleiðslu kláms í sínu heimalandi, að gista í Bændahöllinni. Hrönn Greipsdóttir hótelstýra segir erfitt að taka á móti gestum sem þingflokkar landsins, borgarstjóri og borgaryfirvöld hafa úrskurðað óvelkomna og óæskilega.



Stjórnmálamenn greip „Moral Panic“ nú hálftíma í kosningar. Hlupu eftir háværum hrópum þeirra sem fordæma komu hópsins á hæpnum forsendum. En gáfu óvart skít fyrir hinn þögla meirihluta sem skilur ekki lætin. Því þetta snýst ekki um klám. Framkoman er ruddaleg eins og ungfrú Ponga skipuleggjandi hvataferðarinnar segir og jaðrar við að mannréttindi hafa verið brotin á hópnum. Ekki er annað hægt en hlæja að þeim sem gagnrýndu aðgerðir stjórnvalda í tengslum við komu Falon Gong en styðja þennan fruntaskap. Hentistefna á ekki við þegar mannréttindi eru annars vegar. Samfylking tapar mestu því frjálslynt fólk finnur sér þar ekki húsaskjól lengur. Þar leggja menn ekki í öfgahópinn sem er arfleifð Kvennalistans og fer nú fyrir Samfylkingu. Sjallar sleppa eins og alltaf þó þeir séu í húrrandi mótsögn við eigin stefnu.

## EKKI MISSA AF



▶ 12.15 Man. Utd. - Fulham SKJÁRSPORT



▶ 14.55 Ciudad Real - Portland San Antonio SÝN



▶ 18.10 Vesturálman RÚV



▶ 23.30 The Matrix Reloaded STÖÐ 2



▶ 21.00 Madonna SKJÁR 1

## SJÓNVARPIÐ

**13.00 Bikarkeppnin í frjálsum íþróttum** Bein útsending úr frjálsíþróttahöllinni í Laugardal.
**15.00 Litið um öxl (e)** Heimildamynd um undirbúning Ólympíuleikanna í Aþenu.
**15.55 Íþróttakvöld (e)**
**16.10 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik Vals og Hauka.
**18.00 Táknmálsfréttir**
▶**18.10 Vesturálman** (3:22) (West Wing VII) Bandarísk þáttaröð um forseta Bandaríkjanna og samstarfsfólk hans.
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Jón Ólafs**
**20.20 Spaugstofan**
**20.45 Helen og fósturbörnin** (Raising Helen) Bandarísk bíómynd frá 2004. Ung kona tekur að sér uppeldi þriggja barna systur sinnar og mágs eftir að þau farast í bílslysi. Leikstjóri er Garry Marshall og meðal leikenda eru Kate Hudson, John Corbett, Joan Cusack, Hayden Panettiere, Helen Mirren og Felicity Huffman.
**22.50 Montalbano lögreglufulltrúi - Rödd fiðlunnar** (Il Commissario Montalbano: La voce del violino) Ítölsk sakamálamynd frá 1999 byggð á sögu eftir Andrea Camilleri um Montalbano lögreglufulltrúa á Sikiley sem hér reynir að upplýsa snúið mál.
**00.30 Saga morðingja** (Chopper) Áströlsk bíómynd frá 2000 byggð á sjálfsævisögu glæpamannsins Marks „Choppers“ Read.
**02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Hope Floats** (Vonarneisti)
**08.00 Pretty Woman**
**10.00 Mean Girls** (Vondar stelpur)
**12.00 Tadpole** (Ungi ástmögurinn)
**14.00 Hope Floats** (Vonarneisti)
**16.00 Pretty Woman**
**18.00 Mean Girls** (Vondar stelpur)
**20.00 Tadpole**
**22.00 Cinderella Man** Stranglega bönnuð börnum.
**00.20 Indiana Jones and the Temple of Doom** Bönnuð börnum.
**02.15 The Vector File**
**03.45 Cinderella Man**

## STÖÐ 2

**07.00 Kærleiksbirnirnir** (59:60)
**07.10 Ruff's Patch**
**07.20 Funky Valley**
**07.25 Gordon the Garden Gnome**
**07.35 Töfravagninn**
**08.05 Myrkfælnu draugarnir** (2:11) (e)
**08.30 Engie Benjy**
**08.40 Grallararnir**
**09.25 Justice League Unlimited**
**09.50 Kalli kanína og félagar**
**10.10 Tracey McBean**
**10.25 A.T.O.M.**
**10.50 Swan Princess 3** (Svanaprinsessan) Falleg ævintýramynd.
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**14.25 X-Factor** (14:20) (Úrslit 8)
**15.45 X-Factor - úrslit símakosninga**
**16.15 Dentists from Hell**
**17.05 Sjálfstætt fólk**
**17.45 60 mínútur** (60 Minutes)
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
**19.10 Freddie** (20:22) (Open And Shut)
**19.35 Joey** (4:22)
**19.55 Stelpurnar** (8:20)
**20.20 Uptown Girl** (Hástéttarstúlkan) Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um unga konu, leikin af Brittany Murphy, sem þykir barnaleg í meira lagi, kærulaus og óþroskuð. Hún ræður sig sem barnfóstru 8 ára stúlku sem sem kemur af yfirstéttarfólk og er afburðarþroskuð og alvörugefin. Aðalhlutverk. Brittany Murphy, Marley Shelton, Dakota Fanning. Leikstjóri. Boaz Yakin. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.
**21.55 Empire** (Glæpaveldið) Myrk og trúverðug glæpamynd um ris og hrun glæpaveldis eiturlyfjasalans Victors Rosa, leikins af John Leguizamo (Moulin Rouge, Carlito's Way, E.R.). 2002. Stranglega bönnuð börnum.
▶**23.30 The Matrix Reloaded** (Matrix 2) Einn stórkostlegasti þríleikur kvikmyndanna heldur áfram en þetta er annar hluti sögunnar.
**01.45 Indiana Jones and the Last Crusade (e)** (Síðasta krossferðin)
**03.50 In America** (Í Ameríku)
**05.30 Fréttir**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**16.30 Trading Spouses (e)**
**17.15 KF Nörd** (7:15) (Fjölmiðlafár í Borgarnesi) Nördunum hefur ekki gengið eins vel og þeir vonuðust eftir. Strákarnir eru þó langt frá því vera búnir að gefast upp. Næsta verkefni þeirra er að mæta landsfrægum fjölmiðlamönnum í sannkölluðum hörkuleik. Meðal leikmanna sem þeir mæta eru Hermann Gunnarsson, Simmi Idold, Ívar Guðmundsson á Bylgjunni og margir fleiri.
**18.00 Seinfeld**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Seinfeld**
**19.30 Sirkus Rvk (e)**
**19.55 3. hæð til vinstri** (23:30)
**20.00 South Park (e)**
**20.30 American Dad 3 (e)** Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.
**21.00 The Loop (e)**
**21.30 Smith - NÝTT (e)** Bobby virðist á yfirborðinu vera venjulegur maður. Hann er með góða vinnu, giftur og býr í fallegu húsi í rólegu úthverfi. En það sem fæstir vita er að Bobby er einnig þjófur. Og engin venjulegur þjófur. Ránin hans eru þaulskipulögð og djörf. Hann er þó ekki einn í þessu því Bobby hefur góðan hóp með sér og ekkert verkefni er of stórt fyrir þau. En stóra spurningin er hversu lengi getur Bobby lifað þessu tvöfalda lífi án þess að það komist upp? Flottir þættir um flotta glæpamenn. Með aðalhlutverk fara Ray Liotta (Goodfellas), Virginia Madsen (Sideways) og Amy Smart (Starsky and Hutch.
**23.10 Chappelle's Show 1 (e)**
**23.40 Ali G (e)**
**00.15 Twenty Four** (17:24) (e)
**01.00 Entertainment Tonight (e)**
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**08.45 World Pool Championships (e)**
**10.30 Vörutorg**
**11.30 Rachael Ray (e)**
**15.15 Top Gear - NÝTT (e)**
**16.10 Psych (e)**
**17.00 Parental Control (e)**
**17.25 Last Comic Standing - Lokaþáttur (e)** Bráðfyndin raunveruleikasería.
**18.10 Survivor. Fiji (e)**
**19.10 Game tíví (e)**
**19.40 Everybody Hates Chris - NÝTT (e)** Fyrsti þáttur í nýrri þáttaröð og það gengur á ýmsu hjá Chris og fjölskyldu hans. Whoopi Goldberg leikur gestahlutverk.
**20.10 What I Like About You**
**20.35 Parental Control**
▶**21.00 Madonna: The Confessions Tour Live** Umtöluðustu tónleikar sl. árs. Madonna sló öll met á tónleikaferð sinni um heiminn en hún hélt 60 tónleika og meira en 1,2 milljónir áhorfenda mættu til að sjá poppgyðjuna í sínu besta formi.
**22.50 Songcatcher** Kennslukona heimsækir systur sína í afskekktu fjallahéraði og kemst á snoðir um gamlar ballöður sem gengið hafa kynslóða á milli. Tónlistin gæti fært henni frægð og frama en heimamenn vilja varðveita arfleið sína. Falleg mynd sem hefur fengið frábæra dóma og vann til verðlauna á Sundance kvikmyndahátíðinni.
**00.30 Dexter - NÝTT! (e)**
**01.30 The Silvia Night Show (e)**
**02.00 Nightmares and Dreamscapes (e)**
**02.50 Vörutorg**
**03.50 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

## SKJÁR SPORT

**11.45 Upphitun (e)**
▶**12.15 Fulham - Man. Utd (beint)**
**14.35 Á vellinum með Snorra Má**
**14.50 Charlton - West Ham** Á sama tíma eru eftirtaldir leikir sýndir beint á hliðarrásum. Liverpool – Sheff. Utd og Middlesbrough – Reading.
**16.50 Á vellinum með Snorra Má**
**17.05 Watford - Everton (beint)**
**19.30 Fulham - Man. Utd. (frá í dag)**
**21.30 Liverpool - Sheff. Utd. (frá í dag)**
**23.30 Middlesbr. - Reading (frá í dag)**
**01.30 Dagskrárlok**




Þarf að segja meira?

GALLERÍ KJÖT

Grillaðar lambalundir í barbequesósu

Opið virka daga frá kl 10 -19 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 gallerykjot.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

### Uptown Girl (Háséttarstúlkan)



Gamanmynd frá 2003 fyrir alla fjölskylduna um unga konu, leikna af Brittany Murphy, sem þykir barnaleg í meira lagi, kærulaus og óþroskuð. Hún ræður sig sem barnfóstru átta ára stúlku sem er af yfirstéttarfólki komin og er afburðaþroskuð og alvörugefin. Til að byrja með kemur þessum ólíku stúlkum illa saman en við nánari kynni bindast þær sterkari böndum og fara að hafa góð áhrif hvor á aðra. Aðalhlutverk: Brittany Murphy, Marley Shelton, Dakota Fanning.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ RAISING HELEN RÚV KL. 20.45

Ríkissjónvarpið sýnir í kvöld myndina Helen og fósturbörnin eða Raising Helen eins og hún heitir á frummálinu. Þetta er bandarísk bíómynd frá 2004 sem fjallar um unga konu sem tekur að sér uppeldi þriggja barna systur sinnar og mágs eftir að þau farast í bílslysi. Leikstjóri er Garry Marshall og meðal leikenda eru Kate Hudson, John Corbett, Joan Cusack, Hayden Panettiere, Helen Mirren og Felicity Huffman.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**07.00** Fréttir
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Fréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.00** Fréttir
**09.03** Út um græna grundu
**10.00** Fréttir
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Glæta
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Fréttir
**16.10** Orð skulu standa - Spurningaleikur um orð og orðanotkun.
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Hlustir
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Hugsað heim (6:8)
**21.05** Pipar og salt
**22.00** Fréttir
**22.15** Lestur Passíusálma (18:50)
**22.22** Flakk
**23.10** Danslög
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**08.30 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**08.55 Pro bull riding**
**09.50 World Supercross GP 2006-2007**
**10.45 NBA deildin**
**12.45 Meistaradeild Evrópu -** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu.
**14.25 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk)
▶**14.55 Meistaradeild Evrópu í handbolta** Bein útsending frá stórleik spænsku liðanna Ciudad Real og Portland San Antonio í Meistaradeild Evrópu í handbolta.
**16.35 PGA Tour 2007 - Highlights**
**17.30 Football Icon**
**18.20 Spænski boltinn - upphitun**
**18.50 Spænski boltinn** Útsending frá leik Getafe og Athletic Bilbao á Spáni.
**20.50 World Golf Championship 2007** Bein útsending frá Heimsmeistaramótinu í holukeppni sem fram fer í Kaliforníu. Ástralinn Geoff Ogilvy sigraði Davis Love III í úrslitum mótsins í fyrra en í holukeppni keppa kylfingar maður á móti manni með útsláttarfyrirkomulagi.
**23.30 Box - Shane Mosley vs. Luis Collazo** Útsending frá hnefaleikabardaga.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.30** Palle Gris på eventyr **6.55** Disney Sjov **7.50** Frikvarter **8.15** Barda **8.40** Dragejægerne **9.05** Troldspejlet **9.35** Lovens vogtere **10.00** Børneblæksprutten **10.15** Ungdomsprogram **10.30** Viften **11.00** TV Avisen **11.10** OBS 1**1.15** Kløvedal i Kina **12.15** Mit Danmark **13.10** Boogie Listen **14.10** Heartbreakers **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea **17.00** Mr. Bean **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Mission løveabe **18.30** Max **19.00** Matador **20.20** Kriminalkommissær Barnaby **21.55** Vorherres egen Agnes **23.30** Den 11. time **0.00** Boogie Listen

### NRK 1

**6.45** Pysjpopbaluba **6.55** Bosse **7.05** Harry med bøtta full av dinosaurer **7.15** Mikkes klubbhus **8.00** Jubalong **8.35** Kårni og Børni **8.55** VM på ski 2007 **11.45** V-cup alpint **13.00** VM på ski 2007: Høydepunkter **14.40** VM på ski 2007: Høydepunkter **16.30** Sport i dag **17.00** Barne-tv **17.30** Barna på Luna **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** VM på ski 2007: VM-kveld **19.25** Topp 10 **20.30** Med hjartet på rette staden **21.15** Løvebakken **21.40** Overraskelser til kongen **22.10** Kveldsnytt **22.25** Insider **1.00** VM på ski 2007 **1.30** VM på ski 2007 **3.15** VM på ski 2007: Høydepunkter

### SVT 1

**7.00** BoliBompa **7.01** Meckar-Micke **7.15** Dagens visa **7.20** Zoé Kézako **7.35** I Mumindalen **8.00** Sagoträdet **8.25** Alpint: Världscupen Sierra Nevada **9.30** Riddaren av Pelargonien **9.45** Kolla Gud **10.00** Klister **10.15** Rea **10.40** Amigo **11.30** Nöjesnytt: Melodifestivalen 2007 **12.00** Packat & klart **12.30** Playa del Sol **13.00** Antikrundan **14.00** Uppdrag Granskning **15.00** Saltön **16.00** Så ska det låta **17.00** Disneydags **18.00** Skokartongens hemlighet **18.25** Radiojälpen hjälper **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2007 **20.30** Brottskod: Försvunnen **21.15** Bingo Royale **22.00** Rapport **22.05** Robbery **23.40** Sändningar från SVT24





SPINDLE CLOCK
HÖNNUÐUR
GEORGE NELSON, 1957
VERÐ
35.500 KR.

HEIMILIÐ ER HEILAGT, ÞESS VEGNA SKIPTIR ÖLLU HVAÐ ÞAR ER INNANSTOKKS



FELT SHADE
HÖNNUÐUR
TOM DIXON, 2005
VERÐ
42.500 KR.

BUTTERFLY
HÖNNUÐUR
ALEXANDER TAYLOR, 2006
VERÐ
159.500 KR.





SILLON
HÖNNUÐUR
LIEVORE ALTHERR MOLINA, 2002
VERÐ
STÓLL 179.500 KR. / SKEMILL 65.700 KR.
FÁANLEGUR Í MÖRGUM ÁKLÆÐUM

Nú hefur (**Kokka**) bæst í hópinn með **Lumex, Pennanum** og **Eymundsson** og opnað glæsilega verslun með eldhúsvörur í Saltfélaginu.
Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga, 11-17 laugardaga og 12-16 sunnudaga.**

## PERSÓNAN

*Hrönn Greipsdóttir*



**Aldur:** 40 ára.
**Starf:** Hótelstjóri Hótel Sögu og framkvæmdastjóri Hótel Sögu ehf.
**Fjölskylda:** Gift Sigurði Skagfjörð Sigurðssyni, eiga þrjár dætur.
**Foreldrar:** Greipur Sigurðsson landgræðusluvörður, látinn, og Kristín Sigurðardóttir, nú í sambúð með Werner Rasmussen.
**Búseta:** Frostaskjól í Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Naut.

Hrönn Greipsdóttir þurfti að neita fólki úr klámiðnaðinum um gistingu í vikunni eftir þrýsting frá borgaryfirvöldum og fleirum.

# Túlípanar, ljóð og rauðvín á Alþingi

Leynivinavika hefur staðið yfir á Alþingi undanfarna viku og hafa hinir ýmsu alþingismenn tekið þátt í henni. „Ég fór að fá sendingar frá ágætum leynivini. Hann sendi mér harðfiskpoka og myndarlegan hraunmola með hlýlegri orðsendingu,“ segir Steingrímur J. Sigfússon um þátttöku sína í leiknum. Hafði hann enga hugmynd um hver sendi honum þessar mætu gjafir. „Hann var kannski að höfða til minna tilfinninga sem jarðfræðings og ég verð að hrósa honum fyrir góðan smekk.“ Steingrími var úthlutað leynivini og var það Valgerður Sverrisdóttir. Var hún aftur á móti farin til Afríku og lét hann sér því nægja að hugsa hlýlega til hennar.

Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi, Samfés, sendu tölvupóst á alla þingmenn og var þeim útvegaður einn leynivinur til að gleðja með einhverjum hætti og tóku flestir þeirra vel í hugmyndina. „Ég fóstraði Ágúst Ólaf og það var ekkert leiðinlegt, enda ljúfur strákur þar á ferð,“ segir Ásta Möller. „Ég sendi honum rauðvínsflösku í byrjun vikunnar, sérvalda úrvalsflösku. Síðan keypti ég te í poka með tesíu svo hann geti róað sig líka. Síðan var bankað upp á hjá mér og þá fékk ég heilan túlípanavönd. Á öskudag var mér síðan afhentur stór öskupoki með bognum títuprjóni með grjónum.“ Hafði hún enga hugmynd um hver átti hana sem leynivin.

Guðjón Hjörleifsson var leynivinur Guðrúnar Ögmundsdóttur. „Ég gaf mínum leynivini ljóðabók Elísabetar Jökulsdóttur um konuna í húsinu,“ segir Guðrún. „Svo sendi ég honum mikið af fallegum myndum og gaf honum alls konar orðfæri, sem hann getur notað við ræðuhöld. Ég er sjálf búin að fá uppskrift af karríýsu og ljóð og líka bók um hvernig fer fyrir manni þegar maður verður miðaldra,“ segir Guðrún, en maðurinn á bak við þær sendingar var Hjálmar Árnason. - fb



**ÁSTA MÖLLER** Sendi Ágústi Ólafi sérvalið úrvalsrauðvín og te.

**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Steingrímur fékk harðfisk og hraunmola frá sínum vini.

**GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR** Fékk uppskrift af karríýsu frá Hjálmari Árnasyni.



**LÁRÉTT** 2 staðsetning 6 núna 8 óhróður 9 heiður 11 guð 12 sáldra 14 þróunarstig skordýra 16 tveir eins 17 upphrópun 18 for 20 á fæti 21 litlaus.

**LÓÐRÉTT** 1 hvæs 3 samanburðartenging 4 Afríkudýr 5 skel 7 pirraður 10 regla 13 traust 15 veiði 16 háttur 19 slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 lega, 6 nú, 8 níð, 9 æra, 11 ra, 12 sigta, 14 lirfa, 16 ll, 17 úff, 18 aur, 20 il, 21 grár.
**LÓÐRÉTT:** 1 fnæs, 3 en, 4 gíraffi, 5 aða, 7 úrillur, 10 agi, 13 trú, 15 afli, 16 lag, 19 rá.



**JÓN SIGURÐSSON** Með einu af þeim villtu dýrum sem hann skaut í Suður-Afríku en eins og sjá má er þetta mikil og stór skepna.

JÓN SIGURÐSSON: MEÐ HAUSA HANGANDI UPPI Á VEGG

# Forstjóri Össurar á veiðislóðum í Suður-Afríku

„Þegar menn segjast vera miklir veiðimenn er það svona svipað eins og þegar kylfingar telja sjálfa sig vera góða í golfi. Þá liggur oft ekki mikið að baki slíkum orðum,“ segir Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar. Jón var staddur í hlýjunni í Kaliforníu þegar Fréttablaðið náði tali af honum en þar verður hann næstu misserin. Jón var reyndar hugsi yfir því að tjá sig um veiðimennsku sína á villtum dýrum enda væru Bandaríkjamenn ákaflega viðkvæmir fyrir slíku og eru frægir fyrir andstöðu sína gegn hvalveiðum.

Jón er annálaður veiðiáhugamaður og hefur gert það að venju að fara til Suður-Afríku þar sem hann skýtur villtar skepnur, dýr sem hvergi eru sjáanleg á Íslandi. „Ég hef aðallega verið að skjóta antílópur en ekki lagt út í það að skjóta ljón eða fíla,“ segir Jón enda er misjafnt hvað sé löglegt á hverju svæði fyrir sig. Jón segist í flestum tilvikum gefa innfæddum skrokkana og þá sé líka hefð fyrir því að éta kjötið utan af skepnunum eftir velheppnaða veiðiferð.

En Jón fer þó ekki alltaf allslaus heim. Á heimili hans má sjá höfuð þeirra dýra sem forstjórinn hefur skotið á ferðum sínum. Jón viðurkennir reyndar að hann sé ekkert að flagga þeim og þau séu hvorki inni í stofu né fyrir ofan hjónarúmið. „Konan hefur verið með í ráðum og fær að velja þessa staði,“ segir Jón og hlær.

Dýrin sem skotin eru í Suður-Afríku eru ólík þeim sem finnast hér á Íslandi og flestir Íslendingar hafa eflaust eingöngu séð þau í dýralífsþáttum Davids Attenborough og dýragörðum úti í heimi. „Þetta er ótrúlega gaman þegar maður er í þessu af lífi og sál,“ segir Jón sem hefur stundað skotveiði frá unga aldri. „Ég hafði ekki efni á laxveiðinni á yngri árum og það er kannski fyrst núna sem maður getur leyft sér slíkan lúxus,“ bætir hann við en ef marka má orð forstjórans þá sinnir Jón veiðinni hér heima af miklum þrótti, skýtur rjúpur, hreindýr og gæsir. Reyndar segist Jón vera mikill útivistarmaður almennt og njóti þess að vera úti í guðsgrænni náttúrunni.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ferðaþjónustan er í úlfakreppu eftir að ferðamannahópi tengdum klámiðnaðinum var gert ómögulegt að sækja landið heim. Spjótin beinast að deigum stjórnmálamönnum og Bændasamtökunum sem neitaði hópnum um gistingu í Bændahöllinni. Þeim er nú meðal annars legið á hálsi að vera ósamkvæmir sjálfum sér með klámrás á sjónvarpskerfi hótelsins. Þegar bændur komu saman á sínum tíma til að funda um hvort rétt væri að hafa slíka rás opna kom fram að engin leið væri til að sjónvarpskerfið bæri sig nema hafa slíka rás. Horfðu þá fundarmenn hikandi á hinn afar siðprúða bindindismann og fyrrum framsóknarráðherra **Jón Helgason** frá Seglbúðum og töldu sýnt að þar myndi málið stranda. En þá mun Jón hafa sagt hæglætislega eitthvað á þá leið að það væri nú um að gera að þetta sjónvarpskerfi væri ekki rekið með tapi. Og málið þar með afgreitt.



Þær sögur heyrast nú frá Kóngsins Köben, nánar tiltekið úr herbúðum uppboðshaldarans **Bruun Rassmusen**, að sjaldan eða aldrei hafi annar eins áhugi sýnt sig og í tengslum við verkið Hvítasunnudagur eftir **Kjarval** sem boðið verður upp nú 27. þessa mánaðar. Sjónvarpsgengi hefur boðað komu sína og fjölmargir haft samband og spurt hvernig best sé að bera sig að við að bjóða. Sérfræðingarnir hjá Bruun undrast það að safnstjórinn **Hafþór Yngvason** hjá Listasafni Reykjavíkur hafi lýst yfir opinberlega dásemdum verksins sem hefur skrúfað upp þvílík læti. Þeir dönsku segjast ekki undrast, í ljósi gríðarlegs áhuga, að verkið fari á milljón danskar sem leggur sig á hátt í 15 milljónir með kostnaði og virðisaukaskatti. - jbg











# Unnur andlit íslenska hestsins

Einhver frægasta sýning Bandaríkjanna á ís, Ice Capades, hefur gert samstarfssamning við Icelandics on Ice um sýningar í öllum stærstu borgum Bandaríkjanna. Um er að ræða gríðarlega landkynningu fyrir Ísland og ekki síður íslenska hestinn en reiknað er með að rúmlega 800 þúsund komi til með að berja sýninguna augum. Ráðgert er að senda út til Bandaríkjanna tíu knapa og hestastóð en frægasti knapinn verður sennilega Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, fyrrum alheimsfegurðardrottning. „Já, ég tek þátt í völdum sýningum, aðstoða við markaðssetningu og tek þátt í hestaatriði sem verður mjög flott. Verð svona andlit íslenska hestsins út á við og sýningarinnar,“ segir Unnur Birna. Um er að ræða hundrað sýningar en Unnur mun aðeins taka þátt í þeim stærstu, þar á meðal frumsýningunni sem verður í New York og stórri hestaveislu í Los Angeles.

Annars sagðist Unnur Birna vera að einbeita sér að laganáminu í HR en vildi lítið tjá sig um kvikmyndatilboð frá Bollywood á Indlandi en sögusagnir um það hafa lengi verið á kreiki. „Þetta er á algjöru byrjunarstigi,“ segir Unnur.

Björn Ólafsson, forsvarsmaður Icelandics On Ice, sagði þetta vera einhverja mestu landkynningu sem Ísland hefði fengið í Bandaríkjunum um langt skeið. „Við reiknum með að koma fram í spjallþætti á borð við Good Morning America og svo mætti lengi telja,“ segir Björn en morgunþátturinn er einn sá vinsælasti í bandarísku sjónvarpi. Þá gætu spjallþáttastjórnendur á borð við Jay Leno og David Letterman sýnt þessu einhvern áhuga. „Þetta er kynning í mjög miklu návígi og mikið markaðssett,“ bætir Björn við sem var að vonum ánægður með liðstyrkinn í Unni Birnu. - fgg



**Á HESTBAKI** Unnur Birna er mikil hestaáhugamanneskja og er ekki óvön því að ríða út.

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## VIÐ FELLSMÚLA

## KASTARADAGAR




Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**OPIÐ ALLA DAGA**
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 11:00-17:00

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

# Um Scott

Ég er ekkert sérstaklega hrifinn af því – svo vægt sé til orða tekið - að stjórnmálaflokkar á Alþingi og í borgarstjórn skuli álykta sérstaklega um það hvaða hópar þeir telji að séu velkomnir til landsins og hverjir ekki, eins og gerðist nú í vikunni í tilviki boðaðrar ráðstefnu fólks í klámiðnaði. Ég sé því ekki betur en að ég, á mínum fyrstu metrum í pólitík, sé þar með ósammála í afmörkuðu máli öllum flokkum á Alþingi, því hér myndaðist jú þverpólitísk samstaða.

**ÞAÐ** er e.t.v. full bratt fyrir ungan mann, en hvað um það. Ég er þeirrar skoðunar að ef klámráðstefnan hefði farið fram hér á landi hefði verið eðlilegt, lýðræðislegt og sjálfsagt að fólk stæði fyrir skipulögðum mótmælum og léti vel í sér heyra. Að sama skapi hefði ég líka haft áhuga á því að heyra málsvörn ráðstefnugesta. Rökræða milli tiltekins Scotts Hjorleifssonar eða Cristinu Pong – þeirra sem einna helst hafa verið í málsvari fyrir ráðstefnugesti - og íslenskra femínista í Kastljósi hefði til dæmis getað farið fram af þessu tilefni.

**ÉG** lít svo á að ég búi í opnu samfélagi. Þannig vil ég hafa það. Það þýðir, að mínu viti, að stofnanir eins og Alþingi og borgarstjórn eiga ekki að láta uppi skoðanir á því hvort þær telji einhverja hópa, umfram aðra, óæskilega sem gesti á hótelum hér á landi. Aðeins lögreglan á að taka afstöðu til slíks, og þá á grundvelli laga. Ég tek undir áhyggjur fólks í ferðamannaiðnaði af þessu tilefni. Það biður nú um lista frá borgaryfirvöldum þar sem tilgreint er hvaða hópar eru óæskilegir og hverjir ekki.

**VERÐUR** hér eftir tekin opinber afstaða til þess hvort hópar sem hingað stefna séu óæskilegir miðað við ákveðnar pólitískar og siðferðislegar röksemdir? Hvað ef hópur eins og National Rifle Association (NRA) boðar komu sína hér í skemmtiferð, þjóðernisflokkur Le Pens eða samtök hvítrar kynþáttahyggju? Hvað gera bændur þá?

**ANDÚÐ** fólks á ráðstefnunni er ákaflega skiljanleg. Klám er sóðalegur iðnaður með margar viðurstyggilegar skuggahliðar. Af mínum sjónarhóli hefur hins vegar háværasta andstaðan við ráðstefnuna byggst á þeirri tegund femínisma sem ég get ekki fyllilega skrifað undir. Ég hef lært um femínisma og skrifað um þá stefnu ritgerðir í heimspekinámi. Ég álít mig gallharðan jafnréttissinna.

**ÞAÐ** verður hins vegar ekki framhjá því litið að femínísk umræða t.d. í Bandaríkjunum er mun margslungnari en hér er boðið upp á. Til að mynda er það heitt deiluefni femínista þar í landi hvaða áhrif kynlífsbyltingin upp úr 1970, með tilheyrandi afþreyingariðnaði, hafði á stöðu kvenna. Atburðarásin í liðinni viku lýsti ekki þeirri yfirvegun sem ég myndi vilja sjá, af hendi grundvallarstofnana landsins, í opnu og frjálsu samfélagi gagnvart þannig viðfangsefni, hvað sem mér og öðrum kann persónulega að finnast um Scott Hjorleifsson og hans iðju.

